skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Vímulaus æska

Matur í réttum skömmtum
Borghildur Sverrisdóttir hleypir sprotafyrirtækinu MatAski af stokkunum.
allt 3

FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
20. september 2011
219. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011

Sívinsæll Mugison
Örn Elías Guðmundsson hefur selt sjötíu þúsund plötur á átta árum.
fólk 34

Fjölbreyttar hestaferðir
Ragnhildur Helgadóttir opnar ferðaþjónustuna Víkingahesta.
tímamót 18

Framarar á flugi
Fimm lið eru í fallhættu eftir þriðja heimasigur Framara í röð.
sport 30

veðrið í dag



SKÚRIR SYÐRA Í dag verða suðaustan víða 3-10 m/s. Skúrir S- og SV-til en þurrt og bjart N- og A-lands. Hiti 8-15 stig.
VEÐUR 4

Telja fákeppni á kjötmarkaði og vilja opinbera rannsókn

Samtök verslunar og þjónustu vilja að Samkeppniseftirlitið rannsaki eignarhald á eggja- og kjötmarkaði. Segja krosseignatengsl á markaðnum. Verð á svínakjöti hefur hækkað um allt að 42 prósent síðan í fyrra.

NEYTENDUR Mikil fákeppni ríkir á eggja-, svínakjöts- og kjúklingamarkaði og skýrist það meðal annars af eignarhaldi og miklum krosseignatengslum. Verð á kjöti og eggjum hefur hækkað langt umfram það sem eðlilegt getur talist miðað við þróun verðbólgu og gengis. Þetta er mat Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ) sem kemur fram í beiðni samtakanna til Samkeppniseftirlitsins.

SVÞ sendi kvörtun til Samkeppniseftirlitsins 6. júlí síðastliðinn þar sem óskað er eftir rannsókn á verðhækkunum á svínakjöti, kjúklingakjöti og eggjum. Þar kemur meðal annars fram að Stjörnugrís teljist vera með 70 prósenta markaðshlutdeild á svínakjötsmarkaði og Stjörnuegg með svipaða hlutdeild á eggjamarkaði, en þar er um að ræða sömu eigendur.

> Við viljum vekja athygli eftirlitsins á að þarna eiga sér stað meiri háttar hækkanir…
>
> **ANDRÉS MAGNÚSSON**
> FORMAÐUR SVÞ

„Við viljum vekja athygli eftirlitsins á að þarna eiga sér stað meiri háttar hækkanir, langt umfram það sem almenn verðlagsþróun gefur til kynna," segir Andrés Magnússon, formaður SVÞ. „Núverandi ráðherra hefur breytt úthlutunum á tollkvótum, sem gerir innflutning á vörum mjög erfiðan. Innlendir framleiðendur eru að spila á þetta ástand sem nú ríkir og hækka verð á innlendum vörum í kjölfarið." Engin svör hafa borist SVÞ frá Samkeppniseftirlitinu og ekki náðist í Pál Gunnar Pálsson forstjóra í gær.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir viðvarandi kjötskort og innflutningstolla nú vera að skila sér út í verðlagið á markaðnum.

Verð á kjöti frá framleiðendum til smásala eða sjálfstæðra kjötvinnslna hefur hækkað mikið síðan í júní í fyrra. Þá hefur svínakjöt hækkað mest, um 42 prósent. - sv / sjá síðu 4

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

EYJAMENN Í FARANDSTÚKU Nokkrir aldnir höfðingjar í Vestmannaeyjum leggja meira upp úr þægindum en nálægð við keppnisvöllinn sjálfan þegar þeir fylgjast með fótboltaliði sínu takast á við gesti af meginlandinu. Í gær sátu þeir með kaffibolla í leðurhægindum og horfðu á ÍBV gera jafntefli við KR.

Ánægja með EGF-húðdropa:

Hefur ekki séð betri árangur á ferlinum

HEILSA Ronald Moy, formaður Bandarísku húðlæknasamtakanna, hefur rannsakað virkni íslensku EGF-húðdropanna frá Sif Cosmetics og segir niðurstöðurnar lofa góðu. „Húð þátttakenda varð mýkri, hrukkur minnkuðu og húðin varð sjáanlega þéttari eftir þriggja mánaða notkun," segir Moy. „Þetta er jafnvel betri árangur en áður hefur sést með viðurkenndum aðferðum húðlækna og besti árangur sem ég hef séð á þrjátíu ára ferli."

RONALD MOY

EGF-húðdroparnir, sem byggja á íslensku hugviti, innihalda frumuvaka sem stuðla að endurnýjun húðarinnar. Þeir eru framleiddir úr byggfræjum í samstarfi við ORF líftækni. - ve / sjá allt

Evrópsk bankakreppa gæti haft áhrif á útflutning, ferðamenn og lífeyrissjóðina:

Staða íslensku bankanna góð

EFNAHAGSMÁL Verði bankakreppa í Evrópu að veruleika gæti hún haft talsverð áhrif hér á landi. Íslensku bankarnir myndu þó ekki lenda í viðlíka vanda og aðrir evrópskir bankar, enda staða þeirra önnur eftir hrunið haustið 2008.

Ekki hefur tekist að sefa ótta fjárfesta við skuldakreppu Grikklands. Fari landið í þrot getur það haft mikil áhrif á öfluga evrópska banka sem fjármagnað hafa skuldir gríska ríkisins. Áhrifin af bankakreppu í Evrópu munu án efa teygja sig til Íslands, þó að bankarnir og ríkið séu betur í stakk búin til að standa af sér skertan aðgang að lánsfé og hærri lántökukostnað, segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík.

Íslensk útflutningsfyrirtæki myndu finna verulega fyrir áhrifum slíkrar kreppu. Bæði myndi verð á afurðum þeirra lækka og veiking evrunnar auka enn á áhrifin. Kreppan myndi einnig fækka þeim ferðamönnum sem hingað koma, auk þess sem erlendar eignir lífeyrissjóðanna myndu rýrna, segir Davíð Stefánsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Arion banka.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og öflug evrópsk ríki á borð við Þýskaland og Frakkland reyna nú sitt besta til að slá á áhyggjur markaðarins af stöðu Grikklands. Það er þó ekki einfalt mál. - bj / sjá síðu 6

TENGI
UPPHENGT SALERNI MEÐ SETU
Sphinx

Tilboðsverð kr. 13.900,-
Smiðjuvegi 76 Kópavogi Sími 414 1000
Baldursnesi 6 Akureyri Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS

Páll, fauk í ykkur eftir leikinn?

„Já, við töpuðum auðvitað leiknum og svo þegar kom í ljós að öllum öðrum leikjum var frestað jókst fárviðrið enn meira."

Leikur Vals og Þórs fór fram við hörmuleg veðurskilyrði á Hlíðarenda á sunnudag. Páll Viðar Gíslason er þjálfari Þórs.

Lögreglan kallar eftir gögnum frá dýralækni í kjölfar níðingsverka á hryssum í beitarhólfi í Kjós:

Óþverralegt athæfi sem verður rannsakað

LÖGREGLUMÁL „Þetta er óþverralegt athæfi og lögreglan mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að upplýsa það," segir Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn á höfuðborgarsvæðinu, um níðingsverk sem unnin hafa verið á hryssum í Kjós. Lögreglan mun kalla eftir gögnum frá dýralækni í kjölfar athæfisins. Þá hafa lögreglumenn verið í sambandi við eigendur hryssanna til frekari upplýsingaöflunar. Unnið er að því að reyna að áætla hvenær atvikin áttu sér stað og hverjir voru að verki.

Um miðjan mánuðinn komu eigendur hrossa, sem verið hafa í hagabeit í landi Meðalfells í Kjós, á lögreglustöð og tilkynntu um áverka á þremur hryssum sem taldir eru vera af mannavöldum. Í öllum tilvikunum er um að ræða áverka á kynfærum dýranna, bæði utanverðum og einnig innvortis. Lögreglan hvetur eigendur hrossa til að fylgjast með þeim eins og kostur er og hafa tafarlaust samband við lögreglu í síma 112 ef grunsemdir vakna um dýraníð. Mikilvægt er að lögreglan geti strax kynnt sér aðstæður á vettvangi og aflað nauðsynlegra gagna.

Jafnframt eru hlutaðeigandi beðnir um að fylgjast vel með mannaferðum við beitarhólf og halda til haga upplýsingum um ökutæki og mannaferðir.

Þeir sem kunna að búa yfir upplýsingum um atvikin hér að ofan eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444 1190 á skrifstofutíma eða í síma 444 1180 þess utan. - jss

EFTIRLIT Lögregla hvetur eigendur hrossa til að fylgjast vel með þeim og láta umsvifalaust vita, verði grunsamlegra ferða vart.

Landið þolir hesta verr en fjórhjól

Bændur í Skaftárhreppi hafa eingöngu smalað á fjórhjólum undanfarin ár. Gísli Halldór Magnússon fjallkóngur segir landið þola hesta miklu verr en fjórhjól. Skemmdir sjást á landinu eftir göngufólk á harðbotna skóm.

LANDBÚNAÐUR Hestar eru ekki lengur notaðir við leitir og smölun í Skaftárhreppi. „Menn voru sammála um að fara ekki með hesta á fjall, meðal annars vegna þess að við höfum ekki lengur hesthús við afréttarkofann. Slíkt þótti ekki gott áður fyrr og ekki heldur í dag. Auk þess erum við búin að taka tæknina í þjónustu okkar," segir Gísli Halldór Magnússon, fjallkóngur til 25 ára og bóndi að Ytri-Ásum í Skaftárhreppi, um þá hefð sem skapast hefur við smölunina.

Hann segir fjórhjól hafa verið notuð með hestum til smölunar í aldarfjórðung. „Undanfarin þrjú til fjögur ár höfum við þó eingöngu verið á fjórhjólum."

Fjallkóngurinn segir landið þola hesta miklu verr en fjórhjól. „Ef við værum allir á jálkum væri þetta miklu meira krass. Ég veit að vísu að menn geta gleymt sér augnablik í hita leiksins. Ég hef brýnt fyrir mönnum að vera ekki að trylla á þessu að óþörfu. Það skiptir hins vegar engu þótt það komi för í svörtum sandi."

Gísli Halldór kveðst hafa skoðað vegsummerki eftir sjálfan sig frá því í fyrra. „Ég hafði ekið um á jeppa um grjót og klappir og ofan í dýjamosa. Förin í mosanum voru hræðilega ljót strax á eftir. Þegar ég fór núna til þess að skoða þetta sáust engin för. Svo var útlendingur sektaður í fyrra fyrir að keyra ofan í dýjamosa."

Hann segir mestu förin vera eftir hestahópa. „Það er alltaf verið að hlaða í gamlar brautir. Þá fara hrossin til hliðar og gera aðra braut. Ég get ekki orða bundist þegar ég sé þetta. Núna sjást líka skemmdir eftir göngufólk. Þetta var allt í lagi á meðan allir gengu á venjulegum skóm. Nú þykist enginn geta gengið nema í harðbotna gönguskóm sem valda skemmdum á landinu."

Sigrún Ágústsdóttir, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun, segir heimilt að aka utan vega við landbúnað, sé landið sérstaklega nýtt sem landbúnaðarland. Gæta verði þess þó að túlka ekki undanþágurnar rúmt.

„Það má aka utan vega á ræktuðu landi. Á óræktuðu landi má aka utan vega á landi, utan miðhálendisins, sem sérstaklega er nýtt sem landbúnaðarland ef ekki hljótast af því náttúruspjöll.

Meginreglan er hins vegar sú að bann ríkir við akstri utan vega."

ibs@frettabladid.is

SMÖLUN Bændur í Skaftárhreppi fara ekki lengur með hesta á fjall, heldur eingöngu fjórhjól. MYND/HAUKUR SNORRASON

> Ég hef brýnt fyrir mönnum að vera ekki að trylla á þessu að óþörfu. Það skiptir hins vegar engu þótt það komi för í svörtum sandi.
>
> **GÍSLI HALLDÓR MAGNÚSSON**
> FJALLKÓNGUR

FOLAFLUGA Nýja flugan er mun stærri og skæðari en aðrar tegundir hrossaflugna á Íslandi.

Ófögnuður breiðir úr sér:

Risahrossafluga komin í bæinn

UMHVERFISMÁL Landnám stórrar tegundar hrossaflugu stefnir nú í að verða vandamál. Um er að ræða svokallaða folaflugu sem fyrst sást í Hveragerði fyrir um tíu árum, að því er segir á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Folaflugan breiddist fljótlega út í Ölfusi og er nú farin að sjást á höfuðborgarsvæðinu, bæði í Fossvogsdal og Hafnarfirði.

„Folafluga verður varla til fagnaðar í görðum okkar í framtíðinni, því lirfur hennar geta skaðað garðagróður verulega. Þær eru stórir boltar, mikil átvögl, sem halda sig efst í sverði og naga rótarháls plantna svo þær falla og visna," segir á ni.is. - gar

REYKJAVÍKURBORG

Ekki fleiri borgarfulltrúa

Sjálfstæðismenn óska eftir því að á fundi borgarstjórnar í dag verði skorað á Alþingi að samþykkja ekki lagafyrirmæli sem feli í sér fjölgun borgarfulltrúa í Reykjavík.

Skákeinvígis verði minnst

Á borgarstjórnarfundi í dag verður rædd tillaga sjálfstæðismanna um að þess verði minnst á næsta ári að þá verða fjörutíu ár liðin frá heimsmeistaraeinvíginu í skák milli Bobby Fischer og Boris Spasskí. Efnt verði til sérstakrar afmælisdagskrár og sýningarhalds.

Abbas heldur sínu striki:

Lætur þrýsting ekki hagga sér

BANDARÍKIN, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, átti í gær fund með Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og tilkynnti honum að hann myndi óska eftir viðurkenningu samtakanna á sjálfstæði Palestínu.

Fyrr um daginn sagðist Abbas ekki ætla að falla frá þessum áformum þrátt fyrir mikinn þrýsting sem hann sagðist hafa orðið fyrir.

Bandaríkin og Ísrael eru andvíg því að Palestína fái sjálfstæði og Bandaríkin hafa sagst ætla að beita neitunarvaldi þegar málið verður tekið fyrir í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. - gb

MAHMOUD ABBAS

Obama ver skattatillögur:

Ekki stríð heldur stærðfræði

BANDARÍKIN, AP „Þetta er ekkert stéttastríð heldur stærðfræði," sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti í ræðu í gær, þar sem hann varði tillögur sínar um nýja skatta á auðmenn.

Tillögurnar hafa mætt andstöðu í þinginu en Obama tók skýrt fram að hann myndi beita neitunarvaldi ef þingið kæmist að þeirri niðurstöðu að loka stóru fjárlagagati frekar með því að skera niður bótarétt almennings án þess að hækka skatta á auðmenn. „Við munum ekki gera einhliða samkomulag sem skaðar það fólk sem veikast er fyrir," sagði hann.

- gb

ÚTSALA

Frábært verðlaunagrill fyrir íslenskar aðstæður

39.900
FULLT VERÐ 59.900

Kraftmikið, meðfærilegt og frábærlega hannað gasgrill fyrir heimilið eða í ferðalagið
Frábært á svalirnar, veröndina eða í útileguna

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is

YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA Á ÚTSÖLUNNI

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

Samgöngusögunni haldið lifandi við Örnólfsdalsá hjá Norðtungu í Borgarfirði:

Stálbrú frá 1899 fær andlitslyftingu

MENNINGARMÁL „Það kemur eitt og eitt svona verkefni þar sem verið er að halda við minjum áður en þær fara í vaskinn," segir Guðmundur Sigurðsson brúarsmiður, sem nú annast endursmíði nítjándu aldar stálbrúar í Borgarfirði.

Endurnýjun brúarinnar við kirkjuna í Norðtungu í Þverárhlíð hófst í raun fyrir um fimm árum þegar stálvirki hennar var endursmíðað. Verkið er á snærum minjadeildar Vegagerðar ríkisins. Nú í sumar þótti lag að skipta út gamla stálinu sem var ónýtt og koma því nýja fyrir.

„Nú eru menn í því að raða þessu saman og hreinsa steypu utan af gömlum grjóthleðslum þannig að brúin verður eins og hún var. Burðarvirkið, kaplar og festur eru hins vegar upprunaleg og í góðu lagi," segir Guðmundur.

BRÚIN YFIR ÖRNÓLFSDALSÁ Löngu komin úr vegasambandi en verður varðveitt vegna sögulegs gildis. Örnólfsdalsá rennur í Þverá. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR STEPHENSEN

Brúin yfir Örnólfsdalsá var smíðuð 1899 og er því 112 ára. Hún er ekki lengur í vegasambandi. „Það er verið að lagfæra í kring um kirkjuna í Norðtungu og brúin verður einfaldlega gönguleið yfir ána, sem minjar um fyrri tíð," segir Guðmundur sem segir að endurnýjuninni eiga að ljúka áður en september er á enda. - gar

Fíton / SÍA

	Afsláttardagar
Hagkaup	20. september
IKEA	20.–21. september
Iceland Express (af fargjaldi)	22. september
A4 verslanir	20.–23. september
Tékk Kristall, Laugavegi	20.–26. september
Fasteignasalinn (af sölulaunum)	20.–26. september
Efnalaugin Björg, Álfabakka	20.–26. september
Spássían (af áskrift)	20.–26. september
Árbæjarapótek	20.–26. september
Pfaff	24. september
Saints	23. september
Útilíf	23. september
Karen Millen	23. september
Warehouse	23. september
Top Shop	23. september
Evans	23. september
Dorothy Perkins, Smáralind	23. september
Day, Kringlunni	23. september

Eru konur 90% menn?

Kynbundinn launamunur hjá VR mælist nú ríflega 10% sem er óásættanlegt með öllu. VR vill enn og aftur vekja þjóðina til vitundar um þetta misrétti og hefur fengið öflug fyrirtæki í verslun og þjónustu til liðs við sig.

Hafið er átak þar sem fyrirtækin gefa konum 10% afslátt ofangreinda daga á tímabilinu 20.–26. september

Fyrirtæki í verslun og þjónustu eru hvött til að lýsa stuðningi við átakið og bjóða konum þennan 10% táknræna afslátt á þessu tímabili og um leið full-vissa sig um að jafnrétti ríki innan þeirra eigin veggja.

VR skorar á íslensk fyrirtæki að leiðrétta launamun kynjanna.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

GENGIÐ 19.09.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,55	117,11
Sterlingspund	183,37	184,27
Evra	159,13	160,03
Dönsk króna	21,365	21,491
Norsk króna	20,563	20,685
Sænsk króna	17,344	17,446
Japanskt jen	1,5185	1,5273
SDR	182,89	183,99

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 215,1898

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stuðningsmenn Gaddafís verjast enn í Sirte, Bani Walid og víðar í Líbíu:

Telja Gaddafí vera í Bani Walid

LÍBÍA Bráðabirgðastjórn byltingarmanna í Líbíu telur sig hafa öruggar heimildir fyrir því að Saif al Islam, sonur Múammars Gaddafí, sé í Bani Walid. Líklegt þykir að Gaddafí sjálfur sé þar einnig.

Stuðningsmenn Gaddafís hafa varist hatrammlega í borgunum Bani Walid, Sirte og Sabha, en uppreisnarherinn hefur þó sótt nær þessum borgum dag frá degi.

Abdullah Kenshil, talsmaður þjóðarráðs byltingarmanna, segir að Bani Walid muni falla innan fárra sólarhringa, því einungis fámennt lið stuðningsmanna Gaddafís sé þar enn.

Liðsmönnum Gaddafís tókst þó á sunnudag að hrekja lið uppreisnarmanna frá borginni og skutu meðal annars flugskeytum á innrásarliðið en harðir bardagar héldu áfram í gær.

Samningaviðræður eru sagðar standa yfir um að almennir borgarar fái örugga flóttaleið frá Bani Walid.

Uppreisnarmenn hafa nú þegar náð á sitt vald flugvelli og hallarbyggingu í Sabha og hart er barist við Sirte, fæðingarstað Gaddafís. **- gb**

Á LEIÐ TIL SIRTE Byltingarmenn í Líbíu hafa mætt harðri mótspyrnu stuðningsmanna Gaddafís. NORDICPHOTOS/AFP

Lögregla rannsakar slys:

Höfuðkúpubrot eftir hestaslys

LÖGREGLUMÁL Maður höfuðkúpubrotnaði þegar hann féll af hesti sínum að kvöldlagi um síðustu helgi.

Atvikið átti sér stað við Langholtsveg í landi Ásatúns í Hrunamannahreppi. Félagi mannsins kom að honum meðvitundarlausum. Ekki liggur fyrir hvað gerðist en málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Selfossi. Annað hestaslys varð um helgina er stúlka féll af hesti skammt frá Flúðum. Hún hlaut minni háttar meiðsl. - jss

Húsleit í Langholtshverfi:

Lögregla tók ræktun og efni

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði kannabisræktun í húsi í Langholtshverfi í Reykjavík um helgina.

Við húsleit var lagt hald á kannabisplöntur, græðlinga og ýmsan búnað tengdan starfseminni. Við leitina fundust einnig marijúana og amfetamín. Karlmaður um þrítugt var handtekinn í þágu rannsóknarinnar. - jss

GEGN KJARNORKU Íbúar höfuðborgar Japans fjölmenntu út á götur.

NORDICPHOTOS/AFP

Fjölmenn mótmæli í Tókýó:

Tugir þúsunda gegn kjarnorku

JAPAN, AP Tugir þúsunda manna komu saman í Tókýó í gær til að mótmæla kjarnorku.

Andstaða við notkun kjarnorku hefur vaxið mjög í Japan eftir hamfarirnar fyrr á árinu, þegar kjarnorkuverið í Fukushima eyðilagðist í stórflóði sem kom í kjölfar jarðskjálfta upp á níu stig.

Auk ótta við geislamengun hafa Japanir síðan mátt þola það að rafmagn hafi verið af skornum skammti, enda hafa 30 af 54 kjarnorkuofnum landsins verið teknir úr notkun tímabundið meðan verið er að sinna viðhaldi og fara yfir öryggismál. - gb

Svínakjöt hækkaði í verði um 42 prósent

Verð á svínakjöti hefur hækkað um 42 prósent frá bændum til smásala eða kjötvinnslna síðan í júní 2010. Skortur er farinn að skila sér út í verðlagið, segir forstjóri Haga. SVÞ hafa farið fram á rannsókn á eignarhaldi framleiðenda.

NEYTENDUR „Það er staðreynd að viðvarandi kjötskortur er að hafa áhrif á verðlagið," segir Finnur Árnason, forstjóri Haga. „Þær aðgerðir stjórnvalda sem koma í veg fyrir innflutning birtast nú í því."

Verð á kjöti frá framleiðendum til smásala eða sjálfstæðra kjötvinnslna hefur hækkað mikið síðan í júní í fyrra. Þá hefur svínakjöt hækkað mest, um 42 prósent. Finnur segir að ljóst sé að ekki væri verið að hækka verð á kjöti jafn mikið og raun ber vitni ef framboðið væri nóg til að anna eftirspurn á markaðnum.

Tæplega þrjátíu prósenta samdráttur varð í sölu á lambakjöti í júlí á milli ára og fimmtán prósent í ágúst. Finnur bendir þar á að þetta séu tveir afar söluháir mánuðir, en þó hafi sala á svínakjöti dregist saman um tíu prósent.

„Kjöt er hluti af útgjöldum heimilanna. Það segir sig sjálft að þrjátíu prósenta hækkun á kjötverði í fimm prósenta verðbólgu hefur áhrif inn í vísitöluna," segir Finnur.

Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara, tekur í sama streng. Hann telur víst að skýringin á skorti á lambakjöti í landinu sé aukinn útflutningur.

„27 prósenta samdráttur í sölu á lambakjöti í júlí getur ekki skýrst af neinu öðru," segir Leifur. Samkvæmt nýjustu tölum frá Bændasamtökunum jókst framleiðsla á lambakjöti um 104 prósent á síðasta ársfjórðungi. Framleiðsla á svínakjöti dróst hins vegar saman um tæp sjö prósent.

KJÖT Verð á kjöti hefur hækkað töluvert á síðasta ári, mest á svínakjöti.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Við höfum miklar áhyggjur af því hversu stór aðili er einn að þessum framleiðslumarkaði.
>
> **ANDRÉS MAGNÚSSON**
> FORMAÐUR SVÞ

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) kvörtuðu til Samkeppniseftirlitsins 6. júlí síðastliðinn og óskuðu eftir rannsókn á því sem þau telja óeðlilega verðhækkun á svínakjöti, kjúklingakjöti og eggjum. Í beiðni SVÞ til Samkeppniseftirlitsins kemur fram að mikla fákeppni á markaði megi meðal annars skýra með vísan til eignarhalds á framleiðslufyrirtækjum, en þar séu krosseignatengsl mikil.

„Við höfum miklar áhyggjur af því hversu stór aðili er einn að þessum framleiðslumarkaði," segir Andrés Magnússon, formaður SVÞ, og vísar þar í Stjörnugrís og Stjörnuegg, sem eiga hvort um sig um sjötíu prósenta markaðshlutdeild. „Við teljum að fyrirtækin séu að nýta sér það með hærri verðlagningu að stjórnvöld leggi stein í götu innflutnings."

Ekki náðist í Hörð Harðarson, formann Samtaka svínabænda, í gær. sunna@frettabladid.is

Miklar hækkanir

Upplýsingar um hækkanir á kjöt- og eggjamarkaði frá 1. júní 2010.

Egg	21%
Svínakjöt	42%
Nautakjöt	25-28%
Kjúklingakjöt	20%
Lambakjöt	22%

FORSÆTISRÁÐHERRA Jóhanna Sigurðardóttir er tilgreind sem forseti Íslands hjá tímaritinu Newsweek. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ný úttekt Newsweek:

Best að vera kona á Íslandi

SAMFÉLAGSMÁL Það er best að vera kona á Íslandi af öllum ríkjum heims, samkvæmt nýrri úttekt bandarísku tímaritsins Newsweek.

Í nýjasta tölublaðinu er birtur listi þar sem þjóðum er raðað upp eftir því hve staða kvenna er sterk. Ísland er í fyrsta sæti, Svíþjóð í öðru og Kanada í þriðja. Noregur er í neðsta sæti af Norðurlandaríkjunum, í því sjöunda. Verst er að vera kona í Afríkuríkinu Tsjad.

Úttektin miðar við lagaumhverfi, heilbrigðismál, menntun, atvinnuþátttöku og þátttöku í stjórnmálum. Ranglega er þó hermt hjá Newsweek að Íslendingar séu með kvenkyns forseta. Ekki er vitað hvort það hafi haft áhrif á niðurstöðuna. - sv

UMHVERFISMÁL

Svartfuglastofnar skoðaðir

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur skipað starfshóp sem ætlað er að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað geti að endurreisn svartfuglastofna hér við land. Þá skal hópurinn gera tillögur um hvernig styrkja megi verndun og sjálfbæra nýtingu stofnanna. Hópunum er ætlað að skila tillögum eigi síðar en 31. október.

BRIDS SKÓLINN

Byrjendur ... 26. sept. ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 28. sept. ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Viltu læra brids?** Á námskeiðinu fyrir byrjendur er farið vel yfir leikreglur og undirstöður Standard-sagnkerfisins. Byrjað alveg frá grunni og hægt að mæta ein/einn.
- **Viltu verða betri spilari?** Á framhaldinu er kafað dýpra í Standard-kerfið, auk þess sem fjallað er um samvinnu í vörn og úrspil sagnhafa. Ekki þarf að koma með makker.
- Staður: **Síðumúli 37** í Reykjavík.
- Sjá nánar á **bridge.is** undir "fræðsla".

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

SKIN EÐA SKÚRIR
Ekki mikið að gerast í veðrinu til morguns og næstu daga. Hæglætis veður víða, stöku skúrir og nokkuð milt í veðri. Hins vegar lítur út fyrir stífa norðaustan átt með rigningu á föstudag.



HEIMURINN

Alicante	27°
Basel	20°
Berlín	19°
Billund	16°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	26°
London	18°
Mallorca	29°
New York	21°
Orlando	30°
Ósló	16°
París	22°
San Francisco	25°
Stokkhólmur	15°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

HONDA

The Power of Dreams

Raðaðu þínum þörfum saman
Honda CR-V passar fyrir þær allar
á verði frá kr. **CR-V 5.490.000** *(á mán. kr. 63.315*)*

Sannreyndu hvernig hagkvæmnin á Honda CR-V smellpassar

Rýmið passar fyrir fjöll af hamingju,
fjölstjörnuöryggið fyrir alla fjölskylduna,
sparneytnin fyrir skutlið,
búnaðurinn passar upp á stemmninguna
og allt á Honda-góðu verði.
Passar algjörlega.

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

www.honda.is

* Miðað við óverðtryggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánshlutfall og 8,8% vöxtum. Hlutfallstala kostnaðar er 10,12%. Bíll á mynd: CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, sílsa, hjólboga og aurhlífar.

KJÖRKASSINN

Á að höfða skaðabótamál gegn Bretum vegna beitingar hryðjuverkalaga á Landsbankann?

Já 85,1%

Nei 14,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Óttast þú að ný bankakreppa sé að fara að skella á?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Ný skýrsla varpar ljósi á háa og skaðlega styrki til fiskveiða meðal ríkja ESB:

Háir ríkisstyrkir til sjávarútvegs í Evrópusambandinu

SJÁVARÚTVEGUR Evrópusambandið (ESB) og aðildarríki þess styrktu sjávarútveg í Evrópu um 3,3 milljarða evra, eða jafngildi ríflega 530 milljarða króna, árið 2009. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Oceana-stofnuninni sem er stærsta hafverndarstofnun heims.

„Sjávarútvegi í Evrópu mistekst í flestum tilfellum að skila hagnaði," segir Anne Schroeer, verkefnisstjóri hjá Oceana, og bætir við: „Sjávarútvegurinn er því háður styrkjum frá skattgreiðendum. Styrkirnir hafa svo valdið ofveiði, of stórum fiskiskipaflota, skertri hagkvæmni í greininni og því að mistekist hefur að búa til arð af auðlindinni."

Í skýrslunni segir að sé allt talið til, jafnt styrkir ESB og styrkir einstakra ríkja, sé heildarniðurgreiðsla til sjávarútvegs þrisvar sinnum meiri en yfirleitt sé haldið fram. Það skýrist af því að yfirleitt séu einungis taldir til styrkir frá Evrópska fiskveiðisjóðnum.

Þá kemur þar fram að í þrettán ríkjum ESB sé heildarfjárhæð styrkja hærri en heildarverðmæti fiskafla. Í Finnlandi séu styrkir til að mynda þrisvar sinnum hærri en verðmæti afla. Hæstu styrkina sé aftur á móti að finna á Spáni, í Frakklandi, Danmörku, Bretlandi og Ítalíu.

Endurskoðun stendur yfir á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB. - mþl

FISKVEIÐAR Endurskoðun stendur yfir á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB sem þykir hafa gefið slæma raun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bankakreppa gæti skaðað útflutning og ferðaþjónustu

Breytist skuldakreppan í Evrópu í bankakreppu gæti hún haft áhrif hér á landi. Útflutningsgreinar gætu tekið á sig högg, ferðamönnum gæti fækkað og eignir lífeyrissjóðanna dregist saman, segja hagfræðingar.

FRÉTTASKÝRING

Hvaða áhrif gæti möguleg bankakreppa í Evrópu haft á Íslandi?

Verði evrópsk bankakreppa að veruleika vegna vandræða Grikklands mun hún ekki hafa veruleg áhrif á íslensku bankana. Áhrifa slíkrar kreppu myndi þó gæta á Íslandi þótt höggið yrði ekki neitt nálægt því sem Ísland fékk í október 2008.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) og öflug evrópsk ríki reyna nú sitt besta til að slá á ótta við að ríkisskuldakreppa í Grikklandi leiði af sér bankakreppu í Evrópu. Ótti við slíka kreppu gegnsýrir markaði víða um heim og ljóst er að hingað til hefur mistekist að skapa traust um að grísk stjórnvöld geti greitt af skuldum sínum.

Árið 2008 voru íslensku bankarnir mjög háðir erlendu lánsfé við endurfjármögnun lánaskuldbindinga sinna. Nú skulda bankarnir ekki í útlöndum, og íslenska ríkið hefur fjármagnað sig með samningi við AGS.

Þetta þýðir að þótt fjármálakreppa skelli á nágrannalöndunum muni hún hafa annars konar áhrif á bankana og ríkið en í hruninu, segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík. Hún geti haft í för með sér skertan aðgang að lánsfé og hærri lántökukostnað.

Fjármálakreppa í nágrannalöndunum myndi þrátt fyrir það hafa áhrif hér á landi. Til dæmis myndu útflutningsfyrirtæki fá lægra verð fyrir framleiðslu sína. Mögulega myndi fallandi gengi evrunnar ýkja upp þau slæmu áhrif. Kreppan myndi væntanlega fækka ferðamönnum sem hingað koma, segir Ólafur.

Davíð Stefánsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, tekur undir þessi sjónarmið og bendir að auki á að íslensku lífeyrissjóðirnir eigi enn talsverðar eignir erlendis. Búast megi við að verðmæti þessara eigna rýrni í bankakreppu.

Þegar kreppan skall á á Vesturlöndum árið 2008 stóðu ríkin almennt sterkt og gátu brugðist hratt við til að takmarka skaðann, til dæmis með því að bjarga bönkum og öðrum mikilvægum fyrirtækjum. Nú er önnur staða uppi, og mörg Evrópuríki eru svo skuldsett að þau eiga ekki möguleika á að bregðast við með áhrifaríkum hætti, segir Davíð.

Snýst um pólitískan vilja og getu

AGS og öflug evrópsk ríki leggja nú gríðarlega áherslu á að byggja upp traust á fjármálakerfinu og því að Grikkland geti staðið við sínar skuldbindingar. Ólafur segir að tilkynna verði um aðgerðir en óvíst sé að það takist.

Lagt hefur verið til að evrópsk ríki standi fyrir sameiginlegu skuldabréfaútboði en það hefur hlotið misjafnar undirtektir.

Spurningin er einkum sú hvort stjórnmálamennirnir hafi vilja og getu til að bjarga fjármálakerfinu. Þar mæðir mikið á Þýskalandi, en nú virðist Angela Merkel, kanslari Þýskalands, í vandræðum heima fyrir þar sem kjósendur virðast óttast að hún gangi of langt í að nota fé þýskra skattgreiðenda til að leysa vanda annarra ríkja.

„Það þarf ekki bara pólitískan vilja til að leysa þennan vanda, það þarf líka pólitíska getu. Markaðirnir telja að annað af þessu skorti og þess vegna hafa þeir ekki róast," segir Ólafur.

Fulltrúar G20, tuttugu stærstu iðnríkja heims, hittast í Washington á fimmtudag til að ræða aðgerðir til að koma í veg fyrir bankakreppu. Fjárfestar bíða óþreyjufullir niðurstöðu fundarins. brjann@frettabladid.is

NORDICPHOTOS/AFP

MÓTMÆLI Niðurskurður og skattahækkanir gríska stjórnvalda hafa fallið í vægast sagt grýttan jarðveg heima fyrir, þótt öðrum ríkjum þyki ekki nægilega langt gengið. Áletrunin á einu skiltanna á myndinni er táknræn, þótt hún virðist vera tilvísun í frægan lagatexta Leonards Cohen. Þar segir: „Fyrst tökum við bankana, svo tökum við Berlín."

Hafa fjármagnað skuldir óreiðuríkja

Stórir evrópskir bankar gætu komist í hann krappan fari gríska ríkið í þrot, eins og markaðir virðast óttast. Ástæðan er sú að bankarnir hafa keypt talsvert af skuldabréfum gríska ríkisins, sem og raunar spænsk og portúgölsk skuldabréf. Það þýðir að bankarnir hafa fjármagnað skuldir þessara ríkja.

Fari eitthvert þessara ríkja í þrot tapa þeir bankar sem hafa lánað þeim peninga. Þó að þessar skuldir séu ekki hlutfallslega háar miðað við umfang evrópska bankakerfisins gætu þær haft þau áhrif að traust á bönkunum hryndi, segir Davíð Stefánsson, hagfræðingur hjá greiningardeild Arion.

Þannig getur óttinn við að ákveðinn banki standi ekki af sér greiðsluþrot ríkis eins og Grikklands haft þau áhrif að fólk treysti ekki bankanum, með hörmulegum afleiðingum fyrir þann banka.

Evrópskir bankar standa margir hverjir tæpt að því leyti að þeir eiga takmarkað eigið fé og þurfa því að geta fjármagnað sig með lánum. Ef það gengur illa sökum lítils trausts geta bankar þurft að selja eignir, sem aftur leiðir til lækkandi verðs á eignum.

Matthías Imsland hættur:

Iceland Express fær nýjan stjóra

FÓLK Matthías Imsland er hættur sem forstjóri Iceland Express. Við starfi hans tekur Birgir Jónsson. Að því er segir í fréttatilkynningu frá félaginu var Birgir forstjóri þess á árunum 2004 til 2006 og þekkir því vel til starfseminnar. Undanfarin ár hafi Birgir verið forstjóri Infopress Group, eins stærsta prentfyrirtækis í Austur-Evrópu.

MATTHÍAS IMSLAND

„Ég mun leggja áherslu á að auka gæði þeirrar mikilvægu þjónustu sem félagið býður upp á. Það verða gerðar ákveðnar breytingar á rekstrinum sem koma munu í ljós á næstu vikum og mánuðum," er vitnað til Birgis í tilkynningu Iceland Express.

- gar

Maður á sjötugsaldri ákærður:

Ógnaði fulltrúa sýslumannsins

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á sjötugsaldri fyrir brot gegn valdstjórninni.

Manninum er gefið að sök að hafa hindrað fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík og aðstoðarmann fulltrúans við framkvæmd aðfarargerðar, með því að nálgast þá ógnandi og trylltur í framkomu, skipa þeim að fara í burtu og reyna að varna þeim aðgengi að dráttarvél.

Jafnframt að hafa veist að lögregluvarðstjóra, ógnað honum með veiðihníf, reynt að veitast að honum með naglaspýtu og jafnframt með því að hóta honum lífláti og líkamsmeiðingum.

Maðurinn neitaði sök við þingfestingu málsins. - jss

Nærri tvær milljónir hrekjast að heiman eftir monsúnflóð annað árið í röð:

Stjórnvöld virðast ráðþrota

PAKISTAN, AP Flóðin í Pakistan hafa kostað meira en 200 manns lífið síðustu vikurnar. Nærri 700 þúsund heimili eru ónýt og hátt í tvær milljónir manna hafa hrakist að heiman.

Þetta er annað árið í röð sem stórflóð herja á íbúa landsins. Stjórnvöld virðast varla ráða við að takast á við þennan vanda.

Monsúnrigningarnar hófust í byrjun ágúst og nú er svo komið að neyðarástand ríkir víða í landinu.

„Fyrst byrjaði regnið, svo tók vatn að safnast saman hér og hvar og seinna kom flóðið," segir Mohammad Hashim, sem sat við vegarkant í Badin-héraði, þar sem ástandið er mjög slæmt.

„Við fengum enga aðstoð. Við erum hjálparvana og höfum ekkert að borða lengur. Hvert getum við farið?"

Sumir staðir sem urðu illa úti í flóðunum í fyrra eru komnir á kaf annað árið í röð. Aðrir staðir sem hafa orðið einna verst úti í ár sluppu í fyrra.

ALLT Á FLOTI Íbúar í Badin, skammt frá Hyderabad, þurfa að vaða vatnið til að komast leiðar sinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Sameinuðu þjóðirnar lýstu á sunnudag yfir neyðarástandi og biðja um fjárframlög. - gb

Streita og svefntruflanir

Hvað er til ráða?

Námskeið dagana 29. sep, 4 okt og 6 okt kl. 20.00

Erla Gerður Sveinsdóttir, yfirlæknir HNLFÍ og Heilsuborgar

Magna Friður Birnir, hjúkrunarforstjóri HNLFÍ

Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri HNLFÍ og Heilsuborgar

Verð 5.800 kr.
vikupassi í heilsuræktina fylgir

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010

HEILSUBORG
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is

Audi Q7 3.0 TDi
Árgerð 2010, dísel
Ekinn 17.000 km, sjálfskiptur

Ásett verð
11.890.000,-

NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!

MM Pajero 3.5 GLS 33”
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 97.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
2.890.000,-

VW Caddy Life TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 161.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.590.000,-

VW Touareg
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 92.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
3.550.000,-

VW Polo 1.4 Comfl. 5 gíra 85 Hö. Árgerð 2010, bensín
Ekinn 42.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-

MM Outlander
Intense. Árgerð 2007, dísel
Ekinn 80.000 km, beinsk.

Ásett verð
3.090.000,-

Toyota Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
6.850.000,-

Audi A3 TFSI
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 25.000 km, beinsk.

Ásett verð
3.290.000,-

MM Pajero Instyle
Árg. 2008, dísel
Ekinn 85.000 km, sjálfsk.

Ásett verð
6.550.000,-

VW Passat Comfort 4Motion. Árgerð 2006, bensín
Ekinn 64.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.790.000,-

VW Sharan TDi
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 78.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.990.000,-

VW Polo 1.4 Comfl. 5 gíra 85 Hö. Árgerð 2010, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.

Ásett verð
1.990.000,-

MM Lancer
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.

Ásett verð
2.690.000,-

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Komdu og skoðaðu úrvalið!
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

Kíkið inná:
heklanotadirbilar.is

Stórmerkileg uppgötvun vísindamanna bandarísku geimvísindastofnunarinnar:

Reikistjarna á braut um tvær sólir

VÍSINDI Bandaríska geimvísindastofnunin (NASA) tilkynnti fyrir skömmu um fund reikistjörnu sem gengur á braut um tvær sólir.

Reikistjarnan er í 200 ljósára fjarlægð frá jörðu, úr gasi og bergi, og á stærð við Satúrnus. Hún uppgötvaðist með Kepler-geimsjónaukanum og ber nafn hennar, það er Kepler-16b.

Sólir Kepler-16 eru báðar minni en sól okkar jarðarbúa. Sú stærri þeirra er um það bil 70 prósent af stærð okkar sólar og sú minni, sem er svokallaður rauður dvergur, er um fimmtungur af stærð okkar sólar.

Þess vegna er Kepler-16b kaldari en jörðin og sennilega of köld til að líf geti þrifist þar. Þessi uppgötvun þykir einstök þar sem hún staðfestir tilvist slíkra fyrirbæra, sem hafa hingað til aðeins verið til í ævintýrum líkt og Star Wars, en á Tattooine, heimaplánetu Lukes Skywalker, bar einmitt tvær sólir við himinn. - þj



TVÆR SÓLIR Reikistjarnan Kepler-16b gengur á braut um svokallað tvístirni, eða tvær sólir. Hún er í um 200 þúsunda ljósára fjarlægð. Myndin er útbúin af starfsfólki NASA. MYND/NASA

Samþykkt menntamálaráðs um niðurstöður úr samræmdum lestrarprófum:

Foreldrar fá niðurstöður lesskimunar

MENNTAMÁL Menntaráð Reykjavíkur hefur samþykkt tillögu sjálfstæðismanna og vinstri grænna um að fela skólastjórum að sjá til þess að niðurstöður lesskimunarprófs verði kynntar fyrir nemendum og foreldrum. Lesskimunarpróf er notað til þess að meta líkur á lestrarörðugleikum nemenda þegar við upphaf skólagöngu og bregðast við áður en í óefni er komið.

„Það hefur aldrei áður verið samþykkt jafnákveðin tillaga um að svona verði gert. Þetta hefur verið sett í sjálfsvald skólastjórnenda og ég held að þetta hafi verið mjög misjafnt milli skóla. Það er auðvitað mikilvægt að foreldrar fái að vita um niðurstöður hjá sínum börnum og ég held að það sé mjög hollt að sjá hvernig þeirra skóli stendur sig í samanburði við aðra. Þá hafa foreldrafélög öflug gögn í höndunum ef ræða þarf við kennara eða skólastjóra," segir Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Hann leggur áherslu á að meginmarkmiðið sé að finna þá sem þurfi sérstaka aðstoð. „En foreldrar vilja líka vita hvort frammistaða barnsins er í meðallagi eða hvort það stendur sig vel. Ég heyri á foreldrum að þeir vilja vera í meira sambandi við skólana og fá tíðari upplýsingar um hvernig börnunum gengur. Ef við fáum svona upplýsingar jafnt og þétt sjáum við í hvaða fögum við þurfum að hjálpa börnunum okkar. Upplýsingarnar eiga ekki bara að gilda um niðurstöður úr lesskimun." - ibs

UNGIR NEMENDUR Niðurstöður lestrarprófs sem lagt var fyrir börn í sjö ára bekk síðastliðið vor sýna að 71 prósent þeirra geta lesið sér til gagns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Japanese HM Carbon
84 grömm
Xtreme Tension Frame
Handsmíðaður
Leiðb. verð 34.990.-

Japanese HM Carbon
87 grömm
Xtreme Tension Frame
Head Light
Leiðb. verð 15.990.-

Graphite
87 grömm
Head Light
Leiðb. verð 12.990.-

One piece Titanium
97 grömm
Head Light
Leiðb. verð 6.990.-

Áltitanium með Graphite skafti
90 grömm
Head Light
Leiðb. verð 4.990.-

Áltitanium með stálskafti
100 grömm
Head Light
Leiðb. verð 3.490.-

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

Ljósmynd: Ólöf Vala Sigurðardóttir

FENGU DRAUMASTARFIÐ AÐ LOKNU NÁMI HJÁ NTV!

Kerfisstjóri (2 annir)

365 stundir - Verð: 539.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast góðan og víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu á meðan á námi stendur. Ennþá eru laus sæti á næstu námskeið.

Morgunnámskeið byrjar 4. október

Kvöld- og helgarnámskeið 10. október

MCTS og Network+

108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvukerfa.

Morgunnámskeið byrjar 1. nóvember

Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 7. nóvember

Tölvuviðgerðir

72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia.

Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband.

Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

Morgunnámskeið byrjar 4. október

Kvöld- og helgarnámskeið 10. október

Microsoft CERTIFIED Learning Solutions Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv

FRÉTTASKÝRING: Áætlun um enduraðlögun afganskra uppreisnarmanna

Snúa vopnlausir heim – eða því sem næst

Afgönskum uppreisnarmönnum sem vilja snúa baki við líferni sínu býðst nú að leggja niður vopn og fá í staðinn aðstoð frá yfirvöldum við að koma undir sig fótunum á nýjan leik. Þeir fá að halda einum riffli til að verjast hefndaraðgerðum. Verkefnið er dýrt og umdeilt en hefur laðað að á þriðja þúsund þátttakendur.

SAGT SKILIÐ VIÐ UPPREISNINA Ellefu uppreisnarmenn úr röðum talibana gengu ríkinu á hönd við formlega athöfn í borginni Herat 28. ágúst síðastliðinn. Þeir geta átt von á ofsóknum fyrrverandi samherja sinna í uppreisnarliðinu en eru reiðubúnir að leggja það undir í von um hefðbundnara líf. NORDICPHOTOS/AFP

Áætlað er að á þriðja tug þúsunda virkra uppreisnarmanna haldi um þessar mundir til víðs vegar um Afganistan og ekki síst í fjallahéruðunum á landamærunum við Pakistan. Aðrar leiðir en bardagar og ofbeldi eru færar til að höggva skörð í raðir þeirra og þess vegna setti alþjóðaherliðið í landinu í fyrra á laggirnar sérstaka áætlun um enduraðlögun uppreisnarmanna. Áætlunin er umdeild en hefur þó skilað á þriðja þúsund manna aftur heim til samfélaga sinna.

Ekki háttsettir stríðsherrar

Hugmyndin með enduraðlögunaráætluninni er einföld: að sannfæra lægra setta uppreisnarmenn um að snúa baki við líferni sínu og flytja aftur í heimahagana. Því var lýst fyrir okkur víðast hvar þar sem verkefnið bar á góma að þessi möguleiki höfðaði eins og gæfi að skilja nær einvörðungu til þeirra uppreisnarmanna sem ekki berðust gegn ráðandi öflum af eldheitri hugsjón heldur hefðu hrakist í fang talibana og annarra uppreisnarherja af öðrum völdum, til dæmis bágra félagslegra kringumstæðna og atvinnuleysis. Þeir eru ekki þaulskipulagðir stríðsglæpamenn heldur fyrst og fremst fórnarlömb aðstæðna.

Skráning í verkefnið fer fram í miðstöðvum sem alþjóðaherliðið hefur komið upp um allt land en eru reknar af heimamönnum. Þangað geta uppgjafaruppreisnarmenn leitað og falast eftir þátttöku í verkefninu, sem er metnaðarfullt í meira lagi. Heilum 200 milljónum dala, jafnvirði um 23 milljarða íslenskra króna, hefur verið lofað til uppbyggingar þess og þróunar fram til næsta árs.

Ströng skilyrði fyrir þátttöku

Ferlið gengur þannig fyrir sig að uppreisnarmaðurinn mætir í viðtal í miðstöðinni. Hann þarf að geta fært sönnur á að hann sé afganskur, því menn vilja síður opna gátt fyrir flóttamenn frá nálægum ríkjum inn í dýrt hjálparstarf af þessu tagi. Þannig er einmitt litið á verkefnið – sem eins konar hjálparstarf.

En skilyrðin eru fleiri. Í fyrsta lagi þarf viðkomandi að vera vottaður af svokölluðu shira-ráði, skipuðu málsmetandi mönnum í þorpinu sem hann hyggst snúa aftur til. Þeir þurfa að skrifa upp á að vilji hans standi sannarlega til þess að snúa við blaðinu og að þeir treysti honum til þess. Þeir mega ekki vera of ungir og ekki of gamlir, og áður en umsóknin er samþykkt fer fram viðamikil athugun á bakgrunni þeirra til að ganga úr skugga um að þeir hafi sannarlega verið liðsmenn uppreisnarhers en ekki ótíndir glæpamenn.

Umsækjandinn þarf líka að samþykkja að melda sig mánaðarlega við umsjónarmenn verkefnisins og sýna í hvert sinn fram á að hann hafi í raun slitið öll tengsl við uppreisnarmenn. Hann þarf að fallast á að skila inn til afganska ríkisins öllum þungvopnum sem hann kann að búa yfir en fær þó að halda eftir einum skráðum hríðskotariffli – oftast nær af gerðinni AK-47 – til að vernda sig og fjölskylduna.

Fá fimmtán þúsund á mánuði

Riffillinn kemur stundum að góðum notum þar sem liðhlaupar úr röðum uppreisnarmanna geta átt von á hefndaraðgerðum fyrrverandi félaga sinna.

Hótanir eru tíðar og jafnvel hafa borist fregnir af þeim sem svíkjast undan sé rænt eða þeir myrtir.

En hvers vegna skyldi vera nokkur hætta á að verða andlag ofsókna uppreisnarmanna fyrir það eitt að friðmælast við ríkið og alþjóðaherinn? Hvað fá þeir í staðinn?

Styrk frá ríkinu, til að byrja með. Hann er ekki hár, einungis um 120 dalir á mánuði – sem jafngildir tæpum fimmtán þúsund krónum. Vissulega má gera meira fyrir það fé í afskekktum héruðum Afganistans en í miðborg Reykjavíkur en upphæðin er engu að síður lág. Meira þarf því að koma til.

Oft heillar það unga uppreisnarmenn að snúa aftur í faðm ættingja sína, sérstaklega ef þeim er hjálpað til við að koma undir sig fótunum. Og það gera yfirvöld, ekki bara með fyrrnefndum styrk, heldur einnig með því að útvega þeim vinnu, til dæmis við jarðsprengjuleit.

Hundruð manna á einu bretti

Vel á þriðja þúsund fyrrverandi uppreisnarmanna hafa nú snúið við blaðinu, að minnsta kosti í orði. Heildarfjöldi uppreisnarmanna í landinu liggur ekki fyrir en sé miðað við algengustu áætlanir þýða þessar tölur að um tíu prósent þeirra hafa tekið þátt í enduraðlögunarverkefninu stórtæka.

Langstærstur hluti þeirra er úr tveimur héruðum í norðanverðu landinu, Kunduz og Baghlan. Reynslan hefur sýnt að þeir koma og skrá sig í kippum, yfirleitt nokkrir tugir í einu með einn talsmann.

Þegar við vorum í Kabúl fengum við að vita að viku síðar væri von á einum allra stærsta hópnum til þessa, um 200 uppreisnarmönnum, að samningaborðinu í borginni Herat í austanverðu landinu.

Ógagnsætt og ómarkvisst

Verkefnið hefur sætt töluverðri gagnrýni fyrir ýmsar sakir, einkum þó fyrir ógagnsæi og óljós markmið.

Óljóst sé hvert allir þessir fjármunir renni og forsvarsmenn verkefnisins hafa viðurkennt að það verði þeim erfitt að fylgjast náið með árangrinum á næstu árum, til dæmis hvort þátttakendur fari aftur út af sporinu, enda sé nánasta utanumhald þess á hverjum stað í höndum heimamanna. Þá segja margir verkefnið í raun ganga út á að greiða uppreisnarmönnunum fyrir að leggja niður vopn. Þessu hafa forsvarsmennirnir ætíð neitað og bent á hversu lágar greiðslurnar séu. Þær þjóni einungis þeim tilgangi að aðstoða menn sem vilji í raun snúa baki við uppreisninni við að fóta sig í lífinu á nýjan leik.

Þeir sem rætt var við voru hins vegar óþreytandi við að benda á að enduraðlögun af þessu tagi – að fara aftur að rækta heimahagana í stað þess að berjast – væri síður en svo ný af nálinni. Þúsundir uppreisnarmanna hefðu tekið upp á því hjá sjálfum sér á undanförnum tíu árum. Nú fyrst væri hins vegar verið að reyna að ná til þeirra sem þyrftu hvatningar við.

3. hluti
AFGANISTAN

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

Næstu daga mun Fréttablaðið fjalla nánar um ástandið í Afganistan – helstu vandamálin sem við er að etja og glímuna við þau.

20-60% afsláttur

Nasran fatnaður
– jakkar, buxur og vettlingar

SixSixOne
Peysubrynjur, plastbrynjur, nýrnabelti, vetlingar, olnboga og hnéhlífar

AGV hjálmar
Lokaðir hjálmar, opnanlegir, vespuhjálmar, motocrosshjálmar og gler

Varahlutir í fjarstýrða bíla
Traxxas, GS varahlutir, dekk og felgur

Borgartún 36
105 Reykjavík
588 9747
www.vdo.is

VDO Offroad Line

Úr uppreisn í sprengjuleit með bros á vör

Í sandauðn nokkrum mínútum utan við Kabúl sitja tugir manna á hækjum sér með plasthlífar fyrir andlitinu og krafsa í jarðveginn með fíngerðum verkfærum. Hlífarnar eru strangt til tekið óþarfar, enda eru jarðsprengjurnar undir yfirborðinu allar óvirkar – en æfingin verður að vera sem allra raunsönnust.

Mennirnir starfa fyrir Halo-samtökin, sem hafa unnið að jarðsprengjuhreinsun um heim allan í ríflega tuttugu ár. Þúsundir manna starfa fyrir samtökin í Afganistan, en þar er enn allt morandi í jarðsprengjum eftir valdatíð talibana og Rússa þar á undan.

Mennirnir á æfingasvæðinu sem við heimsóttum voru allir fyrrverandi uppreisnarmenn sem höfðu gengið í gegnum enduraðlögunarferli yfirvalda og verið útvegað starf við jarðsprengjuhreinsun hjá Halo. Þegar æfingunum lýkur er reynt að senda þá á sprengjusvæði sem næst heimkynnum þeirra svo þeir

NÝTT UPPHAF Í stað þess að stunda skæruhernað gegn alþjóðlegu herliði hefur þessi ungi Afgani snúið sér að því að leita uppi lífshættulegar jarðsprengjur. FRÉTTABLAÐIÐ/STÍGUR HELGASON

geti verið með fjölskyldum sínum.

Okkur gafst færi á að taka nokkra þeirra tali með aðstoð túlks og þeir höfðu allir sömu sögu að segja, svo til orðrétt: „Ég sneri baki við uppreisninni til að stuðla að friði í landinu mínu. Ég er mjög þakklátur fyrir tækifærin sem mér standa til boða og hlakka til að sinna þessu krefjandi starfi," – með stöku tilbrigðum milli sandbinga.

Síminn uppfærir símstöðvar:

Meiri nethraði víða um land

TÆKNI Síminn hefur undanfarið verið að skipta út eldri símstöðvum sínum víða á landsbyggðinni fyrir nýjar. Hefur það meðal annars verið gert á Ísafirði, Fáskrúðsfirði, í Snæfellsbæ, Vík í Mýrdal, á Skagaströnd og í Bolungarvík.

Íbúar á þeim stöðum eiga nú kost á mun meiri nethraða, en flutningsgeta fer í allt að 16 megabæt á sekúndu, sem er helmingi meira en hjá eldri símstöðvum. Einnig fæst með þessu aðgangur að mun fleiri sjónvarpsstöðvum.

- sv

Evrópuþingmenn sem sóttu Ísland heim á dögunum bjartsýnir á aðildarviðræðurnar:

Segja alla geta notið góðs af aðild Íslands

EVRÓPUMÁL Tveir fulltrúar í sendinefnd Evrópuþingsins sem kom hingað til lands á dögunum rituðu greinar á vef Public Service Europe skömmu eftir heimsókn sína þar sem þeir hvetja Íslendinga til að kynna sér kosti aðildar að Evrópusambandinu (ESB) og telja að það geti orðið bæði sambandinu og Íslandi til góðs.

Rúmeninn Cristian Preda, sem fór fyrir téðri sendinefnd, segir stöðu Íslands í aðildarviðræðunum vera óvenjulega þar sem landið uppfylli þegar ýmis skilyrði ESB og sé jafnvel framar ESB-löndum að mörgu leyti. Preda segir að með aðild njóti allir góðs af því að ESB fái í sínn hóp ríki sem stendur framarlega á mörgum sviðum, og Ísland fái þess í stað aðkomu að ákvörðunum sem snerti það beint.

Hann segir þó að ekki sé allt unnið. Þrjú lykilmálefni séu enn óleyst, Icesave-málið, sjávarútvegur og almenningsálit innanlands.

Preda segir Icesave sennilega munu leysast með auknum heimtum úr þrotabúi Landsbankans og samninganefndir ESB muni þurfa að líta til sérstöðu Íslands varðandi sjávarútveg.

Loks segist hann fagna því að tekist sé á um ESB-aðildina hér á landi því að opinber skoðanaskipti beri vott um virkt lýðræði.

Stallsystir Preda frá Litháen, Laima Andrikiene, slær á svipaða strengi í sinni grein, en varar við því að verði aðildarviðræðurnar notaðar sem vopn í pólitískum átökum innanlands gæti það veikt samningsstöðu landsins. - þj



SJÁ KOSTI FYRIR BÁÐA AÐILA Frá heimsókn Evrópuþingmanna til Íslands á dögunum. Tveir þeirra segja í nýlegum pistlum að aðild Íslands geti haft í för með sér kosti fyrir báða aðila. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í TÓNLISTARÞRÓUNARMIÐSTÖÐINNI Borgin greiðir húsaleigureikninga.

Fé í Tónlistarþróunarmiðstöð:

Fá 13 milljónir úr borgarsjóði

REYKJAVÍKURBORG **Fjárhagsvandi Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar virðist leystur eftir að borgarráð samþykkti að veita 13 milljónir króna aukalega til miðstöðvarinnar.**

Upphæðin á að renna til þess að greiða húsaleigu á þessu ári og til að gera upp vangoldna húsaleigu frá árinu 2010.

Vandinn á rætur að rekja til þess að eftir hrunið stóð Landsbankinn ekki við fyrri skuldbindingar um stuðning við verkefnið.

„Rekstur á vegum Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar gengur vel og stendur starfsemin undir almennum rekstrarkostnaði. Síðustu mánuði hafa 25 hljómsveitir nýtt sér aðstöðuna í miðstöðinni," sagði í greinargerð með tillögunni um styrkveitinguna sem lögð var fram af Jóni Gnarr borgarstjóra.

- gar

Kennarar gagnrýna rektora:

Hækkuðu einkunnir nema

SVÍÞJÓÐ Menntamálayfirvöld í Örebro í Svíþjóð kanna nú ásakanir kennara á hendur rektorum tveggja framhaldsskóla um að þeir hafi hækkað einkunnir nemenda sem kennarar höfðu gefið þeim. Í þessum tveimur skólum er hlutfall þeirra sem náð hafa tilskilinni einkunn til þess að komast inn í háskóla hærra en í öðrum framhaldsskólum í sveitarfélaginu.

Annar rektoranna í öðrum skólanum viðurkenndi mistök en hinn ekki. Sá er sakaður um að hafa breytt einkunnum í 19 tilfellum en sagði allt hafa farið rétt fram. Nemendum hefði verið gefinn kostur á að bæta sig. - ibs

HAFNARFJÖRÐUR

Gatnamót rýmkuð

Framkvæmdir hófust á Hafnarfjarðarvegi við gatnamót Álftanesvegar í Engidal í gær. Unnið er að rýmkun gatnamótanna og breytingum á umferðarljósum. Þá eru fyrirhugaðar framkvæmdir norðan Vífilsstaðavegar. Verklok eru áætluð 15. desember.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
1911-2011

Vakin er athygli á fyrirlestri **Kofi Annan**, fyrrverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna og Nóbelsverðlaunahafa.

ÁSKORANIR 21. ALDAR
HÁTÍÐARMÁLÞING HÁSKÓLA ÍSLANDS Í TILEFNI ALDARAFMÆLIS SKÓLANS
Föstudaginn 7. október 2011, kl. 13.00–16.30 í stóra sal Háskólabíós

DAGSKRÁ

13.00 Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, setur málþingið
13.10 Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna og Nóbelsverðlaunahafi
14.00 Carol Carmichael, Linde Center for Global Environmental Science við California Institute of Technology (Caltech)
Sustainability: Civics Education for the 21st Century
14.35 Freysteinn Sigmundsson, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands
Restless Earth: Increasing Effects of Natural Catastrophes
15.00 Kaffihlé
15.30 Ole Petter Ottersen, rektor Óslóarháskóla
The Universities of Tomorrow: Taking on the Global Challenges
16.05 Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tekur saman helstu niðurstöður og horfir til framtíðar
16.30 Málþingi slitið

Fundarstjóri: Guðrún Nordal, prófessor og forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Málþingið fer fram á ensku. Skráning hefst þriðjudaginn 20. september kl. 9 á vefslóðinni: *www.hi.is/hatidarmalthing*

PIPAR\TBWA • SÍA • 112215

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvergi í Vestur-Evrópu er áhættusamara að fjárfesta en á Íslandi.

Orðsporið getur enn versnað

Það mat alþjóðlega tryggingafyrirtækisins Aon að Ísland sé sízt allra Vestur-Evrópuríkja fallið til fjárfestinga kemur engum á óvart sem fylgzt hefur með þróun mála hér á landi undanfarin ár. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær skipar fyrirtækið Íslandi á bekk með ríkjum á borð við Egyptaland, Rússland, Kína, Tyrkland, Lettland og Albaníu. Heldur skárra þykir að fjárfesta í ríkjum eins og Mexíkó, Marokkó, Litháen, Búlgaríu og Túnis.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þrátt fyrir fyrirheit í stjórnarsáttmála um að „stuðla að beinum erlendum fjárfestingum“ hefur ríkisstjórnin hreinlega lagt sig í framkróka að fæla erlenda fjárfesta frá landinu. Í stað þess að reyna að draga úr þeim hömlum sem fyrir voru, til dæmis á fjárfestingum í sjávarútvegs- og orkugeiranum, og leitast við að vega upp ókosti sem erfitt er að losna við til skemmri tíma litið, á borð við veikan gjaldmiðil og gjaldeyrishöft, hefur ríkisstjórnin enn aukið á óvissu sem fylgir fjárfestingum á Íslandi. Og óvissa er einmitt það sem alþjóðlegir fjárfestar reyna af fremsta megni að forðast.

Lítt ígrundaðar breytingar hafa verið gerðar á skattaumhverfinu sem eru íþyngjandi fyrir fjárfesta sem hér eru fyrir og líklegar til að fæla ný fyrirtæki frá.

Sömuleiðis hafa mögulegir fjárfestar rekið sig á að séu þeir ekki stjórnvöldum þóknanlegir getur gengið afar hægt að fá svör við fyrirspurnum og beiðnum um upplýsingar. Dæmi um það er hollenzka fyrirtækið ECA, sem hugðist fjárfesta í flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli.

Þetta eru þó smámunir miðað við þann skaða sem hringlandahátturinn og hamagangurinn í kringum fjárfestingu Magma Energy í HS orku hefur valdið. Annar stjórnarflokkurinn hefur margítrekað að hann vilji ógilda kaupsamninginn og þjóðnýta fyrirtækið, þvert á lög og alþjóðasamninga. Fullyrðingum um sölu orkuauðlindanna hefur sömuleiðis verið haldið á lofti, þótt þær eigi sér enga stoð í veruleikanum. Og þá er ótalin furðuleg forsaga, sem bendir til að ráðamenn hafi meðvitað viljað koma í veg fyrir aðra stóra erlenda fjárfestingu, uppbyggingu álvers Norðuráls í Helguvík.

Tal um þjóðnýtingu og ógildingu löglegra samninga sem þegar hafa verið gerðir er vísasta leiðin til að tryggja að erlendir fjárfestar forði sér á harðahlaupum. Af sama toga eru vangaveltur um að breyta eigi þeirri framkvæmd sem viðgengizt hefur lengi, eins og nú er raunin þegar stjórnarliðar ræða hvort leyfa eigi kaup kínverska athafnamannsins Huangs Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum í því skyni að fjárfesta tugi milljarða í nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu.

Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, bendir réttilega á það í grein hér í blaðinu í gær að verði Huang Nubo neitað um heimild til að fjárfesta á Íslandi, verði að styðja þá ákvörðun hlutlægum og málefnalegum rökum. Annars muni orðspor Íslands bíða enn frekari hnekki.

Við komumst reyndar ekki neðar á lista Vestur-Evrópuríkja. En það væri leiðinlegt ef við dyttum niður fyrir flest gömlu kommúnistaríkin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



FRÁ DEGI TIL DAGS

Hæg heimatökin

Skýrsla fjármálaráðherra sýnir að kostnaður Íslendinga vegna beitingar Breta á hryðjuverkalögum hleypur á milljörðum króna, tveimur til níu milljörðum nánar tiltekið. Þetta þykir eðlilega ósvinna og þeir eru æ fleiri sem vilja að Íslendingar leiti réttar síns og sæki þetta fé til baka. Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður er einn þeirra og á heimasíðu sinni hvetur hann til þess að meðal annars sé það kannað að íslenska ríkið leiti réttar síns fyrir dómstólum. Það er ekki í fyrsta sinn sem slíkar hugmyndir heyrast; ríkisstjórn Geirs Haarde kannaði þá möguleika strax við setningu laganna en ákvað í janúar 2009 að ekki væri grundvöllur fyrir málssókn. Guðlaugur Þór sat í þeirri ríkisstjórn.

Kaldar kveðjur þingmannsins

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, hefur gagnrýnt nýtt frumvarp um sveitarstjórnarlög. Þór er ekki að skafa utan af hlutunum og segir sveitarstjórnir á Íslandi einkennast af klíkustjórnmálum, þar sé alið á spillingu og sveitarstjórnarstigið sé ólýðræðislegasta stjórnsýslustig í allri Norður- og Vestur-Evrópu. Þarf ekki alþingismaður að færa einhver rök fyrir svona bombum?

Samráðsleysið

Annað sem Þór gagnrýnir er að samgöngunefnd hafi, við smíði frumvarpsins, ekki haft neitt samband við Hreyfinguna, en þingmenn hennar hafi lagt fram mun betra frumvarp um sveitarstjórnir. Þór hefði kannski átt að ýta við áheyrnarfulltrúa Hreyfingarinnar í nefndinni, sá hefði getað komið athugasemdum flokksins á framfæri á nefndarfundum. Sá áheyrnarfulltrúi heitir Þór Saari. kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR

Norrænar konur gegn ofbeldi

Samfélags mál

Dorit Otzen
verkefnisstýra hjá Exit Kollegiet og Svanegrupperne

Við hjá Hreiðrinu og í Svanahópunum í Danmörku óskum Stígamótum til hamingju með nýjasta framtakið. Við gleðjumst yfir því að Stígamót skuli ennþá einu sinni beina athyglinni að þeim skuggahliðum nútíma samfélags sem eru vændi og verslun með konur.

Norrænar konur gegn ofbeldi, sem eru samtök norrænu kvennaathvarfahreyfinganna, hittast á hverju ári í einhverju Norðurlandaríkjanna á sameiginlegri ráðstefnu. Þar eru ýmsir þættir ofbeldis ræddir og dregnir fram í dagsljósið. Þar hittast fleiri hundruð konur frá hinum tæplega 300 norrænu kvennaathvörfum og hlusta á norræna og alþjóðlega sérfræðinga. Þannig er tryggt að upplýsingastreymið sé virkt og allir hafi tækifæri til þess að fylgjast með.

Á Norrænu ráðstefnunni okkar á Íslandi árið 2001 voru vændi og mansal sett á dagskrá samtakanna og hafa síðan verið fastur liður árlega í samstarfi á milli landa.

Norrænar konur gegn ofbeldi hafa þannig beitt sér gegn þeim þáttum ofbeldis sem tryggja bakmönnunum þvílíkan gróða að mansal keppir við vopnasmygl og sölu fíkniefna um að vera ábatasamasta birtingarmynd skipulagðrar glæpastarfsemi.

Allan þennan tíma hafa Hreiðrið og Stígamót átt í miklu og nánu samstarfi við að beita sér gegn glæpum sem eru svo alvarlegir að aðeins hugmyndaflugið setur þeim takmörk.

Í gegnum áratuga vinnu með nauðganir, kynferðisofbeldi gegn börnum og annað kynferðisofbeldi hafa Stígamót kynnst vændi og annars konar verslun með konur.

Svanahóparnir voru upprunalega stofnaðir í Danmörku en eru nú starfræktir á Íslandi og í Noregi. Hópurinn „Norrænu svanirnir“ var stofnaður til þess að opna leiðir fyrir konur út úr vændi og klámiðnaðinum.

Ég vona að vinnan í Svanahópum Stígamóta verði til þess að aflífa hinar mörgu goðsagnir um vændi. Hóparnir munu vonandi geta tryggt þeim konum sem hafa beðið skaða af veru sinni í vændi þá hjálp sem þarf til þess að byggja upp líf án svipmynda, martraða, svefn- og einbeitingarerfiðleika og hræðslu við nánd og náin sambönd.

Ég vildi óska þess að starf Stígamóta með fólki sem beitt hefur verið nauðgunum, sifjaspellum, vændi og mansali væri óþarft. En samtímis óska ég Íslendingum til hamingju með að Stígamót skuli vera óþreytandi í baráttu sinni gegn ofbeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson seth@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

Um Grímsstaði og vald ráðherra

HUGLEIÐINGAR UM LÖG OG RÉTT

Róbert R. Spanó
prófessor og forseti lagadeildar HÍ

I. Lög og pólitík

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um áhuga útlendings á því að kaupa jörðina Grímsstaði á Fjöllum til að stunda þar atvinnurekstur á sviði ferðaþjónustu. Í því sambandi hafa menn rætt um hvort heimila eigi útlendingum yfirleitt að kaupa jarðir og auðlindir hér á landi. Þessi umræða er þörf. Brýnt er að málefnaleg rök komi fram með og á móti.

Í lögum frá 1966 um eignarétt og afnotarétt fasteigna er innanríkisráðherra veitt leyfi til að víkja frá skilyrðum um íslenskan ríkisborgararétt eða lögheimili hér á landi við kaup á fasteign. Er undanþáguheimild ráðherra opin og matskennd. Því má velta fyrir sér hvort ráðherrar geti við þessar aðstæður gert það sem þeim sýnist. Geta þeir lagalega látið pólitík ráða ferðinni? Svarið er nei. Þegar ráðherra er falið með lögum að taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna eru þær lagalegs eðlis en ekki pólitískar, eins og nú verður útskýrt.

II. Tvíþætt hlutverk ráðherra í stjórnskipuninni

Í stjórnarskránni segir að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum. Það þýðir að ráðherrar eru ásamt forseta æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins. Þeir eiga með öðrum orðum að framkvæma þau lög sem Alþingi setur. Ráðherrar framkvæma lög einkum með því að setja reglugerðir eða taka ákvarðanir í einstökum málum á grundvelli laga. Þegar ráðherrar taka ákvarðanir eru þeir stjórnvaldshafar og verða að fylgja lögunum í einu og öllu. Pólitískar áherslur eða hugsjónir ráðherrans mega ekki hafa áhrif á slíkar ákvarðanir. Það er sú pólitík sem birtist í gildandi lögum sem ræður ferðinni. Engu máli skiptir hvort ráðherra er ósammála þeirri pólitík eða ekki. Hann verður samkvæmt stjórnarskránni að framkvæma lögin eins og þau eru þegar ákvörðun er tekin.

Ráðherrar eru hins vegar ekki bara stjórnvaldshafar. Þeir eiga einnig að vinna að pólitískri stefnumótun á því málefnasviði sem þeir fara með. Þeir geta í krafti svokallaðs frumkvæðisréttar lagt fram frumvörp á Alþingi ef þeir vilja gera tillögur um breytingar á lögum. Það geta þeir t.d. gert ef gildandi lög mæla fyrir um áherslur eða lausnir sem þeir eru pólitískt ósammála. Ráðherrar mega hins vegar ekki blanda saman hlutverki sínu sem stjórnvaldshafar annars vegar og þess sem fer með pólitíska stefnumótun hins vegar.

III. Ákvarðanir ráðherra á grundvelli opinna og matskenndra heimilda í lögum

Ráðherrar þurfa gjarnan að taka ákvarðanir á grundvelli opinna og matskenndra heimilda í lögum. Það gera þeir sem stjórnvaldshafar. Það er ekkert einhlítt svar við því hvernig ráðherra ber að taka ákvörðun í tilvikum sem þessum. Ræðst það að nokkru marki af þeim lögum sem í hlut eiga hverju sinni. Í lögfræðinni eru þó viðurkennd ýmis sjónarmið sem horfa verður til. Til að útskýra þau nánar verður til hægðarauka horfið aftur til Grímsstaða. Áréttað er að það mál er hér aðeins tekið til umfjöllunar í dæmaskyni, enda gilda þessi sjónarmið einnig í ýmsum öðrum málum sem stjórnsýsla ráðuneytanna þarf að kljást við.

> Þá geta nýjustu skoðanakannanir um afstöðu fólksins í landinu ekki heldur skipt neinu máli eins og lögunum frá 1966 er háttað. Horfi ráðherra til slíkra sjónarmiða við mat sitt á hann því á hættu að blanda eigin pólitík saman við skyldur sínar sem stjórnvaldshafa.

Þegar útlendingur utan EES-svæðisins vill kaupa fasteign hér á landi verður hann að fá leyfi ráðherra til þess. Í lögunum segir hins vegar ekkert meira um það til hvaða sjónarmiða ráðherrann á að líta. Í ljósi þessa verður hann að svara a.m.k. eftirtöldum spurningum þegar ákvörðun er tekin:

Hvaða ályktanir um beitingu heimildar ráðherra verða dregnar af ákvæðum laganna frá 1966 og þeim markmiðum og meginreglum sem að baki þeim búa? Hvaða málefnalegu sjónarmið má ráðherra draga inn í mat sitt í ljósi sögulegs aðdraganda og uppbyggingar laganna? Hvaða þýðingu hefur grundvallarregla stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignaréttar í því sambandi? Hvernig hefur áður á grundvelli sömu laga verið leyst úr beiðnum útlendinga utan EES-svæðisins um kaup á fasteignum hér á landi? Hvaða þýðingu hafa þær afgreiðslur ráðherra í ljósi jafnræðisreglu?

Þegar þessum spurningum hefur verið svarað lögfræðilega kann ráðherra að hafa ákveðið val á milli sjónarmiða sem teljast málefnaleg. Aðalatriðið er það að útgangspunktur matsins er ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignaréttar, gildandi lög frá 1966 og ályktanir sem af þeim verða dregnar. Það myndi því stoða lítt fyrir ráðherra að glugga t.d. í stefnuyfirlýsingu sitjandi ríkisstjórnar eða tiltekins stjórnmálaflokks þegar hann undirbýr ákvörðun sína. Þá geta nýjustu skoðanakannanir um afstöðu fólksins í landinu ekki heldur skipt neinu máli eins og lögunum frá 1966 er háttað. Horfi ráðherra til slíkra sjónarmiða við mat sitt á hann því á hættu að blanda eigin pólitík saman við skyldur sínar sem stjórnvaldshafa. Ákvörðun hans kann þá að vera dæmd ólögmæt ef á hana reynir fyrir dómi.

AF NETINU

Lýðræði og sveitarfélög

Í frumvarpi til nýrra sveitarstjórnarlaga sem samþykkt voru á síðasta degi þingsins sl. laugardag fólst gullið tækifæri til að koma stöðu sveitarstjórnarstigsins á Íslandi í svipað horf hvað lýðræðislegt umboð varðar og er í nágrannalöndunum. Þetta tækifæri fór algerlega forgörðum og við sitjum uppi með niðurstöðu þar sem sveitarstjórnarstigið er enn það ólýðræðislegasta, ekki bara miðað við öll Norðurlöndin heldur einnig miðað við öll lönd í Norður- og Vestur-Evrópu.

Framhald mun því verða á þeim fámennis- og klíkustjórnmálum sem einkennt hafa sveitarstjórnir á Íslandi undanfarna áratugi, fyrirkomulagi sem hefur reynst illa, alið á spillingu og kostað íbúa sveitarfélaganna stórfé enda er stór hluti sveitarfélaga á vonarvöl og jafnvel gjaldþrota vegna gerræðislegra fámennisákvarðana í skipulags- og fjármálum.

blog.eyjan.is

Þór Saari

Sjúklingar og pilsfaldur

Einkasjúkrahús Róberts Wessmans á Keflavíkurvelli fjaraði út. Sjúklingana skorti. Aukið frelsi í vali sjúklinga á sjúkrahúsum í Evrópu varð ekki að veruleika. Og erfitt reyndist að sækja á Bandaríkjamarkað, enda engin forsaga að baki spítalans. Svona fer um ýmsar ágætar hugmyndir, þær ganga ekki upp. Þarft er að minnast þess, að ríkissjóður átti að punga út einum milljarði til að gera ævintýri Wessmans að veruleika. Eins og oftar átti þetta að vera pilsfaldakapítalismi. Ríkinu var ætlað að taka áhættuna af einkarekstrinum. En ríkið lét ekki plata sig, þótt Flokkurinn hamaðist.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

SKÓMARKAÐUR
xena

St. 41-50 Verð: 8.415

St. 40-46 Verð: 6.995

St. 40-46 Verð: 7.295

St. 41-46 Verð: 4.995
Opið
mánud-föstud. 11-18
laugard. 11-16
xena
Grensásvegur 8 &
Nýbýlavegur 12
Sími 517 2040

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI UMRÆÐA
vísir

Umsókn Palestínumanna um aðild að Sameinuðu þjóðunum

Palestína

Elva Björk Barkardóttir
nemi við Friðarháskóla SÞ og Háskólann í Reykjavík

Í þessari viku munu Palestínumenn leggja fram umsókn sína um aðild að Sameinuðu þjóðunum. Með umsókninni eru Palestínumenn að óska eftir því að alþjóðasamfélagið viðurkenni Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki innan hinna svokölluðu 1967 landamæra. Síðast þegar spurningin um sjálfstætt ríki Palestínu var tekin fyrir á Allsherjarþingi SÞ var spurningin sú hvort skipta ætti Palestínu í tvö ríki, ríki araba og ríki gyðinga. Það var í nóvember 1947. Niðurstaða þeirrar umræðu var ályktun 181, sem er ein fyrsta og umdeildasta ákvörðun SÞ fyrr og síðar. Sú ályktun skipti Palestínu upp á þann veg að Palestínumenn og gyðingar fengu hvor um sig helming landsins. Á sama tíma höfðu gyðingar byrjað að hrekja palestínsku íbúa landsins burt frá heimalöndum sínum og með því hófust hinar stórfelldu þjóðernishreinsanir gyðinga á aröbum í Palestínu.

Skilyrði fyrir inngöngu í SÞ eru skv. 4. gr. stofnsáttmálans þau að umsækjandi þarf að vera friðelskandi ríki og tilbúið að samþykkja og fara eftir skilyrðum þeim er birtast í stofnsáttmálanum. Þeir sem eru andsnúnir aðild Palestínu að SÞ hafa nefnt að Palestína uppfylli ekki það grundvallarskilyrði að vera skilgreint sem ríki og sé því ekki gjaldgengt í SÞ.

Vegna skorts á samþykktri alþjóðlegri skilgreiningu á hugtakinu ríki er oftast notast við skilgreiningu sem er að finna í hinum svokallaða Montevideo-sáttmála frá 1933. Samkvæmt honum þarf ríki að búa yfir varanlegum íbúafjölda, skilgreindu landsvæði, stjórnvöldum og getu til þess að stundað samskipti við önnur ríki. Palestína hefur varanlegan íbúafjölda og skilgreind landamæri, þ.e. landamærin fyrir Sex daga stríðið. Eftir að listi Hamas-samtakanna sigraði í alþingiskosningum árið 2006 hafa stjórnvöld í Palestínu verið sundruð, en Fatah hefur farið með stjórn á Vesturbakkanum og Hamas á Gaza. Auðvitað væri sameinuð Palestína ákjósanlegri en þótt stjórnvöld ríkis séu sundruð hefur það ekki áhrif á lögmæti þess. Þess má geta að samningaviðræður milli Fatah og Hamas eru í gangi þessa dagana eftir undirritun sáttasamkomulags fyrr á árinu. Palestína á í samskiptum við yfir 100 ríki í heiminum þannig að enginn vafi leikur því á að Palestína uppfyllir síðasta skilyrðið. Aukinheldur hafa í kringum 130 ríki nú þegar viðurkennt sjálfstætt ríki Palestínu, sem styrkir lögmæti Palestínu sem ríkis svo um munar.

Endanleg ákvörðun um hvort

> Endanleg ákvörðun um hvort Palestína fær aðild að SÞ er í höndum Allsherjarþings SÞ…

Palestína fær aðild að SÞ er í höndum Allsherjarþings SÞ, en til þess að umsóknin teljist samþykkt þarf 2/3 meirihluta kosningu á þinginu. Áður en málið fær afgreiðslu á Allsherjarþinginu þarf umsóknin hins vegar að fá meðmæli frá Öryggisráðinu. Þar liggur vandinn. Obama Bandaríkjaforseti hefur ítrekað gefið til kynna að Bandaríkin muni nota neitunarvald sitt í Öryggisráðinu til þess að koma í veg fyrir aðild Palestínu að SÞ. Þess má geta að Bandaríkin hafa notað neitunarvald sitt oftar en 40 sinnum til þess að koma í veg fyrir ályktanir sem gagnrýna Ísrael á einhvern hátt. Nú síðast í febrúar beittu Bandaríkjamenn neitunarvaldi sínu gegn ályktun sem fordæmdi áætlun Ísraels á byggingum landtökubyggða, en rétt er að taka fram að landtökubyggðirnar eru ólögmætar samkvæmt alþjóðalögum.

Ef Öryggisráðið kemur í veg fyrir aðild Palestínu að SÞ mun engu að síður víðtæk samstaða þjóða á Allsherjarþinginu um viðurkenningu Palestínu sem sjálfstæðs og fullvalda ríkis hafa mjög jákvæð áhrif. Það myndi sem dæmi aðstoða Palestínumenn með núverandi mál sitt fyrir Alþjóðaglæpadómstólnum sem legið hefur hjá saksóknara síðan árið 2009 vegna árása Ísraelshers á Gaza 2008/2009 en með viðurkenningu alþjóðasamfélagsins á Palestínu sem ríki (einvörðungu ríki geta farið fram á rannsókn) getur saksóknari Alþjóðaglæpadómstólsins samþykkt að hefja rannsókn á framferði Ísraela á Gaza 2008/2009.

Mörg ríki hafa notað viðurkenninguna sem einhvers konar verðlaun sem Palestínumenn fái, takist þeim að semja um lausn í deilunni við Ísrael. Vandinn er hins vegar sá að eftir að samningaviðræður hafa staðið yfir í áratugi virðist lausnin samt vera víðs fjarri. Þegar hin svokölluðu „Palestine Papers“ voru birt á Al-Jazeera í byrjun árs var augljóst hversu einhliða og ósanngjarnar samningaviðræðurnar hafa verið. Á meðan Palestínumenn samþykktu hverja kröfu Ísraelsmanna á fætur annarri virtust Ísraelar vera gjörsamlega áhugalausir um að vinna að lausn. Í raun voru þessar samningaviðræður algjör niðurlæging fyrir Palestínumenn.

Í þessari viku gefst alþjóðasamfélaginu einstakt tækifæri til þess að standa við það loforð sem það gaf Palestínumönnum fyrir meira en sextíu árum. Vandamál Palestínumanna eru að stórum hluta heimatilbúin í SÞ eftir hina örlagaríku ákvörðun Allsherjarþingsins að samþykkja ályktun 181 árið 1947. Þess vegna ættu aðildarríki SÞ að sjá sóma sinn í því að gefa Palestínumönnum sama tækifæri og traust og þau gáfu gyðingum á sínum tíma til þess að byggja upp sitt eigið lýðræðisríki. Það er kominn tími til að alþjóðasamfélagið leiði til lykta deiluna sem hefur leitt af sér svo hræðilegt ofbeldi, sársauka og þjáningar. Ísland ætti því að styðja þessa sanngjörnu beiðni Palestínumanna um viðurkenningu á tilverurétti þjóðar sinnar í sjálfstæðu og fullvalda ríki. Og Ísland ætti að gera það strax!

Hafður fyrir rangri sök

Samkynhneigð

Friðrik Schram
prestur Íslensku Kristskirkjunnar í Reykjavík

Tvennt vil ég undirstrika í upphafi þessa greinarkorns: Ég hef hvorki sagt að samkynhneigð sé synd né heldur glæpur eins og kom fram í fyrirsögn viðtals við mig hér í blaðinu laugardaginn 10. september. Mér þykir mjög leitt að blaðið skuli bera mig þessum sökum og álít að hér sé um einhverja fljótfærni að ræða af þess hálfu.

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, sem vitnað er til í umræddri grein, fer rangt með sannleikann þegar hún segir mig halda því fram að samkynhneigð sé synd. Ég tek það einmitt fram í skrifum mínum á heimasíðu Íslensku Kristskirkjunnar, að hneigð sé ekki sama og verknaður. Margir samkynhneigðir lifa ekki kynlífi með fólki sama kyns, þótt þeir hafi tilhneigingar í þá átt. Þarna verðum við að gera greinarmun á og það geri ég. Ég fer hins vegar ekkert í grafgötur með það að ég tel samlíf samkynhneigðra ekki rétt og byggist sú skoðun mín á kristinni siðfræði eins og hún hefur verið í 2000 ár. Ég er ekki að segja neitt nýtt, hvað það varðar. Sú skoðun er skoðun mikils meirihluta kristinna manna um heim allan. Ísland er eitt örfárra landa sem hafa heimilað vígðan hjúskap samkynhneigðra og hér ríkir meira frjálslyndi í siðferðisefnum en víðast hvar á byggðu bóli.

Nú er svo komið að þeir sem ekki fella sig við samlíf samkynhneigðra og hjúskap þeirra, eru taldir fordómafullir og sæta mismunun. Ég hef fundið fyrir því og það hefur einnig bitnað á söfnuðinum sem ég leiði. Svo virðist sem mannréttindaráð borgarinnar hafi fengið það hlutverk að hafa uppi á þeim sem ekki geðjast samkynhneigt líferni og hindra að þeir njóti góðs af sumu því sem stendur borgurunum til boða eins og t.d. litla byggingarstyrknum sem stjórn kirkjubyggingarsjóðs borgarinnar hafði ánafnað okkur.

Samtök samkynhneigðra töldu fyrir nokkrum áratugum að þeir úr þeirra hópi sem vildu lifa eftir hneigð sinni væru beittir misrétti af gagnkynhneigðum. Nú virðist dæmið hafa snúist við: Gagnkynhneigt fólk sem lætur í ljós andúð á kynlífi fólks af sama kyni er beitt misrétti. Hvar er umburðarlyndið, er það bara í aðra áttina? Má núorðið beita þá misrétti sem ekki eru með rétta skoðun? Er skoðanafrelsið fyrir bí? Ef maður lætur í ljós andúð á einhverri hegðun, er maður þá orðinn hættulegur þjóðfélaginu, og settar skorður a.m.k. hér í Reykjavík. Hef ég gert einhverjum mein og er ég núna undir smásjá mannréttindaráðs borgarinnar? Ég bara spyr.

AF NETINU

Birtingarmynd stjórnarkreppu

Lifandi dauð ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur er ástæða málþófsins á alþingi. Samfylkingar-Eyjan kvartar undan málalengingum á alþingi og telur stjórnarandstöðuna bera ábyrgðina.

Ábyrgðin er öll ríkisstjórnarinnar sem situr þrátt fyrir að löngu sé tímabært að kjósa að nýju.

pallivil.blog.is

Páll Vilhjálmsson

www.visindavaka.is
STEFNUMÓT VIÐ VÍSINDAMENN Á KAFFIHÚSI
Vísindakaffi
á Súfistanum, Laugavegi
í kvöld 20. september kl. 20-21:30
Allir velkomnir!
HNOTSKÓGUR grafísk hönnun
Kuldinn síðasta sumar afsannar hlýnun jarðar!...er það ekki?
Vísindamenn halda því fram að aukin gróðurhúsaáhrif valdi því að yfirborð jarðar sé að hlýna. Samt var síðasta sumar kalt. Gengur þetta upp? Dr. Halldór Björnsson frá Veðurstofu Íslands ræðir gróðurhúsaáhrif og loftslagsbreytingar, kal í túnum og hafís.

SÚFISTINN KAFFIHÚS
Vísinda Vaka
Látið sjá ykkur í Háskólabíói föstudaginn 23. september!
PEOPLE
rannís

SUMARTILBOÐ

SÍÐUSTU DAGAR
LÝKUR Á LAUGARDAGINN

20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!

ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.

12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu

SUMARTILBOÐ

SÍÐUSTU DAGAR
LÝKUR Á LAUGARDAGINN

Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

Fagleg sjónarmið um byggingu fangelsis

Fangelsismál

Páll E. Winkel
forstjóri
Fangelsismálastofnunar

Á liðnum misserum hefur mikið verið fjallað um byggingu nýs fangelsis á opinberum vettvangi. Ekki er hægt að segja annað en að byggingasaga fangelsa sé sorgleg. Oft hefur staðið til að byggja fangelsi en einhverra hluta vegna hefur aldrei lánast að klára verkefnið.

Margt kemur til. Þensla í opinberum framkvæmdum, niðurskurður í opinberum framkvæmdum, „byggðapólitík“ og almennt áhugaleysi um málaflokkinn. Nú er svo komið að tekin hefur verið ákvörðun um byggingu nýs fangelsis. Því ber að fagna. Því miður hefur nú komið upp „hefðbundin“ byggðapólitík, deilur um staðsetningu og útúrsnúningar á alla bóga.

Umræðan hefur farið í marga hringi, rangar fullyrðingar settar fram, stjórnmálamenn sem áður hafa lítið eða ekki tjáð sig um málaflokkinn tekið að skrifa greinar og dregið ályktanir sem eru í engu samhengi við raunveruleikann. Þeir sem koma að ákvarðanatöku um staðsetningu fangelsis hafa jafnvel verið sakaðir um annarleg sjónarmið. Nauðsynlegt er að gera grein fyrir raunverulegri stöðu og hvað til stendur.

Ekki stendur til að framtíðaruppbygging öruggasta fangelsis landsins fari frá Fangelsinu Litla-Hrauni að Hólmsheiði. Fullyrðingar um slíkt eru rangar. Langtímaáætlanir gera þvert á móti ráð fyrir mikilli uppbyggingu á Litla-Hrauni og að fangarýmum þar verði fjölgað verulega. Það er mat þeirra sem að öryggismálum koma hjá Fangelsismálastofnun og öðrum að fyrst sé nauðsynlegt að byggja á Litla-Hrauni fullnægjandi aðstöðu fyrir starfsmenn, miðlæga varðstofu auk heimsóknar- og móttökuaðstöðu áður en rýmum verði fjölgað í fangelsinu um rúmlega 40 eins og ráð er fyrir gert. Þá er starfs- og námsaðstaða í Fangelsinu Litla-Hrauni ekki í stakk búin að bæta við 40 föngum án breytinga. Slíkt væri óábyrgt og óforsvaranlegt út frá mannréttinda- og öryggissjónarmiðum.

Þegar fjármagn fæst til byggingar móttöku- og heimsóknarhúss verður farið í þær framkvæmdir. Sem stendur fæst ekki fjármagn til þess, aðeins til fjölgunar fangarýma.

> Ekki stendur til að framtíðaruppbygging öruggasta fangelsis landsins fari frá Fangelsinu Litla-Hrauni að Hólmsheiði. Fullyrðingar um slíkt eru rangar.

Staða okkar nú er erfið. Bæði fangelsin á höfuðborgarsvæðinu eru ónýt og rekin á síendurteknum undanþágum heilbrigðisyfirvalda. Þeim þarf að loka og opna nýtt fangelsi sem tekur við hlutverki þeirra. Hlutverk hins nýja fangelsis verður því að vista gæsluvarðhaldsfanga og vera móttökufangelsi auk þess að gera verður ráð fyrir vistun kvenfanga sem ekki teljast hæfir til vistunar í opnum úrræðum.

Ekki er svigrúm til að auka verulega rekstrarkostnað Fangelsismálastofnunar og því er sú krafa gerð að mögulegt verði að reka hið nýja fangelsi fyrir nánast sama rekstrarfé og nú fer í Hegningarhúsið og Fangelsið Kópavogsbraut.

Krafan um fleiri rými og almenna hagræðingu er hávær og ljóst að verulegt rekstrarhagræði felst í því að reka fangelsi fyrir 56 fanga fyrir nánast sama fjármagn og 26 fanga sem nú vistast í Hegningarhúsinu og Fangelsinu Kópavogsbraut, samtals.

Fangelsismálastofnun fékk þau fyrirmæli að koma með tillögur að hagkvæmari rekstri og fjölgun rýma. Fyrsta skrefið er að byggja gæsluvarðhalds- og móttökufangelsi í Reykjavík sem jafnframt væri aðstaða fyrir kvenfanga og möguleikar á afplánun skemmri dóma, þ.m.t. vararefsing. Fangelsið verði þannig hannað að rekstrarkostnaður verði í lágmarki og starfsmönnum sem og föngum liði sem best.

Með lokun fangelsanna á höfuðborgarsvæðinu og byggingu gæsluvarðhalds- og móttökufangelsis á sama svæði er stórt skref stigið í framþróun fangelsismála á Íslandi.

Verði ekkert fangelsi á höfuðborgarsvæðinu glatast mikill mannauður og þekking, en sterkasti hlekkur fangelsiskerfisins felst í góðu og öflugu starfsfólki í öllum fangelsum landsins.

VOLVO C30 DÍSIL
Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Eigðu sviðið með svölum Volvo C30. Veldu aðra leið en þá hefðbundnu. Fetaðu þína eigin leið með hinum sportlega Volvo C30.
Verð frá 4.290.000 kr.
Frítt í bílastæði í Reykjavík.

VOLVO S40 DÍSIL
Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Hagkvæmur og glæsilegur kostur þar sem öryggi, ending og lífsgildi nútímans liggja til grundvallar. Kjóstu hagkvæmni Volvo S40.
Verð frá 4.490.000 kr.
Frítt í bílastæði í Reykjavík.

VOLVO V50 DÍSIL
Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Veldu Volvo V50 fyrir notagildið. Valið er auðveldara ef þú þarft að finna rétta jafnvægið milli hagkvæmni og áhugamála. Volvo V50 er notadrjúgur bíll, hentugur fyrir fjölskylduna. Náðu jafnvægi.
Verð frá 4.690.000 kr.
Frítt í bílastæði í Reykjavík.

VOLVO S60 DÍSIL
Notar aðeins 3,9 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo S60 sannar vitsmunalega tilvist okkar. Volvo S60 er skilgreining okkar á heiminum eins og við þekkjum hann. Endurreiknaðu líf þitt.
Verð frá 5.690.000 kr.
Frítt í bílastæði í Reykjavík.

VOLVO V60 DÍSIL
Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo V60 stendur vörð um líf þitt. Mættu grunnþörfum fjölskyldunnar með öryggi Volvo V60. Mættu ítrustu kröfum þínum um lúxus með hátækni og munaði.
Verð frá 5.990.000 kr.
Frítt í bílastæði í Reykjavík.

VOLVO S80 DÍSIL
Notar aðeins 4,0 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Öryggi, munaður og þægindi ná nýjum hæðum í Volvo S80. Endurskilgreindu gæði í þínum huga með nýjum Volvo S80.
Verð frá 5.990.000 kr.
Frítt í bílastæði í Reykjavík.

Reiknaðu
Komdu í Brimborg í dag milli kl. 9 og 17

VOLVO. BARA FYRIR SKYNSAMT FÓLK.
Hugleiddu hvað rúmast í þínu lífi. Frelsi, fjölskylda, félagar, frítími, ferðalög, friður, þægindi, lúxus, traust, fjárhagslegt svigrúm. Öryggi! Veldu bíl sem er leiðandi í öryggi. Veldu bíl sem er hagkvæmur í heild sinni. Veldu sparnað. Reiknaðu dæmið.. Reiknaðu með Volvo í þínu lífi. Hafðu ráð á að lifa lífinu. Lifðu í öryggi. Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.

visthæf skref með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus. Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

Volvo S60 er sigurvegarinn í flokki stærri fólksbíla í vali á Bíl ársins 2012

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Volvo á Íslandi.

Tilmæli mæðra til Arionbanka

Fjármál

Alma Jenný Guðmundsdóttir
móðir

Komdu sæll Höskuldur Ólafsson!

Fjölmiðlafulltrúi Arionbanka hringdi í mig til að afla upplýsinga um auglýsingaherferð þá sem er í gangi. Hún spurði margra spurninga – svo sem af hverju ég væri í þessari herferð? Af hverju Arionbanki? Af hverju ekki aðrar fjármálastofnanir? Hvað mér fyndist um Íbúðalánasjóð og fleira í þeim dúr.

Ég svaraði henni þar sem við átti og hefur hún vonandi borið þér þau svör. Hvað mér finnst t.d. um Íbúðalánasjóð er eitthvað sem ég bara svara ekki almennt og kemur málinu á engan hátt við.

Ég er móðir og ég tala fyrir hönd þúsunda mæðra og trúðu mér þar. Hver er hún þessi móðir? Jú, hún móðir almennt er sú manneskja sem elur okkur upp við mannsæmileg gildi. Sýna öðrum virðingu – til þess að öðlast hana sjálf. Sýna réttlæti, sýna kurteisi, sýna vináttu, sýna hjálpsemi og svona gætum við haldið áfram.

Ég ætla ekki að láta eins og ég taki ekki eftir þeim stóra bleika fíl sem í stofunni er. Fíllinn er það hrun sem varð – sú krafa okkar í framhaldi af því að almennt siðferði sé sýnt á öllum vígstöðvum.

Í viðskiptalífi, í stjórnsýslu og stjórnmálum, í skólakerfi og ekki síst hjá okkur sjálfum.

Það er samdóma álit okkar að viðskiptalífið sem og margur annar þurfi að taka á í þeim málefnum því þar er enn annar bleikur fíll að koma sér fyrir.

Það er einungis af því góða að fyrirtæki sýni hagnað – þótt stafi af uppfærslu eignasafns banka vegna fyrirtækja.

Það veit alþjóð að yfir 400 milljarðar fóru til leiðréttinga lánasafna fyrirtækja – það veit alþjóð einnig að 24,2 milljarðar fóru í leiðréttingar lána einstaklinga.

Það veit alþjóð að bankarnir fengu lánasöfn heimilanna með að meðaltali 50% afslætti.

> Persónulega er ég ekkert í herför gegn Arionbanka – stjórnendum þess banka eða starfsfólki – en ég er talsmaður baráttu mæðra að við öll höldum því siðferði til haga sem við vorum alin upp við…

Það er samdóma álit mæðra mjög víða í þessu þjóðfélagi að bankarnir hafi mismunað annars vegar afskriftum til fyrirtækja og hins vegar afskriftum til einstaklinga/íbúðalána.

Gott mál er að bjóða upp á óverðtryggð íbúðalán en vextir á þeim eru miklu, miklu hærri en gengur og gerist í þeim löndum sem við sækjum fjármagn til.

En sú kynslóð sem fyrir er með lán hjá bönkunum krefst leiðréttinga í samræmi við ofanritað, því það að bankinn hafi ekki gert slíkt er nú þegar orðið að stóru þjóðfélagsmeini.

Við skorum á ykkur að starfa með fólkinu í landinu, að hlusta á réttmætar kröfur þess og hlusta á mæður – útivinnandi mæður, fullorðnar mæður og ömmur, atvinnulausar mæður – já, allar mæður á Íslandi.

Allir eiga að geta sett sig í spor mæðra sinna, sem innrættu okkur hin góðu gildi sem að ofan eru greind.

Á þessari forsendu notum við fjölmiðla til þess að auglýsa kröfur okkar. Við bjóðum ykkur til samstarfs við okkur en þykir eðlilegt að það samstarf verði rætt á opinberum vettvangi.

Persónulega er ég ekkert í herför gegn Arionbanka, stjórnendum þess banka eða starfsfólki en ég er talsmaður baráttu mæðra fyrir því að við höldum öll því siðferði til haga sem við vorum alin upp við og gagnast hefur okkur vel að flestu leyti.

Við skorum á Arionbanka að eiga frumkvæði að því að mæta til fundar okkar opinberlega, hlýða á kröfur okkar og ekki síst að eiga frumkvæði að því að gæta jafnræðis þegnanna; að fyrirtæki og einstaklingar – sem eru jú forsenda þess að bankastarfsemi geti þrifist almennt með sínu mánaðarlega innleggi – njóti jafnræðis.

Með bestu kveðju og von um samstarf Arionbanka við okkur öll.

VOLVO V70 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Upplifðu þægindi og munað. Volvo V70 er einn þægilegasti bíll sem fæst. Sjáðu hvað herragarðsvagninn gerir fyrir þig. Verð frá 6.190.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.

VOLVO XC70 DÍSIL

Notar aðeins 5,7 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Áttu erfitt með að velja málamiðlun? Söðlaðu um. Vertu hvoru tveggja með Volvo XC70 AWD. Verð frá 8.890.000 kr.

VOLVO XC60 DÍSIL

Notar aðeins 5,6 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Það fer ekki á milli mála að hér er ekta Volvo á ferð. Kjóstu einstakan sportjeppa og finndu fyrir sterkri nærveru Volvo XC60 AWD. Verð frá 8.490.000 kr.

VOLVO XC90 DÍSIL

Notar aðeins 6,8 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo XC90 AWD er birtingarmynd heilbrigðrar hugsunar og áratuga rannsókna á öryggi og yfirburðatækni. Veldu heilbrigði. Verð frá 10.890.000 kr.

Volvo. For life.

Skoðaðu úrval sparneytinna dísilbíla frá Volvo.
Veldu Volvo og lágmarks losun CO2.
Veldu Volvo og lágmarks eldsneytisnotkun.
Berðu saman verð og búnað Volvo við aðra lúxusbíla.
Veldu nýjan Volvo sem fær frítt í stæði.
Veldu Volvo R-Design, sportútfærslu.
Sérpantaðu nýjan Volvo eins og þú vilt hafa hann.
Spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár.
Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.

Nýr Volvo S60 er vitsmunaleg leið til að tækla spennu og gleði, af öryggi.

Verð frá 5.690.000 kr.

Brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

77 SOPHIA LOREN Ítalska kvikmyndastjarnan er 77 ára

„Eftir öll þessi ár er ég enn að uppgötva sjálfa mig. Mér finnst betra að kanna lífið og gera mistök en að lifa rög við tilveruna. Mistök eru gjaldið fyrir að lifa lífinu til fulls.“

MERKISATBURÐIR

1900 Ofsaveður veldur slysum og tjóni á skipum og húsum. Meira en þrjátíu manns farast. Kirkjur á Urðum og Upsum í Svarfaðardal fjúka og brotna í spón.

1963 Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að leyfa kvöldsölu í gegnum lúgu í söluturnum til klukkan 22 og borgarráði er veitt heimild til að leyfa að hafa lúgurnar opnar til 23.30.

1979 Flóttamenn frá Víetnam, 34 manns, koma til landsins.

2005 Jótlandspósturinn birtir umdeildar teikningar af Múhameð.

2009 Jarðskjálfti skekur Súmötru. Yfir 1.115 manns farast.

ÞETTA GERÐIST: 20. SEPTEMBER 1946

Kvikmyndahátíðin í Cannes sett á fót

Kvikmyndahátíðin í Cannes er ein elsta og virtasta kvikmyndahátíð veraldar, en hún var sett á fót á þessum degi árið 1946. Hátíðin er haldin í ráðstefnuhöllinni Palais des Festivals et des Congrès í Cannes í Suður-Frakklandi á ári hverju og yfirleitt í maímánuði. Fjöldi verðlauna er iðulega veittur á hátíðinni og er Gullpálminn fyrir bestu myndina þeirra eftirsóttastur. Hátíðin var haldin í 64. skipti í ár og var bandaríski leikarinn Robert De Niro forseti dómnefndar.

Þess má geta að Íslendingar hafa unnið til verðlauna á Cannes, þegar Björk Guðmundsdóttir hampaði verðlaunum fyrir leik sinn í kvikmyndinni Dancer in the Dark frá árinu 2000.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jógvan Hansen

Vestmannaeyjum,

lést laugardaginn 17. september.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Hanna Guðný Bachmann

Hverafold 56, áður til heimilis að Háteigsvegi 26,

lést á LSH í Fossvogi, föstudaginn 16. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Halla Jónsdóttir
Inga Jónsdóttir
Gunnar E. Finnbogason
Ottó Guðmundsson

†

Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Agnar Áskelsson

bifreiðastjóri,
Njarðarvöllum 6, Njarðvík,
áður til heimilis að Sóltúni 9, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 13. september. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 22. september kl. 14.00.

Áskell Agnarsson
Guðmundur Grétar Agnarsson
Hildur Jórunn Agnarsdóttir
Agnar Ari Agnarsson
Halldór Heiðar Agnarsson
Finnbjörn Vignir Agnarsson
barnabörn og barnabarnabörn
Jóhanna Þórarinsdóttir
Justa Agnarsson
Bjarnhildur H. Árnadóttir
Sigurlaug Skúladóttir

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Árni Kr. Þorsteinsson

Smyrilsvegi 29, Reykjavík,

lést á Landspítala við Hringbraut laugardaginn 17. september. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. september kl. 11.00.

Anna Árnadóttir
Ásta Kvaran Árnadóttir
Þorsteinn Árnason
Sveinn Árnason
Erna Þórunn Árnadóttir
Ingibjörg Hólmfríður Árnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Böðvar B. Kvaran
Hrefna E. Leifsdóttir
Sigurlína Vilhjálmsdóttir
Benedikt Sigmundsson

VÍKINGAKONA Eftir fjórtán ára starf sem mannréttindafulltrúi hjá Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur ákvað hestakonan Ragnhildur Helgadóttir að söðla um og láta draum um hestatengda ferðaþjónustu rætast. Með henni í rekstrinum er dóttirin Melkorka Ragnhildardóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

RAGNHILDUR HELGADÓTTIR: FER MEÐ VÍKINGAHESTA UM TÖFRANDI REIÐLEIÐIR

Drottning að eilífu á hestbaki

„Það hefur verið draumur minn í áraraðir að opna hestatengda ferðaþjónustu, en nú tek ég loks skrefið og vendi kvæði mínu í kross til að gera það sem mér finnst skemmtilegast,“ segir Ragnhildur Helgadóttir alsæl með hestum sínum á Heimsenda, þar sem hún hefur opnað ferðaþjónustuna og fjölskyldufyrirtækið Víkingahesta sem sérhæfir sig í persónulegum samskiptum við gesti, góðri þjónustu og gæðingum.

„Ég vil hlúa að gæðum og verð þess vegna með færri og betri hesta en gengur og gerist. Það skiptir máli að vera með góða hesta í stað einhverra trunta sem lulla undir fólki í fylgd með hópnum. Sumir vilja meina að það sé nauðsynlegt fyrir byrjendur, en ég er annarrar skoðunar og vil hafa hestana góða, viljuga og þægilega. Þannig sameinast maður náttúrunni yfir og allt um kring,“ segir Ragnhildur, sem veit að Víkingahestar eru góðir því þeir eru hennar eigin hross sem hún hefur þekkt frá því að þau voru folöld, hvert með sinn skemmtilega karakter.

Í miðstöð Víkingahesta er fyrirtaksaðstaða og einnig kaffistofan Hrímfaxi, sem býður upp á girnilegar veitingar, fullbúinn bar og ýmsar hestavörur. Kaffistofan er miðstöð hestamanna í hestahverfunum í kring og oft er líf og fjör þegar skeggrætt er um hesta, menn og málefni.

„Það togar einfaldlega í mig að vinna með hesta. Í því felst kraftur og sköpun. Þetta snýst líka um að láta draum sinn rætast, vera áræðin og bjartsýn á að þetta gangi. Ég hef svo oft verið á hestbaki og fundið hversu gaman væri ef fleiri gætu upplifað dýrðina með mér. Þannig vil ég deila upplifun minni,“ segir Ragnhildur og vísar í skáldskap Einars Benediktssonar þar sem segir: „og knapinn á hestbaki er kóngur um stund“.

„Þau orð segja allt, því það að sitja hest er ólýsanleg tilfinning og ég hef oft hugsað sem svo að ég ætli að verða drottning að eilífu á hestbaki,“ segir Ragnhildur og hlær dátt.

Hjá Víkingahestum er hámarksfjöldi í hestaferðir átta en Ragnhildur segist líka fara með einn gest og allt þar á milli. Boðið verður upp á dagsferðir, sérsniðnar ferðir og lengri ferðir á sumrin, en einnig tíu vikna reiðnámskeið fyrir 10 til 15 ára börn.

„Haust og vetur er dásamlegur tími til útreiða og engu líkt að ríða út í frosti og snjó. Birtan á Íslandi breytir umhverfinu í sífellu og allar árstíðir eru heillandi í hestamennsku,“ segir Ragnhildur, sem nú býður styttri ferðir út frá Heimsenda.

„Héðan er afar rómantískt að ríða út, enda guðdómlegar reiðleiðir við Elliðavatn, í Heiðmörk og víðar í túnfæti borgarinnar. Ég mun blanda saman hestamennsku við ýmislegt annað, eins og hellaskoðun í Maríuhella þar sem við setjum upp höfuðljós og gæðum okkur á heitu súkkulaði í hellinum. Ég vinn þetta allt eftir höfði hinnar hagsýnu húsmóður, eins og konur gera svo oft. Þannig helst í hendur að vera hagsýn og umhverfisvæn, en fyrst og fremst hlakka ég til að vinna áfram með frítíma fólks.“

thordis@frettabladid.is

Sólheimabúar og hlaupahópurinn Fríski Flóamenn standa fyrir almenningshlaupi á laugardag klukkan 10. Hlaupið verður frá Borg í Grímsnesi og að Sólheimum, samtals um níu kílómetra. Einnig er hægt að ganga eða hjóla. Nánari upplýsingar gefur Katrín, katrin@solheimar.is og í síma 480 4483.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

NÝTT NÝTT

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

teg 9351 - létt fylltur og yndislegur í B C skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-

Eirberg
Meðgöngubelti
Meðgöngubelti og fleiri vörur fyrir verðandi mæður

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál

Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Gólfhitakerfi
Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.

Anna Margrét Gunnarsdóttir, nemi í söng og snyrtifræði, hóf að æfa ballett nítján ára.

Maður nær bæði slökun og styrkingu samtímis," segir Anna Margrét, sem hér er í fötum frá versluninni Arena á Eiðistorgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bæði slökun og styrking

Ég sá auglýsingu í blaði um balletttíma fyrir fullorðna. Ég var nítján ára og ímyndaði mér að þarna væri eitthvað fyrir mig," segir Anna Margrét Gunnarsdóttir, sem byrjaði að sækja tíma fyrir tveimur árum í Ballettskóla Guðbjargar Björgvins. „Ég er með vöðvastyttingar í báðum fótum og var búin að vera þrjú ár hjá sjúkraþjálfara en eftir tvo mánuði hjá Guðbjörgu þurfti ég ekki að mæta meira hjá sjúkraþjálfaranum," lýsir hún. „Ballettinn veitir svo ótrúlega góða tilfinningu. Maður nær bæði slökun og styrkingu samtímis, andleg einbeiting vex og líkamsstaðan batnar."

Þótt Anna Margrét hafi kynnst ballett lítillega þegar hún var sex ára telur hún fólk geta skellt sér í hann hvenær sem er á lífsleiðinni og segir konur á öllum aldri í tímunum með henni. Síðasta spurningin til hennar er því nánast óþörf. Ætlar hún að halda áfram í ballettinum?

„Já, örugglega svo lengi sem ég lifi."

gun@frettabladid.is

KÍNVERSK HUGRÆN TEIGJULEIKFIMI · TAICHI · KUNG FU

EINKATÍMAR · HÓPTÍMAR
HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind
SKEIFUNNI 3J · SÍMI 553 8282 · WWW.HEILSUDREKINN.IS

Heilsudrekinn býður upp á nýtt námskeið sem nefnist heilsu-qi gong: ba duan jing. Það byggist á gömlum æfingum með rólegum hreyfingum sem opna orkuflæði og styrkja líkamann. Þátttakendur geta líka farið í aðrar kínverskar meðferðir, nálastungu og nudd og fengið ráð um heilsusamlegt líferni.

LEIÐSÖGUNÁM

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá, sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim, sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
Stuðst er við námsskrá menntamálaráðuneytisins um viðurkennt leiðsögunám.

Helstu námsgreinar:
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna í máli og myndum.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Mannleg samskipti.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðarverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar á hinum ýmsu sviðum.
Boðið er uppá dag- og kvöldnám, auk þess sem farið er í vettvangsferðir.

Umsögn:
„Síðasta haust hóf ég leiðsögunám við Ferðamálaskóla Íslands. Námið fór fram úr mínum björtustu vonum. Ég hef ferðast mikið um landið frá barnsaldri, en þrátt fyrir það öðlaðist ég nýja sýn á landið í skólanum. Námið er hnitmiðað og að auki mjög skemmtilegt, reyndar svo skemmtilegt að ég vil helst fá framhaldsnám. Þetta nám kemur mér að miklu gagni í starfi mínu sem kennari og vonandi sem leiðsögumaður í framtíðinni".

Martha Jensdóttir kennari.

Ferðamálaskóli Íslands

Opið 8-22

Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



Ronald Moy segir niðurstöður rannsóknarinnar, sem framkvæmd var í Beverly Hills, lofa mjög góðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Augljós munur

Ronald Moy, formaður Bandarísku húðlæknasamtakanna, hefur rannsakað virkni íslensku EGF-húðdropanna frá Sif Cosmetics. Hann segist ekki hafa séð betri árangur á 30 ára starfsferli.

Ronald Moy, formaður Bandarísku húðlæknasamtakanna (American Academy of Dermatology) kynnti íslenskum húðlæknum og starfsmönnum Sif Cosmetics rannsóknarniðurstöður sínar á virkni íslensku EGF-húðdropanna frá Sif Cosmetics í gær. Rannsóknin náði til 29 skjólstæðinga hans í Beverly Hills og segir hann niðurstöðurnar lofa mjög góðu.

„Húð þátttakenda, sem voru konur á aldrinum 39 til 75 ára, varð mýkri, hrukkur minnkuðu og húðin varð sjáanlega þéttari eftir þriggja mánaða notkun. Þá minnkuðu svitaholur, brúnir og rauðir blettir og áferð húðarinnar varð almennt fallegri," segir Moy. Aðrir skjólstæðingar hans hafa notað dropana lengur, eða í átta til tíu mánuði, og segir hann áhrifin enn greinilegri hjá þeim. „Þetta er jafnvel betri árangur en áður hefur sést með viðurkenndum aðferðum húðlækna og besti árangur sem ég hef séð á mínum 30 ára ferli."

Sif Cosmetics er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki, stofnað árið 2009. Það þróar og selur húðdropa sem byggja á íslensku hugviti og sömuleiðis dagkrem. EGF-húðdroparnir komu á markað í fyrra. Þeir innihalda frumuvaka sem stuðla að endurnýjun húðarinnar. Þeir eru framleiddir úr byggfræjum í samstarfi við ORF Líftækni. Moy segir þessa alíslensku framleiðsluaðferð afar spennandi og sér fyrir sér að hægt verði að byggja á henni til framtíðar, en hingað til hafa frumuvakar í snyrtivörum aðallega verið unnir úr bakteríum. Hann segir mikinn áhuga fyrir EGF-húðdropunum í Beverly Hills, en Sif Cosmetics er með dreifingaraðila fyrir vörur sínar í 42 löndum um allan heim.

„Vörunum hefur verið afar vel tekið og við höfum fengið frábæra umfjöllun í erlendum fjölmiðlum á borð við Vogue, Daily Mail, Cosmopolitan og Marie Claire. Þá er fjallað um dropana í nýjasta hefti þýska Vogue," segir Eiríkur Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Sif Cosmetics, og bendir á nýjustu afurð fyrirtækisins sem kom á markað fyrir skemmstu. „Það er EGF-dagkrem sem er ætlað að styðja við virkni húðdropanna. Það er notað á morgnana á meðan droparnir eru bornir á á kvöldin. Droparnir og kremið eiga það sameiginlegt að innihalda fá aukaefni og vera án paraben-efna."

vera@frettabladid.is

Húð þátttakenda í rannsókn Moy varð mýkri, hrukkur minnkuðu og húðin varð sjáanlega þéttari eftir þriggja mánaða notkun EGF-húðdropanna.

Þegar aldurinn færist yfir tapar leðurhúðin, sem er fyrir innan ysta lag húðarinnar, bæði elastíni sínu og kollageni. Við það þynnist húðin og erfiðara reynist fyrir hana að halda í sér raka. Fita, sem er í undirhúð og gefur húðinni fyllingu, minnkar einnig með aldrinum. Þetta leiðir til þess að húðþekjan fer að síga og hrukkur myndast.

www.visindavefur.hi.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Opið hús

Miðvikudaginn 21. september

Komdu og kynntu þér nýju ReSound heyrnartækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er.

Stuttar kynningar á tækjunum kl 11:00,14:00 og 17:00.

Veglegur kaupauki fylgir öllum Alera heyrnartækjum út október. Nánar á **www.heyrn.is**

Ellisif K. Björnsdóttir
heyrnarfræðingur

Fáðu fagleg ráðgjöf og heyrnartæki til reynslu.

„Njóttu lífsins með Nýrri heyrn"

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

Tímapantanir 534 9600

AFMÆLISRIT VÍMULAUSRAR ÆSKU – FORELDRAHÚSS

Ómetanlegt forvarnastarf

Vímulaus æska hefur í aldarfjórðung starfað að forvörnum og fræðslu til að vinna gegn áfengis- og vímuefnaneyslu barna og unglinga.
Samtökin starfa um allt land, standa fyrir fræðslu og fyrirlestrum í samstarfi við foreldrafélög og sveitarfélög, reka foreldrasímann 581-1799 sem er opinn allan sólarhringinn og Foreldrahús þar sem veitt er fjölskylduráðgjöf, stuðningsmeðferð og margvísleg fræðsla.

Framan af beindist áherslan að vímuefnavanda ungmenna en síðari ár hefur starfsemin og þjónustan orðið víðtækari og beinist einnig að fleiri vandamálum, eins og einelti, félagslegum erfiðleikum og hegðunarvanda. Þetta tel ég skynsamlega og æskilega þróun því þessir erfiðleikar eru oft nátengdir og ekki augljóst hvað er orsök og hvað afleiðing.

Fjöldi félagasamtaka starfar að forvörnum gegn áfengis- og vímuefnaneyslu og eðli málsins samkvæmt beinist þungi starfsins jafnan að ungu fólki. Það er verðugt markmið að draga úr neyslu áfengis og sporna við ofneyslu en árangursríkast er að koma í veg fyrir að ungt fólk hefji neyslu áfengis og annarra vímuefna.

Því miður þekkjum við öll átakanlegar sögur um ungt fólk sem hefur misst fótanna, jafnvel á barnsaldri, og ánetjast vímuefnum. Þegar skaðinn er skeður getur reynst erfitt að grípa í taumana. Þá er stutt leiðin inn í myrkviði hins harða heims sem er okkur flestum óskiljanlegur, þar sem tilveran snýst fyrst og fremst um að verða sér úti um næsta skammt sama hvað það kostar, þar sem þrífst misnotkun og margvíslegir annars konar glæpir. Í þessum heimi stefnir allt niður á við og því yngra sem fólk ratar þarna inn, þeim mun meiri hætta er því búin.

Foreldrar barna sem lenda á þessari háskalegu braut þurfa á miklum stuðningi og leiðsögn að halda, ekki síður en börnin sjálf sem þurfa fjölþætt úrræði. Foreldrahús og önnur þjónusta Vímulausrar æsku hefur verið mörgum foreldrum haldreipi sem skipt hefur sköpum í erfiðri baráttu við að ná aftur til barnanna og hjálpa þeim til betra lífs.

Nýlega undirritaði ég samstarfssamning við Samstarfsráð um forvarnir sem annast mun ýmis verkefni á sviði forvarna gegn áfengis- og vímuefnaneyslu. Samkvæmt samningnum leggur hið opinbera 7,5 milljónir króna til verkefnisins en á móti kemur jafn hátt framlag af hálfu samstarfsráðsins í formi sjálfboðaliðavinnu og framlaga frá öðrum aðilum. Á þennan hátt er reynt að undirstrika hve mikil verðmæti liggja í öllu því sjálfboðna starfi sem fjöldi fólks sinnir í þágu samfélagsins. Það verður seint metið að fullu til fjár en ég tel mikilvægt að viðurkenningin sé fyrir hendi.

Kraftar frjálsra félagasamtaka á þessum vettvangi eru ómetanlegir. Þau veita hvatningu og aðhald og skipta sköpum við framkvæmd opinberra stefnumiða. Það skiptir miklu um árangur að fá sem flesta að starfinu, þannig berast skilaboðin best út í samfélagið. Forvarnastarfið heldur áfram. Þetta er þrotlaust starf þar sem aldrei má slaka á eða sleppa tökum. Ég óska Vímulausri æsku til hamingju með farsælt starf í 25 ár og treysti á áframhaldandi gott og árangursríkt samstarf við samtökin í framtíðinni.

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra

„Foreldrahús og önnur þjónusta Vímulausrar æsku hefur verið mörgum foreldrum haldreipi sem skipt hefur sköpum í erfiðri baráttu."

Meðal efnis í blaðinu

FLOTT Á EIGIN FORSENDUM
- Elísabet Lorange segir frá stjálfstyrkingarnámskeiðum Vímulausrar æsku.
BLS. 3

ÞURFA KJARK TIL AÐ SEGJA NEI
- Hrafndís Tekla Pétursdóttir sinnir sálfræðiþjónustu og ráðgjöf fyrir börn og unglinga í Foreldrahúsi. **BLS. 6**

FORELDRASÍMINN
- síminn sem aldrei sefur
581•1799

Nýtt styrktarmannakerfi
– Reglubundið framlag þitt til vímuvarna

Á 25 ára starfstíma Vímulausrar æsku – Foreldrahúss hefur stuðningur fyrirtækja, félagasamtaka og ekki síst einstaklinga skipt sköpum fyrir starfsemina. Án þeirra velvildar hefði vart verið hægt að halda starfseminni svo lengi úti. Á sama tíma og umfang starfseminnar vex og þörfin verður brýnni hafa samtökin ákveðið að kynna nýtt styrktarmannakerfi. Með því geta einstaklingar og fyrirtæki gerst velunnarar Vímulausrar æsku – Foreldrahúss og styrkt starfsemina með föstum mánaðarlegum framlögum. Í samstarfi við DalPay-greiðslugáttina hefur verið sett upp einfalt og aðgengilegt skráningarform á nýjum vef Vímulausrar æsku, www.vimulaus.is.

Þar er hægt að velja á milli þess að leggja starfseminni lið í eitt skipti eða mánaðarlega skuldfærslu af greiðslukorti gegnum örugga greiðslugátt.

Öll framlög skipta máli. Lítil framlög jafnt sem stór sýna þann hug sem landsmenn bera til samtakanna og þeirrar þjónustu sem þau veita og hafa veitt í gegnum árin.

Kynntu þér málið á vefnum okkar **www.vimulaus.is**

Vímulaus æska – Foreldrahús þakkar veittan stuðning.

BS Eignir
VáVest vímuvarnarstefna
SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR
SORPA Flokkum og skilum
20 1991–2011
VERND fangahjálp
BONUS
Grillhúsið
Bakarameistarinn
Pokasjóður
Samhjálp
APÓTEK VESTURLANDS

Starfið í Foreldrahúsi

FJÖLSKYLDURÁÐGJÖF
Fjölskylduráðgjöfin í Foreldrahúsi er ætluð foreldrum og börnum í vanda.
Að henni starfa sálfræðingur, vímuefnaráðgjafi og annað fagfólk. Lögð er áheyrsla á einstaklingsmiðaða ráðgjöf.

STUÐNINGSHÓPAR FYRIR FORELDRA
Í Foreldrahúsi eru stuðnings-/meðferðarhópar fyrir foreldra sem eiga eða hafa átt börn í vímuefnavanda. Hóparnir hittast undir handleiðslu ráðgjafa þar sem unnið er að því að efla foreldra og styðja við þá.

SJÁLFSTYRKINGARNÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG UNGLINGA 10–17 ÁRA
Námskeiðin eru fyrir börn og unglinga, þar sem þau fá tækifæri til að efla sjálfstraust sitt, sjálfsmynd og félagsfærni á skapandi og skemmtilegan hátt.

STUÐNINGSHÓPUR/EFTIRMEÐFERÐ
Í Foreldrahúsi er rekinn stuðningshópur fyrir ungmenni sem lokið hafa meðferð vegna vímuefnaneyslu. Markmið stuðningshópsins er að styðja við unglinginn í viðleitni hans til að halda sig frá vimuefnum og að ná tökum á lífi sínu.

V.E.R.A.
Úrræðið V.E.R.A. byggist á að veita börnum og unglingum á aldrinum 6-18 ára, sem stunda áhættuhegðun af einhverju tagi, meðferð og einnig öllum innan fjölskyldunnar. Meðferðin er í formi einstaklings- og fjölskylduviðtala, hópastarfs og stuðnings.

Nánari upplýsingar um úrræðin sem boðið er upp á í Foreldrahúsi er að finna á vef Vímulausrar æsku, www.vimulaus.is eða í síma 511 6161.

Vímulaus æska 25 ára

Undanfarin ár hafa verið viðburðarík og gefandi en að mörgu leyti einnig býsna erfið. Ljóst er að afleiðingar af efnahagshruninu eru enn að koma í ljós. Erfiðleikar, peningaleysi og óöryggi hjá fjölskyldum landsins hafa að sjálfsögðu mikil áhrif á börnin og það höfum við fundið í okkar starfi.

Nú í dag eru samtökin Vímulaus æska 25 ára og Foreldrahúsið fagnar 11 ára afmæli. Markmið samtakanna sem sett voru á stofndeginum eru enn í fullu gildi og þörfin er því miður brýn. Hollt er að velta því fyrir sér á tímamótum sem þessum, hvað hefur áunnist og hver staðan væri, hefði samtakanna ekki notið við.

Kristján Guðmundsson

Við sem að starfinu stöndum erum þess fullviss að margt hafi áunnist og að samtökin njóti mikils trausts í samfélaginu.

Við megum hvergi slaka á, hvorki í forvörnum né öðru sem snýr að heill barnanna okkar. Verkefnin vaxa stöðugt og málin verða sífellt erfiðari úrlausnar. Þó að mikið hafi áunnist á liðnum árum verðum við að gera enn betur.

Fjölmargir hafa í gegnum árin stutt starfsemi samtakanna með myndarlegum hætti og erum við afskaplega þakklát fyrir þá velvild sem samtökin njóta. Þess vegna hefur samtökunum tekist að lifa og halda úti þróttmiklu starfi í aldarfjórðung.

Á þessum tímamótum langar mig, fyrir hönd Vímulausrar æsku, að þakka af hjartans einlægni öllum þeim sem komið hafa að starfinu og stutt svo myndarlega við það.

Stjórn samtakanna er staðráðin í að efla enn frekar starfið og mun þess sjá merki á afmælisárinu. Við verðum að halda ótrauð áfram að styðja við börnin og foreldra þeirra. Slíkur stuðningur getur skipt sköpum fyrir framtíð barnanna og komið í veg fyrir að þau leiðist út í slæman félagsskap, ánetjist vímuefnum eða lendi í andstöðu við samfélagið.

Nú heiti ég á þig, lesandi góður, að leggja okkur lið í baráttu fyrir velferð barnanna okkar.

Vímuvarnir hefjast heima. Við erum öll samábyrg þegar heill barnanna er annars vegar.

Kristján Guðmundsson
formaður stjórnar Vímulausrar æsku

Læra að takast á við lífið

Guðbjörg Erlingsdóttir vímuefnaráðgjafi sér um viðtöl við foreldra og unglinga/ungmenni vegna vímuefnaneyslu. Viðtölin eru opin öllum, hvort sem um er að ræða unglinga á byrjunarstigi neyslu eða þá sem eru lengra komnir.

Vímuefnaráðgjafarnir Guðbjörg Erlingsdóttir og Brynhildur Jensdóttir leiða stuðningshóp fyrir unglinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Einnig er starfræktur stuðningshópur fyrir unglinga. Ráðgjafarnir eru tveir, þær Guðbjörg Erlingsdóttir – ICADC og Brynhildur Jensdóttir – MA/ICADC.

Þær Guðbjörg og Brynhildur gáfu sér tíma til að svara nokkrum spurningum um starf vímuefnaráðgjafa og starfið í stuðningshópnum.

„Stuðningshópurinn er úrræði fyrir unglinga á aldrinum 15 til 20 ára sem átt hafa við vímuefnavanda að stríða. Hér fá þau stuðning, aðhald og leiðsögn um hvernig skal takast á við lífið án vímuefna eftir að meðferð lýkur.

Stuðningurinn samanstendur af hópmeðferð, einkaviðtölum og samveru um helgar. Hist er einu sinni í viku í hópi þar sem borðað er saman og svo er klukkustundar hópur þar sem farið er yfir líðan, áhættur, hindranir og aðra hluti sem koma upp í daglegu lífi. Allir skjólstæðingar hafa kost á að koma í einkaviðtal hjá sínum ráðgjafa og hafa einnig aðgang að ráðgjöfum í síma 24 stundir á dag.“

Í hverju felst starf vímuefnaráðgjafa?

„Starfið felst í því að hjálpa skjólstæðingnum að átta sig á vandanum og greina hann. Ráðgjöfin er einstaklingsbundin. Málin eru allt frá því að vera stutt inngrip í fikt unglings til langvarandi vímuefnavanda. Ráðgjafinn veitir stuðning og leiðbeinir skjólstæðingum í átt að viðeigandi úrræðum að hverju sinni.“

Koma krakkarnir til ykkar eftir að hafa lokið meðferð annars staðar eða fara þeir í gegnum allt ferlið hjá ykkur?

„Þau ungmenni sem eru í stuðningshópnum hafa öll lokið meðferð á stofnun á einhverjum tímapunkti. Þau koma þó ekki alltaf beint til okkar eftir að meðferð lýkur. Þau hafa oft reynt að fóta sig í lífinu án stuðnings en mistekist og leitað þá til okkar.“

Hvað felst í því að hjálpa þeim að takast á við lífið án vímuefna?

„Hjálpa þeim að átta sig á þeim áhættum og hindrunum sem koma upp í daglegu lífi og styðja þau í gegnum það. Einnig er mikilvægt að hjálpa þeim að átta sig á sjálfum sér, hvaða áhugamál þau hafa og beina þeim inn á þá braut sem hentar þeim.“

Eru foreldrarnir þátttakendur í öllu ferlinu?

„Það er mjög misjafnt. Margir foreldrar eru í sérstökum stuðningshópum fyrir foreldra. Að okkar mati eykur það batahorfur unglingsins þegar foreldrar eru virkir í ferlinu og styður við þær breytingar sem hann er að fara í gegnum.“

Hversu lengi eru þau undir ykkar handarjaðri?

„Það er misjafnt eftir hverjum og einum. Við miðum við 6 til 12 mánuði, en sumir eru lengur og aðrir skemur. Oft halda þau líka sambandi við okkur þó að formlegum stuðningi sé lokið. Þetta er langt ferli og skiptast oft á skin og skúrir. Það er mikilvægt fyrir unglinginn að finna að hann hefur stuðning, bæði á góðu og slæmu tímunum í ferlinu.“

● FRAMKVÆMDASTJÓRN VÍMULAUSRAR ÆSKU – FORELDRAHÚSS Á aðalfundi Vímulausrar æsku – Foreldrahúss síðastliðið haust lét Ólöf Ásta Farestveit af embætti formanns samtakanna eftir þriggja ára starfstíma. Ólöf Ásta sat í stjórn samtakanna í 16 ár eða frá 1994. Nýr formaður var kjörinn Kristján Guðmundsson, en hann hefur setið í stjórn samtakanna síðan 2004. Aðrir í stjórn 2010-2011 voru kjörnir Álfheiður Einarsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Halldóra Ingibergsdóttir, Jón Trausti Jónsson, Jóna Hrönn Bolladóttir og Stefán H. Stefánsson.

Fastir starfsmenn Foreldrahúss eru sex talsins: Guðbjörg Erlingsdóttir vímuefnaráðgjafi, Hrafndís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur, Kristín Snorradóttir foreldraráðgjafi, Brynhildur Jensdóttir vímuefnaráðgjafi og Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur. Framkvæmdastjóri Vímulausrar æsku – Foreldrahúss er Jórunn Magnúsdóttir.

VÍMULAUS ÆSKA – FORELDRAHÚS 25 ÁRA
Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | s. 511-6161 | vimulaus@vimulaus.is | www.vimulaus.is

Fréttabréf Vímulausrar æsku – Foreldrahúss
1. tbl. – 25. árg. september 2011
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Þröstur Emilsson
Umbrot: Fréttablaðið
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja **Dreifing:** Pósthúsið **Upplag:** 90.000

VERKÍS
Barnaverndarstofa
Tölvustoð
ALLT MERKT
Alþýðusamband Íslands
Vífilfell
VALITOR Lausnir án landamæra
VÍNBÚÐIN

Flott á eigin forsendum

Vímulaus æska/Foreldrahús hefur staðið fyrir sjálfstyrkingarnámskeiðum í ellefu ár. Á námskeiðunum læra krakkar að meta sjálf sig eins og þau eru.

Sjálfstyrkingarnámskeiðin eru fyrir börn og unglinga frá fimmta bekk í grunnskóla upp í annan bekk í menntaskóla," útskýrir Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur, sem heldur utan um sjálfstyrkingarnámskeið Foreldrahúss. „Aðalviðfangsefnið á námskeiðinu er krakkarnir sjálfir, en þeir fá að skoða sjálfa sig út frá samskiptum og tilfinningum í tengslum við vini, skóla og fjölskyldu," segir hún. Lögð eru fyrir ýmiss konar verkefni, allt eftir því hvernig hóparnir eru samansettir. „Þau fá að móta stemninguna sjálf," segir Elísabet og tekur sem dæmi að öflugir strákahópar kjósi frekar að fara í körfubolta meðan í sumum stelpuhópum myndist saumaklúbbsstemning. „Og þá fylgjum við bara þeirra óskum," segir Elísabet, en inn í námskeiðin flétta leiðbeinendur leiklist, myndlist og skemmtilega leiki. Hvert námskeið stendur í tólf vikur, einu sinni í viku í einn og hálfan tíma í senn. „Við skiptum hópunum eftir aldri og kyni en reynum einnig, sérstaklega í elstu hópunum, að skipta þeim eftir þroska og því sem þau eru að takast á við," segir Elísabet og minnist á að Pokasjóður hafi undanfarin ár styrkt námskeiðin veglega.

En hvað fá krakkarnir út úr námskeiðinu? „Þau fá viðurkenningu á því að þau eru flott eins og þau eru. Þau koma þarna á eigin forsendum og ekki er gerð nein krafa um hvernig þau eigi að vera," svarar Elísabet. Hún segir margra krakkana þjást af lágu sjálfstrausti og sjálfsmati. Þau séu auk þess mörg kvíðin og félagsfælin. Önnur séu andstæðan, hvatvís og tengist öðrum með því að stuða og ögra öðrum. „Þau læra að þau sem manneskjur eru 100 prósent í lagi en að sum hegðun þeirra geti verið óþægileg fyrir þau sjálf eða aðra," segir hún.

Þó að námskeiðin séu fyrst og fremst forvarnanámskeið hafa þau þróast í gegnum tíðina. „Eftir ellefu ára reynslu hefur safnast upp mikil fagþekking og mannauður hjá okkur. Við höfum því í auknum mæli komið inn í aðstæður sem eru orðnar erfiðar þar sem við reynum að stoppa af og leiðrétta vissa hegðun en þó alltaf með vilja krakkanna," útskýrir hún. „Þá erum við líka komin með tilfinningalega úrvinnslu fyrir krakka sem hafa átt erfitt lengi. Hafa upplifað erfiða skilnaði, dauðsföll eða veikindi eða hafa lent í einelti," segir Elísabet og segir marga koma á fleiri en eitt námskeið til að vinna úr sínum málum.

Hvernig komast svo krakkar að á slíkum námskeiðum? „Námskeiðin eru opin fyrir almenning og algengast er að foreldrar sæki um fyrir börnin sín en einnig koma beiðnir frá félagsþjónustu og skólum. Besta auglýsingin og algengasta er að krakkar mæla með þessum námskeiðum við aðra krakka og foreldrar við aðra foreldra," segir Elísabet og bætir við að Foreldrahús bjóði einnig upp á sjálfstyrkingarnámskeið úti á landi og haldi styttri námskeið að beiðni skóla eða bæjarfélaga. „Við teygjum okkur í allar áttir og mætum þörfinni." - sg

„Aðalviðfangsefnið á námskeiðinu er krakkarnir sjálfir, en þeir fá að skoða sjálfa sig út frá samskiptum og tilfinningum í tengslum við vini, skóla og fjölskyldu," segir Elísabet Lorange. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eftirmeðferð
Ummæli 16 ára stúlku

Eftirmeðferðin í Foreldrahúsi hefur aðeins gert góða hluti fyrir mig, það er mjög gott að koma þarna í einkaviðtöl og fá að tala við ráðgjafana þar."

„Í grúppur koma stelpur og strákar sem hafa átt við svipuð vandamál að stríða, það hjálpar mér mjög mikið að fá að koma þangað og tala um hvernig hefur gengið hjá mér og gott að hlusta á reynslu annarra, gaman að fara á stað þar sem maður getur treyst öllum sem þar eru."

„Í eftirmeðferðina mætum við einu sinni í viku í grúppur og í einkaviðtöl einu sinni í viku."

„Ég fæ líka mjög mikinn stuðning þegar mér hefur liðið mjög illa, þá hef ég samband við ráðgjafann minn sem hefur hjálpað mér í gegnum allt."

„Ég kom þarna inn mjög skemmd andlega fyrir sirka sex mánuðum. Eftirmeðferðin hefur gert mér kleift að þroskast andlega og þau hafa hjálpað mér að styrkja sjálfa mig gegn erfiðum tímum, sjálfstraustið mitt hefur aukist mjög mikið."

● VERNDARENGILL ÆSKUNNAR Í fjáröflunarskyni lét Vímulaus æska framleiða verndarengla, en engillinn er táknrænn hlutur fyrir eðli þess starfs sem unnið er í Foreldrahúsinu.

Engillinn er vandaður, handunninn gripur sem gaman er að eiga. Það er einlæg von okkar að sem flestir vilji eignast þennan kjörgrip til stuðnings starfsemi Vímulausrar æsku – Foreldrahúss.

Engillinn er tilvalin gjafavara fyrir fjölskyldu, vini og fyrirtæki til að sýna samhug og samstöðu með málefnum unga fólksins. Jafnframt minnir hann okkur á gildi forvarnastarfsins.

Engillinn er til sölu hjá okkur í Borgartúni 6 í Reykjavík, 2. hæð (sími 511 6161).

Söluverð á einum verndarengli er aðeins kr. 1.000.

Mikið úrval hágæða eldhústækja

CANDY KitchenAid Fissler De Dietrich Blomberg

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Arion banki BBA // LEGAL

Beautiful ICEcolors
Snyrti- og naglastofa
Naglaskóli
Langholtsvegur 17 Sími:553-6191 eða 568-4590
http://www.facebook.com/#!/ICEcolors

BYKO

FRAMVEGIS
Miðstöð um símenntun

BRIM SEAFOOD

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining

Sterk sjálfsmynd öflugasta vopnið

Kristín Snorradóttir, foreldraráðgjafi hjá Vímulausri æsku, tekur á móti foreldrum barna sem eiga í vímuefnavanda og styður við sjálfsmynd þeirra og tilfinningalega úrvinnslu.

Kristín Snorradóttir, foreldraráðgjafi hjá Vímulausri æsku, segir sterka foreldra eiga auðveldara með að setja mörk og efla sjálfsmynd barna. Í október fer hún af stað með sjálfstyrkingarnámskeið fyrir foreldra, burtséð frá því hvort börn þeirra eru í vímuefnaneyslu.

MYND/ANTON

Tilveran fer á hvolf hjá foreldrum sem komast að því að barn þeirra notar fíkniefni. Þeir fá áfall, ganga í gegnum tilfinningalegan rússíbana og fyllast ótta, reiði, sjálfsásökunum og skömm, því fíkniefnaheimurinn er ljótur og honum fylgja iðulega innbrot, vændi og ofbeldi," segir Kristín, sem í starfi sínu veitir einkaviðtöl, ásamt því að vera með stuðningshópa og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir alla foreldra.

„Sterk sjálfsmynd foreldra er mikilvægur liður í forvörnum. Foreldrar með sterka sjálfsmynd eru óhræddir við að setja mörk í kærleika og þeirra sterka sjálfsmynd eflir sjálfsmynd barna þeirra. Hins vegar brotnar sjálfsmynd foreldra oft í þessum átökum, þeir hætta að sinna sér og týna sjálfum sér. Þá er foreldrum einkar dýrmætt að hitta aðra í sömu sporum og fá samþykki fyrir tilfinningum sínum."

Í forvarnastarfi segir Kristín mikilvægt að börnum séu sett mörk, en að mörkin séu oft farin þegar barn velji að fara í neyslu.

„Mikil forvörn felst í því að halda útivistartímum og fá börn heim í kvöldmat þar sem fjölskyldan sest saman við eldhúsborðið og nýtur samveru og umræðu um dag hvers og eins. Tengslin skipta gríðarmiklu máli og brýnt er að viðhalda þeim. Fylgist því með börnum ykkar og gerið eitthvað með þeim, en munið á sama tíma að bera virðingu fyrir þeim sem eru að vaxa og verða unglingar. Nýtið ykkur að vera foreldri og verið óhrædd við foreldrahlutverkið."

Kristín segir unglingsárin viðkvæman tíma og að þar liggi mesta hættan á vímuefnafikti.

„Í tilveru unglinga er margt að gerast og þeir verða rótlausir. Því þarf að styrkja sjálfsmynd barna frá fæðingu því einstaklingur með sterka sjálfsmynd þarf ekki á vímuefnum að halda. Sterk sjálfsmynd er því öflugasta vopnið."

Að mati Kristínar er foreldrahlutverkið erfiðara í dag en áður. „Eftir hrunið göngum við í gegnum öfgafulla tíma, vinnudagurinn er langur og áreiti mikið í gegnum tölvur, síma, i-poda og annað. Foreldrar hafa í of mörg horn að líta og það er slæmt þegar börn loka sig af á heimili. Nýtum samveru eins mikið og hægt er og reynum að hafa tölvu heimilisins í almennu rými þar sem hægt er að fylgjast með því sem börn skoða um leið og tölvutíma er stillt í hóf. Mikilvægt er að fylgjast með netnotkun barna því þar er hægt að finna mikið af misgóðum upplýsingum og lenda í afar vafasömum félagsskap," segir Kristín.

Hún ráðleggur foreldrum barna í vímuefnavanda að leita hiklaust til Vímulausrar æsku því þeir þurfi hjálp, engu síður en börnin.

„Krakkarnir kunna sannarlega að meta foreldrastarfið og oft hef ég fengið ungling upp um hálsinn á mér með orðunum: „Takk fyrir að mamma er hjá þér." Það er dásamlega gefandi að sjá ungling kominn á góðan stað með foreldri sínu og hvernig þau ná saman og eiga heilbrigð og góð samskipti. Foreldrar eru enda frábært fólk og þótt skrefin séu þung eru þau skref sem hjálpa," segir Kristín.

Í vetur fékk Kristín óvænt verkefni þegar ónefndur grunnskóli brást hárrétt við og leitaði til Vímulausrar æsku um inngrip þegar börn í skólanum fóru að fikta við vímuefni.

„Þá setti ég strax á fót foreldrahóp barnanna þar sem þeir fengu stuðning við fyrsta inngrip og að setja börnunum mörk. Allt var unnið af einhug, hringt var á milli vegna gistinga, útivistartímar virtir, matartímar og fleira," segir Kristín. Síðan þá hefur hún fylgst með hópnum, sem er á góðum stað í dag.

„Ekkert barn ætlar sér að verða fíkill. Þau byrja að fikta vegna þess að það er spennandi og þau skilja vart merkingu orðsins ávanabindandi. Svo missa þau óvænt tökin og víman tekur völd," útskýrir Kristín.

Mikil og djúp sorg gagntekur foreldra barna sem verða vímuefnum að bráð.

„Margir foreldrar upplifa mögulegan missi barna sinna á hverjum einasta degi og flestir eru dauðhræddir við símann sinn. Til mín fæ ég foreldra barna sem eru komin mislangt í neyslu. Sum eru á virkilega hættulegum stað í sinni neyslu, önnur mjög hættuleg öðrum. Þannig lifa margir foreldrar í stöðugum ótta við ofbeldi barna sinna, að barn þeirra lifi ekki daginn af eða lendi í fangelsi," upplýsir Kristín.

„Það er óskapleg raun að sjá barn sitt í vímu fíkniefna og horfa á eftir því á skelfilegan stað. Þess vegna er mikilvægt að senda þessum fjölskyldum stuðning og kærleika, því kærleikurinn er mestur og mikilvægastur."

Skjót viðbrögð – Frásögn móður

Síðastliðinn vetur kom upp tilvik í grunnskóla í Reykjavík þar sem hópur unglinga varð uppvís að fikti með kannabisefni. Vímulaus æska – Foreldrahús sendi, að beiðni skólastjórnenda, fulltrúa í skólann til að fræða unglingana um skaðsemi neyslunnar. Jafnframt var settur á laggirnar sérstakur inngripshópur til stuðnings foreldrum, bæði til þess að setja börnunum mörk og eins til að samræma viðbrögð, svo snúa mætti þróuninni við á fyrstu stigum.

„Síðasta vor uppgötvaðist að 13 ára sonur okkur væri að reykja maríjúana ásamt hópi bekkjarfélaga sinna. Við höfðum strax samband við Foreldrahús og fengum þar viðtal við ráðgjafa sem hvort tveggja veitti okkur fræðslu og stuðning.

Okkur bauðst að taka þátt í foreldrahópum þar sem við hittum aðra foreldra sem voru í svipuðum sporum. Markmiðið með foreldrahópunum er að foreldrar styðji hverjir aðra á jákvæðan hátt og hjálpi þeim að setja sjálfa sig í forgrunn eins og frekast er unnt. Það að uppgötva að maður er ekki einn um að vera í þessum aðstæðum hjálpar manni að losa um þá sorg og þann vanmátt sem oft vill koma upp hjá foreldrum í þessum aðstæðum.

Foreldrahús bauð okkur foreldrum bekkjarfélaganna að koma á fót okkar eigin foreldrahópi. Við hittumst með ráðgjafanum á nokkurra vikna fresti bæði til að fá fræðslu og stuðning en síðast en ekki síst eru þessir fundir góð áminning á að börnin okkar eru ekki okkar einkamál. Við förum yfir stöðuna hverju sinni og gefum hvert öðru gagnleg ráð sem hafa reynst vel. Einnig setjum við sameiginlegar reglur fyrir hópinn í heild, til dæmis útivistarreglur og reglur um tölvunotkun.

Þátttaka Foreldrahúss í þessu starfi er afar mikilvæg. Fæstir foreldrar búa yfir nægilegri reynslu til þess að takast á við fíkniefnanotkun ungra barna og því var að okkar mati nauðsynlegt að fá aðstoð frá Foreldrahúsi, ekki bara til þess að leiða samræðurnar og bjóða upp á hlutlausan fundarstað heldur ekki síst til þess að styrkja okkur í foreldrahlutverkinu. Ráðgjafinn leggur okkur línurnar, veitir okkur innsýn í hugarheim ungra fíkla og gefur okkur ráð um hvernig við getum nýtt foreldravaldið og jákvæðan aga til þess að varna frekari neyslu.

Við höfum einnig nýtt þjónustu Foreldrahúss fyrir soninn. Hann hefur sótt listmeðferð frá því í vor og mun nú í haust sækja sjálfstyrkingarnámskeið á vegum þess. Líðan hans hefur breyst mjög til batnaðar á þeim tíma sem hann hefur verið í listmeðferð. Hann er opnari við okkur foreldrana og virkar jákvæðari og glaðbeittari en fyrir ári. Við erum jákvæð á framtíðina bæði fyrir hans hönd og okkar og er óhætt að segja að Foreldrahús hafi veitt okkur ómetanlega aðstoð og stuðning síðustu mánuðina."

SAFFRAN Portfarma samskip míla Lífæð samskipta ÍSFUGL
Ölgerðin Gamla Smiðjan PYLSU VAGNINN SELFOSSI nostra hrein og vistvæn vistor

PIPAR\TBWA - SÍA - 112402

„Það þarf að finna spennufíkninni heilbrigðan farveg," segir Hrafndís Tekla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þurfa kjark til að segja nei

Hrafndís Tekla Péturdóttir, sálfræðingur í Foreldrahúsi, segir hegðunarvanda barna geta endurspeglast í vímuefnanotkun síðar meir ef mikil vanlíðan sé undirliggjandi og leggur áherslu á að þörf sé á að meðhöndla gerendur eineltis ekki síður en þolendur.

Ég er ekki með einhver stöðluð lausnarorð sem gilda fyrir alla unglinga heldur mæti hverjum og einum þar sem hann er staddur og reyni að gefa honum eins góð ráð persónulega og mér er unnt. Þau fara að sjálfsögðu eftir því hvert vandamálið er," segir Hrafndís Tekla Pétursdóttir sálfræðingur, sem starfar í Foreldrahúsi í Borgartúni 6 og einu sinni í viku í litla Foreldrahúsinu í Hafnarfirði. Hún sinnir sálfræðiþjónustu og ráðgjöf fyrir börn og unglinga, vegna hegðunarvanda, kvíða, vímuefnanotkunar og margs fleira. Einnig er hún með ráðgjöf og stuðning fyrir alla fjölskylduna. „Vandi eins í fjölskyldunni verður óhjákvæmilega vandi allra," segir hún og telur oft ákjósanlegt að fá foreldra og börn saman í tíma og leyfa þeim að tjá sig. „Það geta til dæmis verið komnir upp svo miklir erfiðleikar í samskiptum milli foreldra og unglings að nauðsynlegt sé að höggva á þann hnút og heyra sjónarmið allra svo að hægt sé að koma til móts við ólíkar þarfir og óskir hvers og eins. Til að það geti orðið þurfa oft bæði unglingurinn og foreldrarnir að gefa eitthvað eftir og breyta hegðun sinni svo líf allra á heimilinu verði ánægjulegra."

Hrafndís Tekla tekur sem dæmi að árangursríkt geti verið að beita umbunum fremur en hegningum þegar samið er við unglinginn, þannig að hann hafi hag af því sjálfur að virða reglur sem honum eru settar, til dæmis að koma heim á tilsettum tíma og sinna náminu. Jafnframt sé mikilvægt að hann taki ábyrgð á þeim neikvæðu afleiðingum sem samið hafi verið um, brjóti hann af sér. „Það er hægt að heita á ungt fólk með ýmsu móti og hafa þannig jákvæð áhrif á hegðun þess. Stundum hefur gefist vel að lofa krökkunum hjálp með bílprófskostnaðinn ef þeir láta vera að nota áfengi eða önnur vímuefni, svo dæmi sé tekið."

Alla jafna er nóg að gera hjá Hrafndísi Teklu því margir eiga við vanda og vanlíðan að etja. Hún segir foreldra eðlilega áhyggjufulla vegna vaxandi kannabisnotkunar ungmennanna. „Krakkar virðast sumir halda að kannabis sé hættulaust en þar er mikill misskilningur á ferð. Best er ef hægt er að ná til þeirra og ræða við þá áður en út í þann slag er komið og byggja upp sjálfstraust og sjálfstæði í hugsun. Þá eiga þeir auðveldara með að segja NEI þegar efnin bjóðast. Það þarf oft meiri kjark til að segja nei en já, því þrýstingurinn getur verið mikill."

Ef vímuefnaneysla er orðin staðreynd en unglingurinn hefur vilja til að snúa af þeirri braut segir Hrafndís Tekla oft hægt að skipta út þeirri hegðun fyrir eitthvað sem hann hafi gaman af og sé innan hans áhugasviðs. „Það getur verið tengt tónlist, sporti eða einhverju öðru sem veitir gleði og vellíðan," bendir hún á. „Það þarf að finna spennufíkninni heilbrigðan farveg."

Kvíði er algengt vandamál hjá skólabörnum, einkum stúlkum, að sögn Hrafndísar Teklu. Oft er einelti orsök þess. „Stelpur eiga í meiri samskiptaerfiðleikum en strákar og mynda oft klíkur. Sumar kvíða því mjög að fara í skólann því þær vita ekki hvort þær falla inn í hópinn þann daginn eða verða útskúfaðar. Rafrænt einelti er orðið áberandi og eineltismál eru oft sársaukafull."

Talandi um einelti segir Hrafndís Tekla oft ekki nóg að styðja þann sem fyrir eineltinu verði; ekki sé síður þörf á að meðhöndla gerandann.

Að lokum er hún spurð hvort samhengi virðist milli hegðunarvanda barna og vímuefnanotkunar þeirra seinna meir. „Hegðunarvandi getur vissulega endurspeglast í vímuefnanotkun ef mikil vanlíðan er undirliggjandi. Víman er jú deyfandi meðan á henni stendur. Því er svo mikilvægt að finna orku barna jákvæðan og uppbyggilegan farveg til að losa um spennu og takast á við mótlæti. Reyna þannig að byrgja vímuefnabrunninn í tíma."

Póst dreifing
LAGNA LAGERINN
maritech
- tryggir þér samkeppnisforskot
Smáralind
Skeljungur
THE BODY SHOP
Kringlunni • Smáralind • Akureyri
LA LAUNAFL
KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN
KARL K. KARLSSON
LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health
ísbúð VESTURBÆJAR
init
SUSHI
inter Medica.
HS ORKA HF
KFC

Von og viska

Jóna Hrönn Bolladóttir starfaði sem miðborgarprestur í sjö ár og átti í mjög góðu samstarfi við fólkið í Foreldrahúsi.

Fyrir einu ári, þegar ég var beðin um að koma í stjórn Foreldrahússins/Vímulausrar æsku, hikaði ég ekki heldur sagði „Já“. Í mínum huga var það spurningin um að fá að sýna þakklæti mitt og virðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árið 1998 var ég beðin um að taka að mér embætti miðborgarprests í Reykjavík og leiða grasrótarstarf í miðborginni sem fólst meðal annars í því að sjálfboðaliðar voru á næturnar á rölti í miðborginni til að mæta unga fólkinu sem var þar og hlúa að því með því að vera með opið hús í Austurstræti 20, en það hús er gjarnan kallað Hressó. Mér leist ekkert allt of vel á að fara inn í þetta verkefni og hafði séð sjálfa mig fyrir mér í hefðbundnu prestsstarfi. Ég var því nokkuð kvíðin fyrir því sem fram undan var.

Stuttu eftir að ég tók við starfinu kom Jakob Ágúst Hjálmarsson dómkirkjuprestur að tali við mig og benti mér á að Foreldrahúsið/Vímulaus æska væri til húsa í Vonarstrætinu, skáhallt á móti safnaðarheimili Dómkirkjunnar. Hann hvatti mig til að heilsa upp á fólkið þar og sagði að þarna ætti ég örugglega bandamenn og vonandi einhvers konar samverkamenn til framtíðar. Ég tók vin minn á orðinu og mætti með opnum huga í Foreldrahúsið. Dómkirkjupresturinn reyndist sannspár því að á móti mér tóku sterkar og gefandi manneskjur, þær Elísa Wium, Þórdís Sigurðardóttir og Jórunn Magnúsdóttir. Allan tímann sem ég var starfandi miðborgarprestur, eða í sjö ár, átti ég bakhjarla og samstarfsmenn í þessum konum.

Fyrir einu ári, þegar ég var beðin um að koma í stjórn Foreldrahússins/Vímulausrar æsku, hikaði ég ekki heldur sagði „Já“. Í mínum huga var það spurningin um að fá að sýna þakklæti mitt og virðingu. Ég fékk að reyna hversu ótrúleg gjöf það var að geta beint foreldrum inn í Vonarstrætið, foreldrum sem stóðu ráðvilltir frammi fyrir þeim flókna og sára vanda að styðja barnið sitt út úr fíkniefnaneyslu. Og það var eins og konurnar væru stöðugt á vakt og alltaf tilbúnar að leiðbeina, styrkja og umvefja.

Við vorum líka samstarfsmenn í hópi sem kallaði sig „Betri borg“, en þar áttu fulltrúa sinn einnig Samhjálp, Rauðakrosshúsið, Félagsþjónustan í Reykjavík, Lögreglan og ÍTR. Þetta samstarf var öflugt, þar sem við kynntum starfsemi okkar hvert fyrir öðru. Þar fór fram upplýsingaflæði um ástandið í miðborginni, við stóðum saman að átaksverkefnum í tengslum við lok samræmdu prófanna, 17. júní og Menningarnótt. Þetta var frábært samstarf og miðlaði svo miklu inn á við og út á við.

Sem miðborgarprestur átti ég síðan alveg einstakt samstarf við Foreldrahúsið um minningarstundir um þá sem höfðu látist af völdum vímuefna. Ég minnist ógleymanlegra stunda þegar við í upphafi aðventu héldum minningarstund fyrir utan Foreldrahúsið og gengum síðan að Dómkirkjunni og settum lifandi ljós á kirkjutröppurnar til minningar um þau öll sem týnt höfðu lífi í baráttunni við vímuefni. Síðar fórum við gangandi frá Samhjálp á Hverfisgötunni niður að Dómkirkjunni og minntumst látinna. Að því loknu var farið í Foreldrahúsið til að ræða saman og þiggja veitingar.

Þessar stundir tengdu fólk saman og voru huggunarríkar. Ég fann í þessu samstarfi hversu mikil alúð var lögð í allt sem konurnar í Foreldrahúsinu komu að, virðing fyrir manneskjunni og mikil viska. Á þessum tímamótum þakka ég árveknina, úthaldið og umhyggjuna sem þau öll hafa sýnt sem hafa starfað fyrir Foreldrahúsið/Vímulausa æsku í gegnum árin. Ég er óendanlega þakklát fyrir allt það forvarnastarf sem þaðan hefur komið og fyrir þá visku og von sem hefur verið gefin inn í aðstæður fólks.

Jóna Hrönn Bolladóttir

● MARKMIÐ SAMTAKANNA

1. Að fræða foreldra um skaðsemi áfengis- og vímuefnaneyslu og fyrstu einkenni um hana, svo að þeir geti unnið markvisst forvarnastarf með börnum sínum.
2. Að vera hvetjandi og mótandi um forvarnastarf í þjóðfélaginu, í skólum m.a. með þátttöku barna og unglinga.
3. Að afla þekkingar hjá sérfræðingum og yfirvöldum til miðlunar meðal foreldra, m.a. með fyrirlestrum, fræðslubréfum og málefnalegri umfjöllun í fjölmiðlum.
4. Að stuðla að því að unglingar sem þegar hafa ánetjast vímuefnum fái hjálp svo og foreldrar þeirra.
5. Að stuðla að samveru unglinga og foreldra þeirra við heilbrigða tómstundaiðju, m.a. með vímulausum samkomum.

● MYNDARLEGUR STYRKUR FRÁ LIONS-MÖNNUM Í KÓPAVOGI

Lionsklúbburinn Muninn styrkti í vor Vímulausa æsku - Foreldrahús með veglegu framlagi eftir vel heppnaða tónleika með KK í Salnum 29. apríl sl. Nálægt 250 manns sóttu afmælistónleikana en innkoman rann óskipt til Foreldrahúss. Tilefnið var 40 ár afmæli Munins. KK tók öll sín bestu lög og lék einnig á aðra strengi, með sögum um tilurð laganna og uppeldismál. Kristján Guðmundsson, formaður Vímulausrar æsku, tók við styrknum í lok tónleikanna úr hendi Gísla Lárussonar, formanns Munins.

● UMSAGNIR BARNA UM SJÁLFSTYRKINGARNÁMSKEIÐIN

- „Mér finnst þetta vera ótrúlega skemmtilegt námskeið og ég mæli með því.“
- „Mér fannst þetta æðislegt námskeið. Ég eignaðist líka góða vini. Mér líður mjög vel eftir þetta námskeið.“
- „Ógeðslega skemmtilegt námskeið fyrir alla sem vilja kynnast öðrum krökkum og læra samskipti. Bara fjör.“

Hin lengsta ferð hefst með einu skrefi

Frásögn móður

Mér er minnisstæður dagurinn sem ég gekk í fyrsta skipti út úr Foreldrahúsi. Hann er mér minnisstæður fyrir þær sakir að sporin út voru léttari en sporin inn. Í fyrsta skipti var ég fullvissuð um að vera hvorki misheppnuð móðir, vonlaus uppalandi né sú eina sem átti í vandræðum með unglinginn sinn. Ég er fíklamamma, ein af mörgum, og í Foreldrahúsi steig ég fyrstu skrefin í átt að mínum bata.

Saga mín er orðin nokkuð löng, en eins og hjá mörgum unglingum hófst vandi dóttur minnar með notkun áfengis. Hún var ekki fermd þegar hún uppgötvaði áfengið og hóf fljótlega að nota það í óhófi. Eins og margir foreldrar hélt ég að unglingadrykkja væri eðlileg en fljótlega fóru efasemdaraddir að gera vart við sig í hausnum á mér. Ekki leið á löngu fyrr en mæting í skóla varð dræmari, sem ég skrifaði fyrst á vanlíðan sökum eineltis í skólanum. Það var ekki fyrr en Barnavernd var komin í spilið sem hjólin fóru að rúlla. Leiðin lá inn á Stuðla og upp frá því fór raunveruleikinn að skella harkalega á okkur foreldrunum. Á Stuðlum mældist dóttir okkar með kannabis í þvagi – fyrsti skellur. Ekki leið á löngu uns vinahópurinn fór að breytast, gamlir vinir fóru og nýir komu í staðinn. Helgarnar fóru að verða kvíðaefni og unglingurinn lét sig æ oftar hverfa heilu og hálfu sólarhringana. Í fíkniefnaprófi mældist amfetamín – annar skellur. Dóttirin var á hraðri niðurleið og við foreldrarnir algjörlega ráðþrota. Það var þá sem ég heyrði af félagsskap foreldra í svipuðum sporum sem kallaði sig Foreldrahús.

Það tók mig nokkurn tíma að manna mig upp og hafa samband, því mikið fannst mér ólíklegt að nokkurt foreldri væri jafn misheppnað og ég. Þegar ég loksins tók upp tólið svaraði yndisleg kona að nafni Jórunn sem hvatti mig eindregið til að koma í heimsókn. Þarna væru starfandi hópar af foreldrum sem hittust til að styrkja hverjir aðra og styðja. Það var sem sagt eftir minn fyrsta foreldrahóp sem þessi skref sem ég lýsti í byrjun urðu léttari.

Í fyrsta skipti heyrði ég sögu mína sagða af öðrum. Það voru fleiri að upplifa nákvæmlega sömu tilfinningar og vandamál og ég. Í kjölfarið komst ég að því að í Foreldrahúsi starfa yndislegir ráðgjafar sem eru boðnir og búnir að hjálpa og leiðbeina foreldrum. Ég bókaði mitt fyrsta viðtal hjá slíkum ráðgjafa og upplifði þar enn annan létti; þarna var einhver sem leyfði mér að ganga í gegnum alla tilfinningaflóruna með barnið mitt – hvort sem er góðar eða slæmar tilfinningar. Ég gat létt á mér, hlegið, grátið, reiðst og glaðst. Það var enginn að dæma mig. Og ekki nóg með það, heldur var mér boðið að hringja í ráðgjafann hvenær sem var!

Til að gera langa sögu stutta hef ég nýtt mér þann stuðning sem boðinn er í Foreldrahúsi, bæði frá öðrum foreldrum í formi foreldrahópa sem og ráðgjafa, og ósjaldan nýtti ég mér Foreldrasímann. Ég hef oft verið spurð að því hvernig ég hangi uppi eftir alla mína baráttu, sem nú telur á fimmta ár. Svarið er ekki einfalt en ég er þess fullviss að hefði ég ekki notið stuðnings af því starfi sem fram fer í Foreldrahúsi væri ég hvorki í standi til að sinna sjálfri mér né öðrum. Vonin um bata barnsins míns er einnig alltaf ofarlega í huga, sem og trúin á eigin styrk. Ég á Foreldrahúsi mikið að þakka og hvet foreldra með börn eða unglinga í vanda til þess að leita þangað. Það mun ég halda áfram að gera.

5 ára VINNUVERND ehf velliðan í vinnu
STEFNA HUGBÚNAÐARHÚS
Íslandsbanki
Boðleið
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN
KPMG
mjöll frigg -hreinlega sterkari
Staki

Er heimilið örugglega öruggt?

Fáðu ráðgjöf og tilboð hjá
Trausta öryggisráðgjafa
á oryggi.is

Á oryggi.is getur þú með einföldum og fljótlegum hætti fengið vandaða öryggisráðgjöf og tilboð í öryggiskerfi sem hentar þínu heimili eða sumarhúsi.

Kíktu á Trausta öryggisráðgjafa á oryggi.is og láttu hann ráðleggja varðandi kerfi og gera þér verðtilboð.

Heimaöryggi Sumarhúsaöryggi Öryggishnappur Öryggisvörur Öryggisgæsla

ÖRYGGI ○ VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 111020

Hollur matur í réttum skömmtum

Gömul matarhefð Íslendinga, þegar landsmenn átu mat sinn úr öskum, var Borghildi Sverrisdóttur, frumkvöðli og einkaþjálfara, að innblæstri að bættum matarkosti landa sinna. Askar voru misstórir eftir eigendum sínum og í þeim hæfilegir matarskammtar.

Borghildur Sverrisdóttir hefur starfað sem einkaþjálfari um árabil og veit hvað hún syngur þegar kemur að hreyfingu og hollri næringu.

„Helst vildi ég þurrka út orðið megrun úr orðaforða Íslendinga því megrun er afleit leið til þyngdarstjórnunar. Leiðin til árangurs er að borða rétt, alls ekki of lítið og verða aldrei svangur," segir Borghildur, sem í dag hleypir af stokkunum sprotafyrirtæki sínu, MatAski. Þar með opnast spennandi kostur fyrir þá sem vilja borða rétt, hollt og skynsamlega.

„Hugmyndin stakk niður kollinum þegar ég hlustaði á viðskiptavini mína tala um að hvergi væri hægt að nálgast rétt útbúnar máltíðir í sérsniðnum skammtastærðum," segir Borghildur, sem nú fer af stað með tvær vörulínur af fjórum: HeilsuAsk og FerðaAsk.

HeilsuAskur inniheldur allar máltíðir dagsins, unnar úr fyrsta flokks íslensku hráefni, auk ráðlags dagskammts af lýsi.

„Mörgum reynist erfitt að raða saman réttum matseðli fyrir daginn. Mikilvægast er að borða réttar skammtastærðir í takti við persónulegar þarfir og hreyfingu," segir Borghildur, sem á MatAski notast við þrautreynda reiknireglu við þyngdarstjórnun.

afsláttur af
nýjum vörum

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING
Dömu gallabuxur
1 stk. 4.000 kr.
2 stk. 7.000 kr.

Skór
500-
5.000 kr.

OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 18 erum á facebook

OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

SAMBÍÓIN

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
GILDIR EKKI Á SVEPPA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

DRIVE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	L
DRIVE LUXUS VIP	kl. 8 - 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6 - 6:30 - 8:30	2D	16
FRIGHT NIGHT - 3D	kl. 10:30	3D	VIP
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D	7
LARRY CROWNE	kl. 8	2D	7
GREEN LANTERN	kl. 10.10	2D	12
HORRIBLE BOSSES	kl. 5:50 (vip) - 8 - 10:10	2D	12
BÍLAR 2 M/ísl. Tali	kl. 5:30	2D	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

DRIVE	kl. 8	2D	16
ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali	kl. 6 - 8	2D	L
FRIGHT NIGHT	kl. 10:10	3D	16
ONE DAY	kl. 10:10	2D	L
BÍLAR m/ísl	kl. 5:50	2D	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN	kl. 6 - 8	2D	L
DRIVE	kl. 8 - 10:10	2D	16
BÍLAR 2 m/ísl tali	kl. 6	2D	L
FRIGHT NIGHT	kl. 10:10	3D	16

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

DRIVE	kl. 5:30 - 7 - 8 - -9:15 - 10:20	2D	16
ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali	kl. 5	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 5:20 - 8 - 10:40	2D	7
FRIGHT NIGHT	kl. 8	3D	16
BÍLAR 2 m/ísl tali	kl. 5	2D	L
FINAL DESTINATION 5	kl. 10:30	3D	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

DRIVE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	2D	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	2D	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8	2D	7
FRIGHT NIGHT - 3D	kl. 10:20	3D	16
Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurna			
THE TREE OF LIFE Ótextuð	kl. 9		10
RED CLIFF enskur texti	kl. 6		14

SAMBÍÓIN SELFOSS

ALGJÖR SVEPPI	kl. 6 - 8	L
FINAL DESTINATION 5	kl. 10:10	16
BÍLAR 2 m/ísl tali	kl. 5.30	L
CRAZY, STUPID, LOVE	kl. 8	7
RISE OF THE APES	kl. 10:30	12

GLÆSILEG Leikkonan Sofia Vergara var flott að vanda í kjól eftir Veru Wang.

BERT Á MILLI Kjóll Gwyneth Paltrow frá Emilio Pucci var flottur. NORDICPHOTOS/GETTY

FRUMLEG Kjóll Heidi Klum í kjól frá Christian Sirian.

GLÆSILEGAR sjónvarpsstjörnur

Uppskeruhátíð sjónvarpsiðnaðarins, Emmy-verðlaunahátíðin, fór fram með pompi og pragt á sunnudag. Rauða dreglinum var rúllað út í Los Angeles og brosmildar stjörnur í fögrum klæðum stilltu sér upp fyrir ljósmyndara.

Gamanþáttaröðin Modern Family sópaði að sér verðlaunum og klæddust þær Sofia Vergara og Julie Bowen úr þáttunum síðkjólum á hátíðinni.

Gwyneth Paltrow og Katie Holmes mættu til að afhenda verðlaun og fyrirsætan og þáttastjórnandinn Heidi Klum vakti mikla athygli í frumlegum kjól.

Rauður og silfurlitaður voru vinsælustu litir rauða dregilsins að þessu sinni.

RAUTT Lea Michele með bert bak á hátíðinni, en kjólinn hennar er frá Marchesa-tískuhúsinu.

SVART Leikkonan úr þáttunum Boardwalk Empire, Kelly Macdonald, klæddist svörtu.

SIGURVEGARAR EMMY-VERÐLAUNANNA 2011

Aukaleikkona í gamanþáttum: Julie Bowen – Modern Family
Aukaleikari í gamanþáttum: Ty Burrel – Modern Family
Aðalleikkona í gamanþáttum: Melissa McCarthy – Mike & Molly

Aðalleikari í gamanþáttum: Jim Parson – Big Bang Theory
Besti gamanþátturinn: Modern Family
Besta leikstjórn á gamanþáttum: Michael Allan Spiller – Modern Family
Aukaleikkona í dramaþáttum: Margo Martindale – Justified
Aukaleikari í dramaþáttum: Peter Dinklage – Game of Thrones
Aðalleikkona í dramaþáttum: Julianna Margulies – The Good Wife
Aðalleikari í dramaþáttum: Kyle Chandler – Friday Night Lights
Besti dramaþátturinn: Mad Men
Besta leikstjórn á dramaþáttum: Martin Scorsese – Boardwalk Empire

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
I DON´T KNOW HOW... Í LÚXUS	KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	L
WARRIOR	KL. 8 - 10.50	16
SPY KIDS 4D	KL. 3.30 - 5.50	L
OUR IDIOT BROTHER	KL. 8 - 10.10	14
STRUMPARNIR 2D	KL. 3.40 - 5.50	L
STRUMPARNIR 3D	KL. 3.30 - 5.40	L
30 MINUTES OR LESS	KL. 8 - 10	14

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT	KL. 5.50 - 8 - 10.10	L
PEARL JAM TWENTY	KL. 8(UPPSELT) - 10.30	16
MELANCHOLIA	KL. 6 - 9	12
Á ANNAN VEG	KL. 6 - 8.30	10
SPY KIDS 4D	KL. 5.50	L
30 MINUTES OR LESS	KL. 10	14

BORGARBÍÓ ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI NÁNAR Á MIÐI.IS

I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT	KL. 6 - 8 - 10	L
COLOMBIANA	KL. 6 - 8 - 10	16

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075



Þriðjudagur er tilboðsdagur.

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

COLOMBIANA	8 og 10.15(POWER)
WARRIOR	7 og 10
THE DEVILS DOUBLE	10.15
CHANGE UP	5.50 og 8
STRUMPARNIR - 2D	6 - ISL TAL

Bíó ★★★

Jón og séra Jón

Leikstjóri: Steinþór Birgisson

Sérviska sérans á Ströndum

Séra Jón Ísleifsson er sóknarprestur í Árnesi á Ströndum og aðalviðfangsefni heimildarmyndarinnar Jón og séra Jón. Furðulegt háttalag prestsins og slæm umgengni á lóðinni í kringum prestssetrið hefur skapað óvild milli Jóns og sveitunga hans.

Jón er sérvitur og sóðalegur og það eitt og sér gerir heimildarmynd áhugaverða. Íslendingar virðast hafa sérstakan áhuga á fólki sem er á skjön við normið. Af Jóni eru til margar sögur, og inni á milli atriða í myndinni segir andlitslaus kvenrödd spaugilegar sögur af Jóni. Sögurnar minna margar hverjar helst á sögurnar af bræðrunum á Bakka, og best er trúlega sagan af því

þegar Jón rændi spjörunum af fuglahræðu sem honum fannst betur klædd en hann sjálfur.

Jón og séra Jón er vel gerð mynd að mörgu leyti og þessar tæpu 90 mínútur af rausinu í Jóni héldu vel athygli minni. Myndefnið er þó orðið sjö ára gamalt og stafræn myndgæðin frá þeim tíma henta vafalaust betur fyrir sjónvarp. Tónlist Björns Jörundar er lágstemmd og styður vel við myndskeiðin. Ég mæli með þessu.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Skemmtileg og góð heimild um sérstakan mann.

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

ÞRIÐJUDAGUR: JÓN OG SÉRA JÓN 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVÍNASTÍAN* (síðustu sýn.) 18:00, 20:00, 22:00 ■ GE9N 18:00, 20:00, *22:00* ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00, 20:00, 22:00

ÍSLENSKUR TEXTI. *ENGLISH SUBTITLES.*

VERTU FASTAGESTUR!
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



HAGKAUP STYÐUR ÁTAK VR GEGN KYNBUNDNUM LAUNAMUN

10% AFSLÁTTUR
FYRIR ALLAR KONUR
Í DAG ÞRIÐJUDAG AF ÖLLUM VÖRUM



HAGKAUP
Ein ferð betra verð

sport

sport@frettabladid.is

VALSKONUR eru meistarar meistaranna í kvennahandboltanum eftir 30-27 sigur á Fram í árlegu uppgjöri Íslands- og bikarmeistaranna í Meistarakeppni HSÍ. Valsliðið var með 9 marka forystu í seinni hálfleik þegar sjö Frammörk í röð hleyptu smá spennu í leikinn. Þorgerður Anna Atladóttir fór á kostum hjá Val og skoraði 11 mörk í leiknum.

1-3

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 603 — Þóroddur Hjaltalín (6)

0-1 Atli Guðnason (22.), 0-2 Pétur Viðarsson (49.), 0-3 Freyr Bjarnason (50.), 1-3 Magnús Björgvinsson (85.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–8 (6–5)
Varin skot	Óskar 2 – Gunnleifur 5
Horn	3–8
Aukaspyrnur fengnar	9–7
Rangstöður	3–3

GRINDAV. 4–3–3		FH 4–3–3	
Óskar Pétursson	5	Gunnleifur Gunnl.	7
Alexander Magnúss.	4	Pétur Viðarsson	7
(61. Ray A. Jónsson	5)	(84. Jón R. Jónsson	-)
Guðm. E. Bergsteinss.	5	Freyr Bjarnason	7
Ólafur Örn Bjarnas.	6	***Tommy Nielsen**	**8**
Jósef Kr. Jósefsson	4	Björn Daníel Sverriss.	6
Matthías Örn Friðr.	6	Hákon Atli Hallfr.	6
Orri Freyr Hjaltalín	7	Hólmar Örn Rúnarss.	5
Jóhann Helgason	6	Matthías Vilhjálmss.	7
(79. Hákon Ívar Ól.	-)	Ólafur Páll Snorrason	6
Scott Ramsay	6	(79. Gunnar Kristj.	-)
(84. Michal Pospisil	-)	Atli Guðnason	7
Óli Baldur Bjarnason	3	Atli Viðar Björnsson	5
Magnús Björgvinss.	5	(73. Bjarki Gunnl.	-)

2-3

Fylkisvöllur, áhorf.: 673 — Erlendur Eiríksson (7)

0-1 Baldvin Sturluson (54.), 0-2 Atli Jóhannsson (64.), 0-3 Garðar Jóhannsson (65.), 1-3 Kjartan Ágúst Breiðdal (75.), 2-3 Albert Ingas. (91.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7–7 (5–4)
Varin skot	Bjarni Þórður 1 – Ingvar 4
Horn	6–5
Aukaspyrnur fengnar	9–12
Rangstöður	5–0

FYLKIR 4–3–3		STJARNAN 4–3–3	
Bjarni Þ. Halldórsson	4	Ingvar Jónsson	6
Trausti B. Ríkharðss.	4	Nikolaj Pedersen	6
Þórir Hannesson	5	Tryggvi Sv. Bjarnason	6
Davíð Þór Ásbjörnss.	6	Daníel Laxdal	7
Kjartan Ágúst Breiðd.	6	Hörður Árnason	6
Ásgeir Börkur Ásg.	5	Þorvaldur Árnason	7
Gylfi Einarsson	5	(63. Atli Jóhansson	7)
(39. Elís R. Björnss.	5)	Halldór Orri Björnss.	7
Hjörtur Hermannss.	5	Jóhann Laxdal	6
Ásgeir Örn Arnþórss.	6	Bjarki Páll Eysteinss.	7
(81. Rúrik Andri Þorf.	-)	(46. Baldvin Sturlus.	7)
Tómas Þorsteinsson	-	Ellert Hreinsson	7
(20. Andri M. Herm.	5)	(87. Sindri Már Sig.	-)
Albert Brynjar Ingas.	6	***Garðar Jóhannss.**	**8**

1-0

Laugardalsvöllur, áhorf.: 722 — Valgeir Valgeirsson (7)

1-0 Kristinn Ingi Halldórsson (53.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–5 (6–3)
Varin skot	Ögmundur 2 - Ómar 5
Horn	11–5
Aukaspyrnur fengnar	13–10
Rangstöður	0–1

FRAM 4–3–3		KEFLAVÍK 4–4–2	
Ögmundur Kristinss.	6	Ómar Jóhannsson	7
Almarr Ormarsson	6	Viktor Smári Hafst.	5
Hlynur Atli Magnúss.	7	Adam Larsson	5
Allan Lowing	7	Guðjón Árni Anton.	6
Sam Tillen	7	Brynjar Guðmundss.	5
Jón Gunnar Eysteins.	6	Hilmar Geir Eiðsson	4
Orri Gunnarsson	5	Frans Elvarsson	5
Halldór Hermann	7	Andri Steinn Birgiss.	5
***Samuel Hewson**	**8**	Jóhann Birnir Guðm.	5
(88., Hólmbert Friðj.	-)	(62., Arnór Ingvi Tr.	5)
Steven Lennon	7	Grétar Ólafur Hjartars.	5
Kristinn Ingi Halld.	6	(71., Magnús Þorst.	-)
*Maður leiksins		Ísak Örn Þórðarson	5
		(71., Magnús Þórir	-)

Pepsi-deild karla staðan

KR	**19**	**11**	**7**	**1**	**38-18**	**40**
ÍBV	20	12	4	4	35-21	40
FH	**20**	**11**	**5**	**4**	**39-26**	**38**
Valur	20	10	5	5	28-18	35
Stjarnan	**20**	**9**	**7**	**4**	**43-31**	**34**
Fylkir	20	7	4	9	29-36	25
Keflavík	**19**	**6**	**3**	**10**	**22-26**	**21**
Breiðablik	20	5	6	9	28-38	21
Þór	**20**	**6**	**3**	**11**	**26-37**	**21**
Grindavík	20	4	8	8	23-35	20
Fram	**20**	**4**	**6**	**10**	**16-26**	**18**
Víkingur R.	20	2	6	12	21-36	12

BESTI MAÐUR VALLARINS Kjartan Henry Finnbogason lék vel með KR-ingum í gær, skoraði markið þeirra og hefði getað bætt við fleirum. Hér er hann í færi í fyrri hálfleiknum en Brynjar Gauti Guðjónsson hefur misst hann inn fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Vörnin eins og heimaklettur

Þrátt fyrir linnulausa sókn nær allan leikinn tókst KR aðeins að skora eitt mark gegn tíu leikmönnum ÍBV. Það er því enn spenna í Íslandsmótinu en KR-ingar klúðruðu gullnu tækifæri í gær þar sem þeir voru manni fleiri í 74 mínútur.

FÓTBOLTI KR er enn á toppi Pepsi-deildarinnar eftir 1-1 jafntefli gegn ÍBV í Eyjum í gær. Leiknum var stillt upp sem úrslitaleik mótsins enda tvö efstu liðin að berjast. Eyjamenn þurftu meira á stigunum þremur að halda en KR en í ljósi þess að þeir léku manni færri í 75 mínútur er stigið góð uppskera.

Vendipunktur leiksins kom eftir aðeins sextán mínútna leik. Þá gerði Brynjar Gauti Guðjónsson sig sekan um ótrúlegt dómgreindarleysi þegar hann sparkaði aftan í leikmann KR. Algjört óþarfabrot sem bauð hættunni heim enda var Brynjar rekinn af velli.

„Hann bombaði mig bara viljandi niður beint fyrir framan dómarann. Þetta var svolítið klaufalegt hjá honum," sagði KR-ingurinn Grétar Sigfinnur Sigurðarson, sem fékk sparkið frá Brynjari Gauta.

Þó svo að Eyjamenn væru manni færri tókst þeim að komast yfir. Englendingurinn ungi, Aaron Spear, kom þá boltanum í markið af miklu harðfylgi. Eyjamenn voru yfir í hálfleik þó svo að þeir hefðu varla komist yfir miðju.

Heimamenn náðu að þétta varnarleikinn í síðari hálfleik og KR-ingar fengu ekki sömu opnu færin og í fyrri hálfleik. Pressan var samt linnulaus og á endanum brast stíflan þegar Kjartan Henry stangaði knöttinn í netið. Leikurinn opnaðist nokkuð undir lokin og Eyjamenn fengu sín tækifæri en mörkin komu ekki.

KR-ingum hefur gengið afar illa að loka leikjum síðustu vikur og á því varð engin breyting nú. Þeir fengu ótrúlega gott tækifæri til þess að koma annarri hendi á bikarinn en klúðruðu því. Þeir eru enn á toppnum en verða að gera betur ef þeir ætla að verða meistarar.

„Við höfum verið að fá gullin tækifæri en aðeins klúðrað okkar málum. Við verðum samt að halda áfram," sagði Grétar.

Eyjaliðið var vel að stiginu komið. Vörnin eins og Heimaklettur og vinnuframlagið svakalegt. Með smá lukku hefðu Eyjamenn allt eins getað tekið öll stigin.

„Ég er sáttur við strákana og varnarleikurinn var fínn. Það var sorglegt að fá markið á sig. Menn virtust aðeins hafa sofnað í tvær sekúndur. Ég get ekki kvartað yfir framlagi minna manna. Stigið heldur lífi í mótinu en tap hefði þýtt að KR væri búið að vinna mótið," sagði Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV.

henry@frettabladid.is

1-1

Hásteinsvöllur, áhorf.: 1.052 — Þorvaldur Árnason (6)

1-0 Aaron Spear (27.)
1-1 Kjartan Henry Finnbogason (68.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6–18 (5–11)
Varin skot	Dhaira 10 – Hannes Þór 4
Horn	0–8
Aukaspyrnur fengnar	12–8
Rangstöður	0–7

ÍBV 4–3–3		KR 4–3–3	
Abel Dhaira	8	Hannes Þór Halld.	6
Arnór Eyvar Ólafsson	5	Guðm. Reynir Gunn.	7
Brynjar Gauti Guðj.	-	Grétar S. Sigurðarson	6
Rasmus Christiansen	8	Skúli Jón Friðgeirss.	6
Matt Garner	6	Dofri Snorrason	8
Tony Mawejje	8	Baldur Sigurðsson	7
Finnur Ólafsson	5	Bjarni Guðjónsson	7
(94. Kjartan Guðj.	-)	Viktor Bjarki Arnarss.	5
Þórarinn Ingi Vald.	8	Egill Jónsson	5
Tryggvi Guðmundss.	7	***Kjartan Henry**	**8**
Aaron Spear	7	Gunnar Örn Jónsson	5
(74. Guðm. Þórarins.	-)	(66. Björn Jónsson	6)
Ian Jeffs	5	*Maður leiksins	
(46. Yngvi M. Borgþ.	5)		

2-6

Kópavogsv., áhorf.: 523 — Garðar Örn Hinriksson (7)

0-1 Björgólfur Takefusa (25.)
0-2 Magnús Páll Gunnarsson (29.)
1-2 Árni Vilhjálmsson (36.)
1-3 Aron Elís Þrándarson (45.)
2-3 Rafn Andri Haraldsson (54.)
2-4 Björgólfur Takefusa (65.)
2-5 Björgólfur Takefusa (77.)
2-6 Aron Elís Þrándarson (88.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–12 (4–10)
Varin skot	Sigmar Ingi 4 – Magnús 3
Horn	5–2
Aukaspyrnur fengnar	17–15
Rangstöður	4–6

BREIÐAB. 4–3–3		VÍKINGUR 4–3–3	
Sigmar Ingi Sigurðss.	4	Magnús Þormar	5
Guðm. Kristjánsson	4	Kristinn J. Bjartmarss.	6
Kári Ársælsson	3	Tómas Guðmundss.	5
Þórður St. Hreiðarss.	3	Mark Rutgers	6
Kristinn Jónsson	5	Gunnar Einarsson	5
Finnur O. Margeirss.	6	(55. Hörður Bjarnas.	5)
Jökull Elísabetarson	5	Krisinn Magnússon	6
(83. Guðm. Péturss.	-)	Baldur Aðalsteinsson	7
Andri Rafn Yeoman	6	(70. Walter Hjaltest.	5)
Tómas Óli Garðarss.	6	Aron Elís Þrándarson	8
(70. Höskuldur G.	5)	Magnús Páll Gunn.	7
Kristinn Steindórsson	4	Sigurður Egill Lár.	6
(46. Rafn Andri Har.	6)	***Björgólfur Takefusa**	**8**
Árni Vilhjálmsson	7	(81. Viktor Jónsson	-)
		*Maður leiksins	

Víkingar rassskelltu Íslandsmeistara Breiðabliks og bæði FH og Stjarnan unnu mikilvæga sigra í gær:

Fimm lið í bullandi fallslag eftir sigur Fram

FÓTBOLTI Framarar fengu þrjú afar mikilvæg stig í fallbaráttunni í gær þegar þeir unnu 1-0 sigur á Keflavík í miklum baráttuleik í Laugardalnum. Fram er því komið upp í átján stig en aðeins þrjú stig skilja að liðin í 7.-11. sæti. Liðin í botnsætunum tveimur, Fram og Víkingur, voru einu liðin úr neðri hluta deildarinnar sem unnu sér inn stig í gær. Keflavík, Breiðablik og Þór eru öll með 21 stig og Grindavík með 20.

Víkingar, sem eru fallnir, unnu 6-2 stórsigur á Blikum í Kópavogi og FH-ingar og Stjörnumenn unnu síðan sína leiki. Titilvon FH lifir því enn og Stjörnumenn eru aðeins stigi á eftir Val í baráttunni um Evrópusætið.

Dýrmætt sigurmark í dalnum

Kristinn Ingi Halldórsson skoraði sigurmarkið dýrmæta fyrir Fram snemma í síðari hálfleik. Sigurinn var sanngjarn en Framarar sköpuðu sér fleiri færi í leiknum og voru hættulegri. Keflvíkingar komust næst því að jafna í uppbótartíma þegar varnarmaðurinn Adam Larsson átti skalla í stöng en þá höfðu Framarar misst mann af velli. Varamaðurinn Hólmbert Aron Friðjónsson fékk beint rautt aðeins fáeinum sekúndum eftir að hann kom inn á undir lok venjulegs leiktíma.

„Við höfum verið að klúðra nokkrum stigum í síðustu 5-6 leikjum okkar," sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram. „Þó höfum við verið að spila vel, rétt eins og í kvöld, og var því gott að fá þrjú stig í þetta skiptið."

Flestir sparkspekingar voru fyrir löngu

MIKILVÆGT SIGURMARK Kristinn Ingi Halldórsson tryggði Fram þrjú stig í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

búnir að dæma Framara niður um deild en þeir hafa safnað stigum í sarpinn, hægt og rólega, síðustu vikur og geta komið sér upp úr fallsæti með sigri í Grindavík í næstu umferð. „Fyrir nokkrum vikum var útlitið annað en takmarkið okkar fyrir þessa síðustu leiki var að gefa okkur alvöru séns á að bjarga okkur. Við eigum þennan séns í dag," sagði Þorvaldur.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, er hvergi banginn fyrir lokaslaginn þrátt fyrir tapið í gær. „Við munum berjast til síðasta leiks og það vitum við vel. Það er ekkert sjálfgefið í þessari deild."

Skoruðu sex gegn meisturunum

„Þetta var virkilega sætt því það var liðinn langur tími frá síðasta sigri," sagði Björgólfur Takefusa, framherji Víkings, eftir 6-2 sigur gegn Breiðablik í gær þar sem hann fór hamförum og skoraði þrennu. „Í ljósi umræðunnar og þess að vera fallnir fannst mér við sýna frábæran karakter í þessum leik," sagði Björgólfur en Víkingar voru fallnir fyrir leikinn og höfðu aðeins skorað sjö mörk og fengið tvö stig í fyrstu átta leikjunum undir stjórn Bjarnólfs Lárussonar.

Stjarnan vann 3-2 sigur á Fylki en öll mörk leiksins komu í síðari hálfleik. „Eftir rólegan fyrri hálfleik komum við virkilega sterkir til leiks í þeim síðari," sagði Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir að lið hans hafði betur gegn Fylki, 3-2, í Árbænum. „Það var algjör óþarfi að hleypa Fylki inn í leikinn hérna í lokin, en sigurinn var aldrei í hættu."

Að síðustu sýndu FH-ingar að þeir ætla ekki að slaka á á lokasprettinum en þeir unnu öruggan 3-1 sigur á Grindavík. „Við höfðum mikla yfirburði á vellinum. Það var þannig í raun þangað til staðan var orðin 3-0. Þá gáfum við fullmikið eftir og við hleyptum þeim inn í leikinn," sagði Gunnleifur Gunnleifsson markvörður FH.

- esá, kpt, sáp, gmi

ÍSLAND - BELGÍA
Á MIÐVIKUDAG KL. 19:30

VIÐ ÆTLUM Á EM 2013 OG ÞURFUM ÞÍNA HJÁLP!
PEPPAÐU OKKUR! MÆTTU Á LAUGARDALSVÖLLINN!

SNÚA ...

Miðasala á
midi.is
kr. 1.000 fyrir
17 ára og eldri
Ókeypis fyrir
16 ára og yngri

BORGUN · Lengjan · Coca-Cola · ICELANDAIR

errea

KSÍ

> Tom Hanks

„Að mínu mati er mun þægilegra að senda tölvupóst en að nota síma. Ég myndi henda símanum mínum ef ég kæmist upp með það."

Tom Hanks leikur í kvikmyndinni Angels & Demons, sem byggð er á skáldsögu Dans Brown og fjallar um prófessorinn Robert Langdon sem fenginn er til að leysa úr ýmsum vísbendingum til að finna stórhættulegt vopn sem gæti drepið milljónir manna. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ VELTIR TRÚARLEGU ÚTVARPSEFNI FYRIR SÉR

Kristilegu kærleiksblómin spretta ... á Rás 1

Nokkur umræða hefur skapast vegna tillagna mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar, en þar á bæ vilja menn taka fyrir trúboð í grunnskólum Reykjavíkur. Óhætt er að segja að í þeirri umræðu hafi kristallast allt það slæma í íslenskri umræðuhefð; mönnum eru gerðar upp skoðanir og látnir svara fyrir eitthvað sem þeir hafa ekki sagt. Tækifærið til að tylla sér niður og velta því af alvöru fyrir sér hvernig sambandi trúarsöfnuða og skólastarfs á að vera háttað hefur því miður farið forgörðum í upphrópunum.

Sjálfur hlaut ég hefðbundið kristilegt uppeldi í skóla og fór í kristilegar sumarbúðir. Það offramboð sem þar var að finna á guðsorðinu varð til þess að ég gekk af trúnni í sumarbúðunum, þótt hún hafi verið tekin tímabundið aftur þegar glytti í gylltan glanspappír fermingargjafanna. Það varði þó stutt. Þá hef ég ekki agnúast út í morgunbænir í leikskólum og skólum, heldur treyst foreldrum til að sinna uppeldinu sjálfir í þessari deild. Þeir sem yfir þessu kvarta hafa náttúrulega ýmislegt til síns máls; fólki af öðrum, eða engum, trúarbrögðum á ekki að líða illa yfir trúarlegum boðskap annarra.

Ríkisútvarpið er ein af menningarstofnunum þjóðarinnar. Þar á bæ ríkir nauðsynleg íhaldssemi, breytingar gerast hægt og sjaldan. Þar í Efstaleiti komast hins vegar aðeins að ein trúarbrögð; kristni.

Morgundagskráin hefst á bæn, nema á sunnudögum, þá er það morgunandakt. Á hverjum virkum degi má hlýða á orð kvöldsins, upplestur úr einhverju guðspjalli og útleggingu. Á sunnudögum eru síðan messur. Aldrei heyrast þar bænaklukkur múslima, bænakvak munka eða ritningarlestur úr öðrum trúarritum en Biblíunni.

Enginn skyldi ætla að þetta skilji á milli feigs og ófeigs í kristilegum blómagarði þjóðarinnar. Þó er miður að stjórnendur Ríkisútvarpsins skuli ekki bjóða upp á fjölbreyttari sýnishorn úr trúarlífi landsmanna.

RÚV

15.45 Íslenski boltinn (e)
16.40 Leiðarljós
17.25 Tóti og Patti (24:52)
17.35 Þakbúarnir (23:52)
17.47 Skúli skelfir (6:52)
17.58 Jimmy Tvískór (16:26)
18.20 Táknmálsfréttir
18.30 Laus og liðugur (5:20)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Þjórsárdalur Þjórsárdalur var vinsæll ferðamannastaður en hefur að sumu leyti gleymst. Dalurinn á sér áhugaverða jarðsögu, skartar þekktum náttúruperlum, fallegum skógi og átakamikil saga manna er tengd honum. Í nýrri heimildarmynd frá Lífsmynd er dalurinn kynntur.
20.30 Herstöðvarlíf (Army Wives)
21.15 Djöflaeyjan Fjallað verður um leiklist, kvikmyndir og myndlist með upplýsandi og gagnrýnum hætti.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Njósnadeildin (3:8) (Spooks IX) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.15 Anna Pihl (2:10) (Anna Pihl)
00.00 Kastljós (e)
00.25 Fréttir
00.35 Dagskrárlok

BÍÓ

06.15 Angels & Demons
08.30 Groundhog Day
10.10 The Nutty Professor
12.00 Angus, Thongs and Perfect Snogging
14.00 Groundhog Day
16.00 The Nutty Professor
18.00 Angus, Thongs and Perfect Snogging
20.00 Angels & Demons
22.15 The Kovak Box
00.00 Rothenburg
02.00 The Lodger
04.00 The Kovak Box

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Doctors (37:175)
10.15 Cold Case (13:22)
11.00 Glee (12:22)
11.45 Grey's Anatomy (23:24)
13.00 In Treatment (48:78)
13.25 Gossip Girl (21:22)
14.10 Ghost Whisperer (6:22)
14.55 iCarly (31:45)
15.25 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (3:24)
19.45 Modern Family (11:24)
20.10 Borgarilmur (5:8) Matur, kaffi, ást, tungumál og erkitýpur eru meðal viðfangsefna Ilmar í heimsókn sinni til Parísar. Ilmur eldar á minnsta veitingastað Parísarborgar, lærir að haga sér eins og frönsk dama og prófar hátísku, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
20.45 Hot In Cleveland (10:10) Frábærir gamanþættir sem fjalla um þrjár frábærar vinkonur frá Los Angeles, rithöfundinn Melanie Morretti, augnabrúnasérfræðing stjarnanna, Joy Scroggs, og fyrrverandi sápuóperuleikkonuna Victoriu Chase. Líf þeirra breytist til frambúðar þegar flugvélin þeirra, sem var á leið til Parísar, stoppar óvænt í Cleveland og vinkonurnar ákveða að dvelja þar um tíma og hefja nýtt líf.
21.10 Cougar Town (10:22)
21.35 Hawthorne (3:10)
22.20 True Blood (9:12)
23.20 Satisfaction (2:10)
00.10 The Closer (8:15)
00.55 The Good Guys (8:20)
01.40 Sons of Anarchy (8:13)
02.25 Adam and Eve
04.00 Medium (18:22)
04.45 Cold Case (13:22)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Pepsi mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
08.20 Pepsi mörkin Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
15.30 ÍBV - KR Útsending frá leik í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
17.20 Pepsi mörkin Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
18.35 Enski deildarbikarinn: Leeds - Man. Utd. Bein útsending frá leik Leeds United og Manchester United í enska deildarbikarnum.
20.45 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
21.15 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
22.10 Enski deildarbikarinn: Leeds - Man. Utd.

SPORT 2 *enski boltinn*

14.25 Wolves - QPR Útsending frá leik Wolverhampton Wanderers og Queens Park Rangers í ensku úrvalsdeildinni.
16.15 Sunderland - Stoke Útsending frá leik Sunderland og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
18.05 Premier League Review 2011/12 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
19.00 Tottenham - Liverpool Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Man. Utd. - Chelsea Útsending frá leik Manchester United og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
22.40 Football League Show Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
23.10 Bolton - Norwich Útsending frá leik Bolton Wanderers og Norwich City í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.25 Parenthood (5:22) (e)
17.15 Rachael Ray
18.00 Got To Dance (4:21) (e)
18.50 America's Funniest Home Videos - OPIÐ (10:50) (e)
19.15 Rules of Engagement - OPIÐ (7:13) (e)
19.40 Hæ Gosi - OPIÐ (2:6) (e) Íslensk gamanþáttaröð sem fékk frábærar viðtökur í sumar.
20.10 Outsourced (2:22) Todd er venjulegur millistjórnandi hjá fyrirtæki sem selur smádót í gegnum símasölu. Dag einn þegar hann mætir til vinnu er honum sagt að verkefnum símaversins hafi verið útvistað til Indlands og hann eigi að flytja þangað.
20.35 The Marriage Ref (4:10) Bráðskemmtileg þáttaröð þar sem stjörnudómstóll leysir úr ágreiningsmálum hjóna. Grínistinn Jerry Seinfeld er hugmyndasmiðurinn á bak við þættina en kynnir og yfirdómari er grínistinn Tom Papa.
21.25 Nýtt útlit (2:12) Þessir vinsælu þættir snúa nú aftur með breyttu sniði. Þau Jóhanna, Hafdís og Ási aðstoða ólíkt fólk að ná fram sínu besta í stíl og útliti.
21.55 In Plain Sight (12:13)
22.40 Dexter (10:12) (e)
23.30 CSI: New York (14:22) (e)
00.20 Leverage (12:16) (e)
01.05 Shattered (13:13) (e)
01.55 Smash Cuts (31:52) (e)
02.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
08.10 BMW Championship (1:4)
11.10 Golfing World
12.50 BMW Championship (1:4)
16.00 Ryder Cup Official Film 2002
18.00 Golfing World
18.50 PGA Tour - Highlights (33:45)
19.45 The Players Championship (4:4)
22.00 Golfing World
22.50 PGA Tour - Highlights (30:45)
23.45 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors (116:175) Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar – sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum – veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar.
20.15 Grey's Anatomy (21:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Love Bites (6:8) Frábærir rómantískir gamanþættir þar sem allt er látið flakka um nútímaástarsambönd.
22.35 Big Love (5:9) Fjórða þáttaröðin um Bill Henrickson og óvenjulegu fjölskylduna hans. Sögusvið þáttanna er samfélag mormóna í Salt Lake City í Utah-ríki þar sem fjölkvæni tíðkast.
23.35 Weeds (11:13) Gamanþættir um ekkjuna úrræðagóðu, Nancy Bowden, sem ákvað að hasla sér völl sem eiturlyfjasali.
00.05 The Bill Engvall Show (8:12)
00.30 Týnda kynslóðin (5:40)
01.00 Grey's Anatomy (21:24)
01.45 The Doctors (116:175)
02.30 Sjáðu
02.55 Fréttir Stöðvar 2
03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
21.00 Bæjarstjórnarfundur Útsending frá bæjarstjórnarfundi frá því fyrr um daginn.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Yngvi Örn Kristinsson ræðir um hagfræði eyjunnar bláu.
21.00 Græðlingur Gurrý og grænir fingur í ávaxtarækt austanfjalls.
21.30 Svartar tungur Rætt um pólitíkina.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

FYRIR MINNIÐ OG HEILANN

Neurozan

- Inniheldur alhliða vítamínformúlu
- Hjálpar til við upptöku líkamans af mikilvægum næringarefnum sem aðstoða við að viðhalda minni og einbeitingu
- Inniheldur Ginkó Biloba extract, 5-HTP, Q 10 og fleiri efni sem hafa áhrif á starfsemi heilans

Öll næringarefni sem þú þarft færðu úr EINNI töflu á dag

FYRIR ÓNÆMISKERFIÐ

Immunace

- Stuðlar að bættu ónæmiskerfi
- Inniheldur samsetningu af 22 andoxunarefnum, vítamínum og nauðsynlegum næringarefnum fyrir ónæmiskerfið
- Hjálpar til við að viðhalda mótstöðu gegn sýkingum og veitir vörn gegn skaðlegum sindurefnum
- Hjálpar til við að vernda frumur innan frá
- Inniheldur betacarótín, og L-carnitine

FÆST Í APÓTEKUM

VITABIOTICS
WHERE NATURE MEETS SCIENCE

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT
Leeds - Man. Utd.
Bein útsending frá leik Leeds United og Manchester United í enska deildarbikarnum. Ekki er mikill vinskapur á milli stuðningsmanna félaganna og inni á vellinum hafa þau oft háð harða baráttu í gegnum tíðina.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Að horfa á tónlist **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Stimpilklukkan **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.40 Keeping Up Appearances **11.10** Fawlty Towers **11.45** ‚Allo ‚Allo! **12.15** ‚Allo ‚Allo! **12.50** Inspector Lynley Mysteries **13.40** Inspector Lynley Mysteries **14.25** Keeping Up Appearances **14.55** Keeping Up Appearances **15.25** ‚Allo ‚Allo! **15.55** ‚Allo ‚Allo! **16.30** Fawlty Towers **17.00** Fawlty Towers **17.35** The Inspector Lynley Mysteries **18.25** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Gavin & Stacey **21.45** My Family **22.15** Top Gear **23.05** The Graham Norton Show

DR 1

11.05 Vores Liv: Bidt af naturen **11.35** Aftenshowet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Lille Nørd **15.00** Livet i Fagervik **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv: Skattejægerne **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Bonderøven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander **21.30** Borgen **04.00** Molly Monster **04.05** Chiro **04.10** Hubert **04.20** Humf **04.35** Carsten og Gittes Vennevilla

NRK 1

10.00 Nyheter **10.15** Førkveld **10.55** Vår ville verden **11.00** Nyheter **11.05** Aktuelt **11.35** Urix **11.55** VM sykkel **12.00** Nyheter **12.05** VM sykkel **13.00** Nyheter **13.10** VM sykkel **14.00** Nyheter **14.10** VM sykkel **15.00** Nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Ut i naturen. Magasin **18.15** Folk **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Brennpunkt **20.30** Folk i farta **21.00** Kveldsnytt **21.15** Elskerinner

svt1

09.45 Gäster med gester **10.30** Tillfällets hjältar **11.00** Moraeus med mera **12.00** Cykel-VM **14.00** Rapport **14.05** Cykel-VM **15.00** Färdmedlet **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Vem tror du att du är? **19.00** Landet Brunsås **19.30** Hübinette **20.00** Dox **21.30** Stulen identitet **22.20** Rapport **22.25** Half Past Dead **00.00** Rapport **00.05** En andra chans



BESTI BITINN Í BÆNUM

„Tapas barinn því með góðum vilja get ég talið mér trú um að ég sé á suðrænum slóðum þegar ég borða þar og hráefnið er alltaf 100%.“

Edda Sif Pálsdóttir, íþróttafréttamaður hjá RÚV

Íslenskri tísku hampað fyrir frumleika

„Gestir hrósuðu hönnuðum í hástert og voru flestir sammála um að línur íslensku fatahönnuðanna hefðu verið frumlegar og ættu fullt erindi á alþjóðamarkað,“ segir Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Runway.

Reykjavík Runway stóð fyrir sýningarbás með íslenskum hönnuðum á tískuvikunni í New York um helgina og var aðsóknin í básinn mikil.

Þeir hönnuðir sem sýndu sumarlínur sínar voru Helga Lilja Magnúsdóttir, sem er með merkið Helicopter, Mundi, Eygló Margrét Lárusdóttir, sem hannar undir merkinu EYGLO, og Sólveig og Edda Guðmundsdætur með Shadow Creatures. Einnig var Harpa Einarsdóttir með merkið sitt Ziska, en förin til New York var hluti af verðlaunum hennar sem sigurvegari fatahönnunarkeppninnar Reykjavík Runway.

„Móttökurnar voru framar vonum og við fengum marga góða gesti. Fyrirspurnir um fatnaðinn komu meðal annars frá kaupendum frá Japan, Kína, Kanada og Bandaríkjunum,“ segir Ingibjörg Gréta, en Dorrit Moussaieff forsetafrú fylgdi íslensku hönnuðunum á tískuvikuna, sem þeir kunnu vel að meta.

„Það að hún gaf sér tíma til að koma með til New York og aðstoða íslensku hönnuðina var ómetanlegt, því ekki geta allir státað af slíkum stuðningi,“ segir Ingibjörg Gréta, ánægð með árangurinn á tískuvikunni, en bætir við að þau þurfi að koma aftur til að fylgja velgengninni eftir.

- áp

STYÐJA ÍSLENSKA TÍSKU Fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir sýndi sína línu fyrir áhugasömum kaupendum. Hún er hér ásamt Dorrit Moussaieff forsetafrú og Ingibjörgu Grétu Gísladóttur, framkvæmdastjóra Reykjavík Runway.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ungviðið flykkist í bíó þessa dagana til að sjá þrívíddarmyndina **Sveppa**, Villa og Góa í kvikmyndinni Algjör Sveppi og töfraskápurinn. Sveppi nýtur mikilla vinsælda eins og sést á aðsóknartölum helgarinnar, en alls hafa nú rúmlega átján þúsund gestir séð þriðju myndina um þá félaga. Myndin hefur nú halað inn um átján milljónir í miðasölu og situr kyrrfilega í efsta sæti aðsóknarlistans.

Önnur íslensk mynd hefur verið að sækja í sig veðrið, en það er kvikmyndin Á annan veg eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson með þeim **Hilmari Guðjónssyni** og Sveini Ólafi Gunnarssyni í aðalhlutverkum. Eins og Fréttablaðið greindi frá fór aðsóknin hægt af stað. Leikstjórinn lofaði hins vegar að um leið og hinu síðbúna sumri myndi ljúka ykist aðsóknin. Og hann virðist hafa hitt naglann á höfuðið að einhverju leyti, því nú hafa yfir þúsund manns séð myndina, sem hefur fengið einróma lof gagnrýnenda.

Það voru margir prúðbúnir krakkar sem flykktust í Borgarleikhúsið um helgina þegar leikritið Galdrakarlinn í Oz var frumsýnt. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri tók á móti gestum, en meðal þeirra var frú Vigdís Finnbogadóttir, sem kom í fylgd barnabarna sinna. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, kom í leikhúsið ásamt börnum og barnabörnum. Guðjón Davíð Karlsson leikari var einnig mættur ásamt syni sínum, en hann á von á sínu öðru barni innan skamms. Einnig mátti sjá söngvarann **Pál Óskar** og borgarstjórann Jón Gnarr meðal frumsýningargesta. Að lokinni sýningu var svo leikstjóranum Bergi Þór Ingólfssyni og leikaraliðinu klappað lof í lofa.

- fgg, áp

HALLDÓR HELGASON: SELJA SNJÓBRETTI Í 19 LÖNDUM VÍÐA UM HEIM

Með mann til að sjá um vaxandi viðskiptaumsvif

„Núna getum við gert nákvæmlega það sem við viljum og það gengur mun betur en við bjuggumst við í upphafi.“ segir Halldór Helgason snjóbrettakappi, sem var staddur í Sviss þegar Fréttablaðið náði í hann.

Halldór og Eiki bróðir hans eru á meðal þekktustu snjóbrettakappa heims um þessar mundir. Undanfarin misseri hafa þeir prófað sig áfram í viðskiptahlið íþróttarinnar og stofnað fyrirtækin Lobster, um hönnun og framleiðslu á snjóbrettum, 7 9 13, um hönnun á beltum ásamt því að koma að fyrirtækinu Hoppípolla, sem framleiðir húfur. Þá er Halldór með samning við Nike-íþróttavörurisann og kemur fram í nýju kynningarmyndbandi á vegum fyrirtækisins, sem var tekið upp í Noregi.

Halldór er ánægður með samstarfið við Nike og segir að þar á bæ taki menn hlutina ekki of alvarlega, þrátt fyrir stærð fyrirtækisins. „Þeir leyfa mér að gera það sem ég vil, þannig að það er algjör snilld,“ segir hann. „Ég fæ dót frá þeim, geng í því og fæ að vera eins mikið á snjóbretti og ég get.“

Halldór og Eiki ferðast um heiminn á veturna og taka upp snjóbrettamyndbönd, ásamt því að taka þátt í keppnum. Þeir eru atvinnumenn í íþróttinni en stofnuðu Lobster fyrr á þessu ári og hafa nú ráðið Svíann Kristoffer Hansson til að sjá um viðskiptahlið íþróttarinnar fyrir sig. „Við viljum báðir hugsa um að vera á snjóbrettum eins mikið og við getum. Svo lærum við á viðskiptin hægt og rólega með,“ segir hann. „Kristoffer sér um að útvega betri samninga og svona. Það er mjög fínt því ég nenni ekki að hugsa um *bisnessinn* núna.“

Lobster-bretti Halldórs og Eika eru seld í verslunum í nítján löndum víða um heim og í gegnum netverslun fyrirtækisins. Halldór og Eiki hanna brettin sjálfir og hann segir viðskiptin ganga vel. „Snjóbrettabransinn er erfiður. Það er svo mikið í gangi. En Lobster gengur mjög vel, það er algjör snilld,“ segir Halldór.

Fram undan hjá honum er keppni í Svíþjóð og þaðan heldur hann til Austurríkis að renna sér. Hægt er að fylgjast með ævintýrum og viðskiptum bræðranna á bloggi þeirra: Helgasons.com.

atlifannar@frettabladid.is

MEÐ VIÐSKIPTIN Á HREINU Halldór Helgason og Eiki bróðir hans eru á meðal þekktustu snjóbrettakappa heims. Viðskiptaveldi þeirra vex með þeim og nú selja þeir snjóbretti í nítján löndum víða um heim.

Sjötíu þúsund plötur á átta árum

Tónlistarmaðurinn Mugison hefur selt plötur sínar í tæpum sjötíu þúsund eintökum. Þetta er mjög góður árangur, sérstaklega í ljósi þess að einungis átta ár eru liðin síðan fyrsta plata hans, Lonely Mountain, kom út.

Um er að ræða sölu á plötunum bæði hér heima og erlendis en meirihlutinn er heimasala. Samkvæmt upplýsingum frá tónlistarmanninum sjálfum, hefur síðasta plata Mugison, Mugiboogie, selst mest eða í 25 þúsund eintökum. Skammt undan er Mugimama, Is This Monkeymusic með rúm 23 þúsund eintök. Í þriðja sæti kemur Lonely Mountain sem hefur selst í um þrettán þúsund stykkjum og því næst hafa Ítrekun og tónlist Mugison við kvikmyndirnar A Little Trip To Heaven, Mýrina og Niceland selst samanlagt í sex til sjö þúsund eintökum.

Fjórða eiginlega sólóplata Mugisons kemur út í næstu viku, eða laugardaginn 1. október, og heitir hún Haglél, eftir laginu sem hljómaði í sumar við góðar undirtektir. Sama dag heldur hann útgáfutónleika í Fríkirkjunni. Fólk getur þó keypt plötuna viku fyrr í forsölu og hlaðið henni niður á síðunni Mugison.is.

Ef eitthvað er að marka viðtökurnar við síðustu plötum má búast við mjög góðri sölu á Hagléli og skemmir það varla fyrir að á henni syngur Mugison í fyrsta sinn öll lögin á íslensku.

- fb

VINSÆLL Mugison er einn vinsælasti tónlistarmaður landsins enda hefur hann selt hátt í sjötíu þúsund eintök af plötum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

PRIME KYNNIR

Tónleikarnir eru í samstarfi við Víking léttöl

ÉG TRÚI Á ÞIG

BUBBI

Á ferð um landið

SEPTEMBER

20.	þriðjud.	Bifröst	Borgarfirði
21.	miðvikud.	Klif	Ólafsvík
23.	föstud.	Fríkirkjan	Hafnarfirði
24.	laugard.	Bíóið	Akranesi
25.	sunnud.	Félagsgarður	Kjós
28.	miðvikud.	Rauðka	Siglufjörður
29.	fimmtud.	Græni Hatturinn	Akureyri
30.	föstud.	Berg	Dalvík

OKTÓBER

1.	laugard.	Kirkjan	Húsavík
2.	sunnud.	Mælifell	Sauðárkróki
6.	fimmtud.	Háskólabíó	Reykjavík

ALLIR TÓNLEIKARNIR HEFJAST KL 20:30

Miðasala á www.midi.is og við innganginn

MIÐAVERÐ 2.500 kr.

Nánar á **www.prime.is** og **www.bubbi.is**

Nánar á www.prime.is og www.bubbi.is

VÍKING LÉTTÖL

sense

prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Seint á ferðinni

Leikárið er hafið í Þjóðleikhúsinu og um helgina var Svartur hundur prestsins, eftir Auði Övu Ólafsdóttur, frumsýnt í Kassanum. Að þessu sinni ber svo við að sýningar hefjast klukkan 19.30 en ekki klukkan 20 eins og lengi hefur tíðkast og leikhúsfólk hefur vanið sig á. Einhverjir byrjunarörðugleikar virðast ætla að verða á þessu fyrirkomulagi því nokkrir leikhúsgestir gerðu sig líklega til að ganga í salinn skömmu fyrir klukkan átta þegar allt var komið á fulla ferð. Þar á meðal voru gagnrýnandinn Jón Viðar Jónsson og **Sveinn Einarsson**, fyrrverandi Þjóðleikhússtjóri, sem var ekki kátur yfir örlögum sínum.

Ráðuneytin drekka betur

Mikið var um dýrðir á Drekktu betur keppni á föstudaginn var, sem haldin er vikulega á Bar 46 á Hverfisgötu. Starfsfólk hinna ýmsu ráðuneyta ákvað að láta ljós sitt skína í spurningakeppninni þetta kvöldið, en meðal keppenda voru Rósa Björk Brynjólfsdóttir, upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins, **Kristján Guy Burgess**, aðstoðarmaður Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra, og Steindór Grétar Jónsson, sérfræðingur hjá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu. Sá síðastnefndi endaði uppi sem sigurvegari og voru verðlaunin ekki af verri endanum frekar en endranær, kassi af bjór, sem Steindór deildi með félaga sínum, Birni Teitssyni.

- hdm, sv

Mest lesið VÍSIR

1. Stal síma og „addaði“ eigandanum á Facebook
2. Newsweek: Best að vera kona á Íslandi
3. Mönnum var dálítið brugðið
4. Farþegar Icelandair fengu áfallahjálp
5. Modern Family fékk flest verðlaun á Emmy

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum

NÝ DÝNA
FREYJA, SAGA OG ÞÓR
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur

Verðdæmi:
FREYJA / SAGA Queen rúm **129.900**
ÞÓR Queen rúm **149.900**

BOARD S-CAPE
WALLHUGGER
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Board hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
S-Cape er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

Tilboð í september
35% afsláttur
af stóra hægindasófasettinu
fæst í dökku og ljósu leðri

2 og 3 sæta
verð áður 339.800
nú 259.870
2755

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA

Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.

Mikið úrval af svefnsófum

Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum
Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði
Lúxus húsgögn - Egilsstöðum